**ANNA BETA GÍSLADÓTTIR**

*Gróf upp bláan kjól úr fórum móður sinnar*

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**ÍSLENSKUR IÐNAÐUR**

*Stærsti iðnmennta-skóli landsins*

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. nóvember 2007 — 325. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Lyfjakaup á netinu eru rússnesk rúlletta

**Landlæknir og forstjóri Lyfjastofnunar hafa miklar áhyggjur af lyfjakaupum á netinu. Hættan á að lyfin séu fölsuð er veruleg og geta því verið stórhættuleg.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það má segja að lyfjakaup í gegnum netið séu rússnesk rúlletta“, segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. Dreifing falsaðra lyfja er sívaxandi vandamál um allan heim. Fólk kaupir slík lyf í góðri trú en getur verið í mikilli hættu með neyslu þeirra.

„Líkurnar á því að lyf sem keypt eru á netinu séu fölsuð eru í mörgum tilfellum talsvert miklar. Það er verið að selja lyf undir ákveðnu nafni með tiltekna verkun en innihaldið er einfaldlega ekki það sem það er sagt vera“, segir Sigurður.

Fölsun á lyfjum er vaxandi iðnaður víða um heim og dreifing þeirra er eitt aðal áhyggjuefni heilbrigðisyfirvalda í Þýskalandi og Bretlandi. Fölsuð lyf hafa smeygt sér inn í löglega dreifingarkerfið á Evrópska efnahagssvæðinu; kerfi sem íslensk lyfjafyrirtæki geta skipt við.

„Fölsuð lyf geta verið lyfleysa, en líka eitthvað annað með mjög alvarlegum aukaverkunum“, segir Sigurður. Hann segir að í gegnum netið sé opinn gluggi inn í landið fyrir dreifingu lyfja sem allt í senn geta haft enga virkni eða innihalda efni sem eru stórhættuleg þeim sem þeirra neyta.

> Fölsuð lyf geta verið lyfleysa, en líka eitthvað annað með mjög alvarlegum aukaverkunum.
>
> **SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**
> LANDLÆKNIR

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, tekur undir áhyggjur landlæknis um kaup falsaðra lyfja á netinu. „Það eru staðfest dæmi um að fölsuð lyf eru seld hjá netverslunum.“

Rannveig segir að fyrirkomulag lyfjaverslunar sé gott á Íslandi en nauðsynlegt sé að fyrirtæki og heilbrigðisyfirvöld haldi vöku sinni gagnvart fölsuðum lyfjum.

**- shá / sjá síðu 4**



**KUNNA ÁGÆTLEGA VIÐ SIG** Hjónin Sævar Arnfjörð og Ólína Ragnheiður Gunnarsdóttir hafa búið í tjaldi í Laugardal í einn og hálfan mánuð. Þau vilja frekar vera saman í tjaldinu en hvort á sinni stofnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hjón kjósa frekar tjaldlíf að vetri til en að þiggja aðstoð frá borginni:

# Búa í tjaldi með hömstrum

**SAMFÉLAGSMÁL** Þótt Ísland tróni efst á lista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna yfir þau lönd þar sem best er að búa er ekki þar með sagt að allir búi vel hér á landi. Sævar Arnfjörð og kona hans, Ólína Ragnheiður Gunnarsdóttir, hafa búið í tjaldi í Laugardal í einn og hálfan mánuð. Þau búa þó ekki ein því þau hafa ellefu hamstra hjá sér.

„Það fer alveg ágætlega um okkur hérna og hamstrana líka,“ segir Sævar. „Það er reyndar svolítið kalt núna en við reynum að hita þetta upp með sprittkertum og svo erum við með þennan fína prímus.“

Hann segir að þau hjónin kjósi frekar að búa í tjaldi en að nýta þá aðstöðu sem þeim bjóðist hjá borginni. „Við viljum frekar vera saman hér í tjaldinu en að ég búi í Skýlinu og hún í Konukoti. Það kólnar nefnilega ekkert í ástarglóðunum þótt það verði svolítið napurt hérna,“ segir hann og brosir. „Við höfum líka ofan af fyrir okkur með ýmsu móti; tökum í spil og svo erum við með tvo gítara í tjaldinu sem við glömrum stundum á og tökum lagið.“

Síðast leigðu hjónin íbúð á Dalvík en urðu að hverfa úr henni með skömmum fyrirvara þar sem hún fór á uppboð.

Sævar hefur áður búið tvo vetur í tjaldi í Öskjuhlíðinni og Ólína Ragnheiður einn. „Einn daginn var tjaldið okkar bara tekið niður í Öskjuhlíðinni af borgarstarfsmanni,“ rifjar Ólína upp. „Þá gaukaði lögreglan því að okkur að Laugardalurinn væri eini staðurinn þar sem löglegt er að tjalda þannig að við færðum okkur bara. Hér er stutt í sund og við förum á klósett í Glæsibæ.“

En fleira stendur til hjá þeim til að bæta sinn hag. „Ég viðurkenni að við erum drykkjufólk,“ segir Sævar og sýnir blaðamanni lítinn brúsa með sótthreinsunarspritti. „Við reynum að drekka ekki meira en þrjá á dag en svo vorum við einmitt að tala um það að reyna að hætta þessari drykkju.“

**- jse / sjá síðu 18**


**FIMMTUDAGUR**



**Sölusýning í Njarðvík**
Listamenn styrkja kaup á gervilimum til Afríku í fyrsta sinn.
TÍMAMÓT 38

**Töffari inn við beinið**
Gísli Einarsson sjónvarpsmaður er með húðflúr og vill fá sér fleiri.
FÓLK 66



**Nóg komið**
Atvinnulífið þolir ekki lengur skerta samkeppnisstöðu af völdum verðbólgu, hárra vaxta og óhóflegra gengissveiflna, skrifar formaður Samtaka atvinnulífsins.
UMRÆÐAN 34



**Liverpool lifir í voninni**
Liverpool á enn möguleika í Meistaradeildinni eftir 4-1 sigur á Porto.
ÍÞRÓTTIR 58


**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMUR Í KVÖLD** - Í dag verður vaxandi austanátt, 18-23 m/s í kvöld og nótt en heldur hægari norðaustan og austan til. Stöku skúrir eða él í dag. Rigning eða slydda sunnan og vestan til í kvöld annars stöku él. Hiti 0-6 stig.

VEÐUR








**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Mun treysta á almenna skynsemi landsliðsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/MARTIN SYLVEST

Nýr landsliðsþjálfari:

# Ekki áhyggjur af agaleysi

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að sögur um meint agaleysi íslenska landsliðsins valdi sér ekki hugarangri.

„Ég hef ekki áhyggjur af því að agaleysi verði vandamál. Ég treysti mínum leikmönnum og þeir verða að treysta mér. Annars náum við ekki árangri. Ég hef ekki hugsað mér að vera einhver fóstra fyrir leikmennina en þó er ljóst að hart verður tekið á agamálum komi þau upp,“ segir Ólafur.

**- hbg / sjá síðu 62**

Jón Ólafsson og íslenskt vatn:

# Stefnir á að slá út Icelandair

**VIÐSKIPTI Athafnamaðurinn Jón Ólafsson stefnir á að gera íslenska vatnið Icelandic Glacial að stærsta vörumerki Íslendinga. Í ítarlegu viðtali við Financial Times segir hann að stefnan sé að slá út Icelandair. Íslenska vatnið eigi að sigra heiminn.**

**Jón gagnrýnir einnig markaðssetningu Íslendinga á eigin landi. Þannig hafi Egils til að mynda reynt að nota nekt og kynþokka í ímyndarauglýsingu fyrir vatnið sitt en Jón segir það einfaldlega hafa verið mistök. „Það er ekkert kynferðislegt við vatn heldur snýst það eingöngu um heilsu,“ segir hann.**

**- fgg / sjá síðu 66**




## SPURNING DAGSINS



*Fauk í MR-ingana?*

„Nei þetta var afskaplega skemmtilegt fólk og öll þreyta var fokin út í veður og vind daginn eftir.“

Fimmtíu manna hópur gamalla skólafélaga úr MR lenti í hrakningum á sunnudaginn vegna óveðurs í Borgarnesi. Unnur Halldórsdóttir, eigandi Hótels Hamars, leyfði fólkinu að gista endurgjaldslaust hjá sér.

Níu lífeyrissjóðir ætla að skerða greiðslur til öryrkja um mánaðamótin:

# Hafna tilboði félagsmálaráðherra

**LÍFEYRISMÁL** „Þetta gengur ekki upp. Mér sýnist að þessar 100 milljónir séu um þriðjungur af því sem við þyrftum til að fresta skerðingunni,“ segir Vilhjálmur Egilsson, stjórnarformaður lífeyrissjóðsins Gildis.

Félagsmálaráðherra hefur í samráði við fjármálaráðuneytið boðið lífeyrissjóðunum 100 milljónir króna, gegn því að sjóðirnir fresti skerðingu lífeyris hundruða öryrkja um eitt ár. Afsvar lífeyrissjóðanna var boðsent til félagsmálaráðuneytisins í gær. Hrannar B. Arnarson, aðstoðarmaður ráðherra, staðfestir að afsvarið hafi borist.

Níu lífeyrissjóðir, þar sem Gildi er stærstur, hyggjast skerða greiðslur til öryrkja úr sjóðunum um mánaðamótin. Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóðanna, bendir á að greiðslur til um 200 manns hækki. „Það eru bæði plúsar og mínusar í þessu.“



VILHJÁLMUR EGILSSON

Greiðslur til um 1.600 einstaklinga verða skertar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst nemur tekjutap sumra vegna þessa á milli 40 og 70 þúsund krónum á mánuði.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir þetta ósvífið af lífeyrissjóðunum. „Miðað við nýjustu tölur um hagnað þá yrði Gildi tvo til þrjá daga að vinna þetta upp,“ segir Sigursteinn. „Þessar upphæðir koma lítið við lífeyrissjóðina, en þetta skipti fólkið sem verður fyrir skerðingunni öllu máli.“

„Ef við samþykkjum tilboð félagsmálaráðherra, þá erum við að skaða sjóðinn og við höfum ekki heimildir til þess,“ segir Vilhjálmur. - ikh

Nálægir reyndu að hjálpa:

## Kona lést eftir árás villihunda

**BELGÍA, AP** Bresk kona, Ann Gordon, lést eftir að átta villihundar réðust á hana þegar hún var úti að ganga með hund sinn skammt fyrir utan þorpið Nedyalsko í Búlgaríu á þriðjudag. Dánarorsök var fjölmörg hundsbit og er talið að Gordon, sem var 56 ára gömul, hafi látist á staðnum.

Börn sem heyrðu Gordon kalla á hjálp reyndu að koma henni til hjálpar en hundarnir réðust þá einnig á þau. Þau sakaði þó ekki.

Villihundar eru algengt vandamál í Búlgaríu og er talið að 35.000 villihundar gangi lausir í höfuðborg landsins, Sofiu. - sdg

# Verkefni verði færð frá Landspítalanum

**Styrkja á heilbrigðisstofnanir í nágrenni Reykjavíkur og færa til þeirra verkefni til að létta á Landspítalanum. Fjárheimildir gætu aukist um hundruð milljóna króna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða verkefni muni færast.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnanir í nágrenni Reykjavíkur verða styrktar með auknum fjárframlögum upp á tugi eða hundruð milljóna króna á fjárlögum ársins 2008. Stefnt er að því að flytja verkefni frá Landspítala til að létta álagi.

Þetta mun koma fram í breytingartillögum á fjárlagafrumvarpinu, sem mælt verður fyrir við aðra umræðu um frumvarpið á Alþingi í dag. Um er að ræða stofnanir í svokölluðum Kraga, til dæmis Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sjúkrahúsið á Akranesi og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, staðfestir að rætt sé um að styrkja rekstrargrunn stofnana í nágrenni Reykjavíkur í samræmi við hugmyndir um færslu verkefna.

Upplýst verður í dag hversu háar upphæðir er um að ræða, en Gunnar segir um verulegar upphæðir að ræða, tugi eða hundruð milljóna króna aukningu á fjárframlögum til rekstrar sjúkrastofnananna miðað við þær upphæðir sem kynntar voru í upphaflegu fjárlagafrumvarpi.

„Til þess að umræddar stofnanir geti tekið við verkefnum þurfa þær auknar fjárveitingar,“ segir Gunnar.

Heilbrigðisráðuneytið sendi heilbrigðisstofnunum í nágrenni borgarinnar bréf seint í október þar sem spurt er hvort stofnanirnar geti sinnt auknum verkefnum.

Magnús Skúlason, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, segir að hann hafi tekið því jákvætt í erindi ráðuneytisins, verið sé að byggja við stofnunina en mögulega þurfi að ráða starfsfólk til að sinna auknum verkefnum.

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segist hafa heyrt af áformum um að styrkja fjárhag sjúkrahúsanna í Kraganum til þess að þau geti tekið við verkefnum. Ekki sé þó farið að ræða hvaða verkefni væri best að flytja.

„Auðvitað liggur nærri hendi að tala um sjúklinga úr heimahéraði, að það verði gert allt sem hægt er heima fyrir,“ segir Magnús Pétursson. Við það megi svo bæta öðrum verkefnum sem þessar stofnanir treysti sér til að taka að sér.

Sjúkrahúsin í nágrenni Reykjavíkur hafa undanfarið tekið að sér ýmis verkefni. Þannig hefur Sjúkrahúsið á Akranesi til að mynda gert fjölda liðskiptaaðgerða undanfarið til að stytta biðlista á Landspítalanum.

brjann@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN** Til að hægt sé að létta álagi af Landspítalanum þarf að auka fjárframlög til annarra heilbrigðisstofnana um tugi eða hundruð milljóna króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Til þess að umræddar stofnanir geti tekið við verkefnum þurfa þær auknar fjárveitingar.
>
> GUNNAR SVAVARSSON
> FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR

Halldór Ásgrímsson:

## Hefur ekki lesið bók Guðna

**BÓKMENNTIR** „Ég hef ekki lesið bókina og sé ekki að ég muni hafa tíma til þess á næstunni,“ segir Halldór Ásgrímsson, um ævisögu Guðna Ágústssonar, Guðni af lífi og sál, sem nýlega kom út.

Halldór segist þó hafa heyrt ýmislegt um bókina. Spurður hvort hann telji frásögn Guðna koma heim og saman við minningar sínar segist hann ekki vilja tjá sig um það fyrr en eftir lestur. Spurður um hvort rétt hafi verið að Guðna hafi lítið verið gefið um fjölmiðlafrumvarpið sem lagt var fram árið 2003 svaraði Halldór: „ekki minnist ég nú þess,“ en vildi ekki tjá sig frekar um málið að sinni. - kdk



**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Lögreglumenn í óeirðabúningi stóðu vaktina í gærkvöld í úthverfum Parísar. NORDICPHOTOS/AFP

## Refsa fyrir árásir á lögreglu

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hét því í gær að refsa óeirðaseggjum sem skutu á lögreglu í óeirðunum í úthverfum Parísar eftir að hann heimsótti á sjúkrahús einn lögreglumannanna sem særðust. Lögregluyfirvöld segja tíu lögreglumenn hafa særst eftir að skotið var á þá úr haglabyssum á mánudagskvöld, en verkalýðsfélög lögreglumanna segja 30 hafa særst.

Mikill viðbúnaður lögreglu var í gærkvöldi til að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi. Átökin hófust á sunnudagskvöld eftir að tveir unglingspiltar létust í árekstri bifhjóls þeirra við lögreglubíl. - sdg



**HELLISHEIÐI** Bíllinn endaði utan vegar eftir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Banaslys á Suðurlandsvegi:

## Ók framan á vörubíl og lést

**SLYS Maður á áttræðisaldri lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi nálægt Litlu kaffistofunni eftir hádegi í gær. Fólksbíll sem maðurinn ók austur fór yfir á rangan vegarhelming og lenti framan á vinstra horni vörubíls sem var á leið vestur. Maðurinn er talinn hafa látist samstundis.**

**Ökumaður vörubílsins slasaðist óverulega, en báðir ökumenn voru einir í bílum sínum. Suðurlandsvegi var lokað fram til hálf sex, en á meðan var umferð beint um gamla Suðurlandsveginn austan við Sandskeið. Vegurinn var blautur þegar slysið átti sér stað en hálkulaus.**

**Þetta er fjórtánda banaslysið í umferðinni á þessu ári.** - sþs

Kosningar í Rússlandi:

## Valgerður lítur eftir Rússum

**UTANRÍKISMÁL** „Þetta er spennandi en í þessu felst auðvitað mikil ábyrgð,“ segir Valgerður Sverrisdóttir þingmaður en hún hélt til Rússlands í gærmorgun þar sem hún mun starfa við kosningaeftirlit næstu daga á vegum þingmannasambands Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Tugir þingmanna víðs vegar úr Evrópu skipta liði milli borga og héraða Rússlands. Valgerður verður við störf í borginni Rosdov. - kdk




Kosningabarátta fyrir forsetakjör formlega hafin í Rússlandi:

# Pútín getur valið arftaka sinn

**RÚSSLAND, AP** Kosningabaráttan fyrir forsetakjör í Rússlandi hófst formlega í gær, aðeins fjórum dögum fyrir þingkosningarnar sem verða á sunnudaginn.

Ekki er enn vitað hver verður frambjóðandi Sameinaðs Rússlands, flokks Vladimirs Pútín forseta. Hann getur sjálfur ekki verið í framboði vegna þess að stjórnarskráin heimilar ekki að forseti sitji lengur en tvö kjörtímabil í röð.

Vinsældir Pútíns eru þó það miklar að í raun getur hann valið arftaka sinn. Nokkuð öruggt þykir að frambjóðandi flokksins, hver svo sem hann verður, muni sigra þann 2. mars næstkomandi, rétt eins og öruggt þykir að Sameinað Rússland beri sigur úr býtum í þingkosningunum um helgina.

Margir aðrir hafa þó boðað forsetaframboð, þar á meðal Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, sem nú situr í fangelsi í Moskvu fyrir að hafa skipulagt mótmæli gegn Pútín um síðustu helgi.

Aðrir frambjóðendur verða meðal annars Gennadí Sjúganov, leiðtogi Kommúnistaflokksins, Mikhaíl Kasjanov, sem var fyrsti forsætisráðherra Pútíns en er nú í stjórnarandstöðu, Grígorí Javlinskí, leiðtogi frjálslynda flokksins Yabloko, og Vladimír Búkovskí, andófsmaður frá tímum Sovétríkjanna sem nú býr í London. - gb




**VILL KASPAROV LAUSAN** Boris Nemtsov, leiðtogi Bandalags hægriafla, krafðist þess að Garrí Kasparov yrði látinn laus. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# Opið til 21 í kvöld

## Kringlan er komin í jólaskap

Njóttu þess að undirbúa jólin í rólegheitum með því að byrja snemma. Fimmtudagskvöldin eru auk þess upplögð fyrir þá sem vilja versla í ró og næði. Þú færð allt fyrir jólin í Kringlunni.

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–21.00 | 10.00–19.00 | 10.00–18.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

Fiton/SÍA

## GENGIÐ 28.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,7 | 63,0 |
| Sterlingspund | 129,13 | 129,75 |
| Evra | 92,32 | 92,84 |
| Dönsk króna | 12,38 | 12,452 |
| Norsk króna | 11,375 | 11,441 |
| Sænsk króna | 9,871 | 9,929 |
| Japanskt jen | 0,5741 | 0,5775 |
| SDR | 99,66 | 100,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,1354

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tomas Malakauskas ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness:

# Neitar sök um brot á útlendingalögum

**DÓMSMÁL** Tomas Malakauskas neitar sök í ákærulið sem varðar brot á lögum um útlendinga en viðurkennir brot sitt þess efnis að hann hefði verið með fíkniefni. Hann var í gær ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Malakauskas er einn þriggja manna sem sættu fangelsi vegna líkfundarmálsins svokallaða í Neskaupstað. Honum er gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um útlendinga með því að hafa í byrjun september komið hingað til lands með óþekktu farþegaflugi og dvalið hér fram til þriðjudagskvöldsins 20. nóvember. Þá stöðvaði lögregla för ákærða í bifreið í Hafnarfirði. Með þessu braut Malakauskas gegn ákvörðun Útlendingastofnunar frá 19. september 2006, sem staðfest var með úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytis 16. apríl 2007, um brottvísun hans úr landi og endurkomubann til landsins næstu tíu ár.

Þá er Malakauskas ákærður fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þar sem hann hafði í fórum sínum rúm 52 grömm af amfetamíni þegar lögreglan hafði afskipti af honum. Efnin fundust við leit á Malakauskas á lögreglustöðinni við Flatahraun í Hafnarfirði eftir handtöku hans. Hann neitaði sök varðandi brot á lögum um útlendinga fyrir dómi í gær og kvaðst ekki hafa vitað að hann væri í endurkomubanni.



**MALAKAUSKAS** Var einn þriggja líkfundarmanna og huldi ætíð andlit sitt í dómssal.

Boðflenna á hrygningarslóð:

# Selur skotinn ofan Álftavatns

**STANGVEIÐI** Selur sem synt hafði upp Ölfusá og þaðan upp Sogið var skotinn ofan Álftavatns á sunnudag. Að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur er óvenjulegt að selur sé á ferðinni á þessum slóðum svo síðla árs. Skytta sem kölluð var til vann á selnum.

„Hafa varð hraðar hendur að þessu sinni þar sem selurinn var kominn upp fyrir Álftavatn og á hrygningastöðvar fyrir landi Bíldsfells, nánar tiltekið á Bíldsfellsbreiðu þar sem helstu hrygningastöðvar Sogslaxins eru,“ segir á vef Stangaveiðifélagsins. - gar

Mansal á Íslandi:

# Vantar áætlun um aðgerðir

**MANSAL Mannréttindastofa bendir á að í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi frá árinu 2006 vanti aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal.**



**GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR**

**Undanfarið hafi komið fram vísbendingar um að mansal sé að skjóta rótum á Íslandi að því er kemur fram í áskorun Mannréttindastofu til ríkisstjórnarinnar.**

**Þá hafi vændi nýlega verið lögleitt og því sé enn brýnna en áður að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að þeir sem standi að mansali nái fótfestu hér á landi og tryggja að engar konur á Íslandi búi við kynlífsþrælkun, kúgun og ofbeldi.** - eb

# Óttast fölsuð lyf sem keypt eru á netinu

**Landlæknir og forstjóri Lyfjastofnunar óttast fölsuð lyf sem hægt er að kaupa á netinu. Fölsuð lyf flæða yfir Evrópu þar sem alvarleg tilfelli hafa komið upp. „Möguleiki á að fólk valdi sér skaða er vissulega fyrir hendi,“ segir landlæknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum áhyggjur af því að fólk sé að kaupa fölsuð lyf á netinu. Möguleikinn á því að fólk geti valdið sér skaða er vissulega fyrir hendi,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. „Þetta er nánast eins og rússnesk rúlletta að kaupa lyf á þennan hátt.“ Dreifing falsaðra lyfja er orðin eitt aðaláhyggjuefni heilbrigðisyfirvalda í Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi og Bretlandi.

Sigurður segir erfitt að leggja mat á hversu mikið af fölsuðum lyfjum eru í umferð á Íslandi. Hann segir að verslun með fölsuð lyf sé þekkt vandamál um allan heim. „Þetta tröllríður ýmsum svæðum jarðar og þetta er gríðarlega mikill og vaxandi iðnaður.“

„Fölsuð lyf geta verið lyfleysa, en líka eitthvað annað með mjög alvarlegum aukaverkunum,“ segir Sigurður. „Þeir sem falsa lyf geta til dæmis sett of mikið af virku efni í töfluna. Taka má dæmi um stinningarlyf sem getur verið banvænt ef sá sem neytir slíks lyfs er með kransæðasjúkdóm. Svo getur verið eitthvað allt annað í lyfinu með ófyrirséðum afleiðingum fyrir hvern þann sem kaupir lyf á þennan hátt.“ Sigurður telur vandann ekki einangraðan við einstaka lyfjaflokka og skiljanlegt að fólk falli fyrir gylliboðum óprúttinna einstaklinga í ljósi þess að lyfin séu mun ódýrari en fólk á að venjast.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, tekur undir áhyggjur landlæknis um kaup falsaðra lyfja á netinu. „Það eru staðfest dæmi um að fölsuð lyf eru seld hjá netverslunum og því höfum við varað við þessum viðskiptum.“ Rannveig segir hættuna jafnvel víðtækari. „Á Evrópska efnahagssvæðinu eru fölsuð lyf komin inn í löglega dreifingarkerfið. Komið hafa upp þrjú ný tilfelli í Bretlandi þar sem innkalla þurfti lyf sem komust inn í löglegu dreifingarkeðjuna, sem íslensk fyrirtæki gætu verið að skipta við einnig.“ Rannveig tekur fram að fyrirkomulag lyfjaverslunar sé gott á Íslandi en nauðsynlegt sé að fyrirtæki og heilbrigðisyfirvöld haldi vöku sinni fyrir vandanum.

Rannveig segir nærtæk dæmi um fölsuð lyf tengjast umræðunni um fuglaflensu. „Á sama tíma og skortur var á slíkum lyfjum voru þau auglýst í stórum stíl á netinu. Þau lyf voru fölsuð og það vissum við því netverslanir höfðu ekki aðgang að þessum lyfjum. Það sama má segja um lífsstílslyf.“

svavar@frettabladid.is



**ÚR APÓTEKINU** Töluverðar líkur eru á að lyf sem keypt eru á netinu séu fölsuð. Þetta getur átt við um alla lyfjaflokka og er sívaxandi vandi um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**
Landlæknir.
Telur fyrirkomulag lyfjaverslunar mjög öruggt hér á landi. Hætturnar fylgi lyfjaverslun á netinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**NJÁLSGATA 74** Heimili átta útigangsmanna.

Heimilið á Njálsgötu 74:

# Heimilið fær staðfestingu

**FÉLAGSMÁL Heimili fyrir heimilislausa karla á Njálsgötu hefur fengið samþykki byggingarfulltrúans í Reykjavík.**

**Það var Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem sótti um leyfi fyrir breyttri notkun hússins Njálsgötu 74 þannig að í stað gistiheimilis verði húsnæðið nýtt til heimilishalds fyrir karlmenn.**

**Njálsgötuheimilið var tekið í notkun fyrir stuttu. Þar geta búið átta karlar í senn. Starfsmaður er þar öllum stundum. Fjölmargir nágrannar mótmæltu rekstri heimilisins á þessum stað en um tilraunaverkefni er að ræða til eins árs.** - gar

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

# Undrast ítök Framsóknar

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðismenn í menntaráði Reykjavíkur segjast undrast skiptingu fulltrúa milli framboða meirihlutans í ráðum borgarinnar. Sögðu þeir á fundi ráðsins að mjög áhugavert væri að Framsóknarflokkurinn sem hafi aðeins 6 prósent atkvæða á bak við sig séu með fulltrúa í öllum nefndum en Frjálslyndi flokkurinn sem fengið hafi 10 prósent atkvæða þurfi að láta sér nægja áheyrnarfulltrúa. Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknar og F-lista sögðu ágætt samkomulag vera um skiptingu fulltrúa nýs meirihluta í nefndir og ráð. - gar

## DÓMSMÁL

### Líkamsárás á skemmtistað

Karlmaður var sakfelldur í Héraðsdómi Suðurlands í gær fyrir líkamsárás og gert að greiða tvö hundruð þúsund krónur í sekt og 140 þúsund krónur í skaðabætur til brotaþola. Maðurinn sló mann hnefahöggi í andlitið á skemmtistað á Selfossi með þeim afleiðingum að brotaþoli hlaut mikið glóðarauga og eymsli í andliti.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær um nýtt framhaldsskólafrumvarp kom fram að lágmarksfjöldi eininga til stúdentsprófs yrði 180, þar sem eitt ár sé 60 einingar. Þessi klausa var í þeirri útgáfu frumvarpsins sem blaðamaður notaði við vinnslu fréttarinnar, en hafði verið tekin út í lokaútgáfu þess. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um lágmarksfjölda eininga til stúdentsprófs.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STORMUR Í KVÖLD OG NÓTT**
Í dag fer vindur smám saman vaxandi af austri og suðaustri og um kl. 18 í dag verður kominn austan stormur víða á vesturhelmingi landsins. Í kvöld hvessir enn frekar og má búast við að hann slái í ofsaveður hér og hvar sunnan og vestanlands og á Vestfjörðum. Vindur verður lengst af hægari norðaustan og austan til.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Vaxandi austan átt 15-23 m/s í kvöld. Úrkomulítið í dag en rigning þegar líður á síðdegið eða kvöldið. Hiti 1-4 stig.

um hádegi »




» á morgun




Norðaustan hvassviðri eða stormur norðan og vestan til annars heldur hægari.

» laugardagur




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 11°C skúrir | Friedrichshafen | 10°C hálfskýjað |
| Billund | 8°C léttskýjað | París | 10°C skúrir | Lúxemborg | 5°C léttskýjað |
| Osló | 5°C skúrir | Amsterdam | 10°C skýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C rigning | Frankfurt | 4°C skýjað | Róm | 13°C skýjað |
| Gautaborg | 8°C skúrir | Berlín | 4°C skýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# FRÉTTIR RÚV ÁREIÐANLEGASTAR

## – það eru góðar fréttir!




## GULL, SILFUR OG BRONS

Sjónvarpið, Rás 1 og Rás 2 skipa sér í þrjú efstu sætin í nýrri könnun Capacent Gallup þar sem spurt var um trúverðugleika frétta í helstu fréttamiðlum landsins. Ruv.is er ekki langt undan eða í fjórða sæti.

Starfsfólk fréttastofanna þakkar traustið.

Framkvæmdalýsing og heimtur í gæðamati fjölmiðla í október 2007
Aðferð: Netkönnun
Mældir miðlar: Dagblöð, netmiðlar, sjónvarp, tímarit og útvarp
Könnunartími: 12. - 29. október 2007
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 16-75 ára
Fjöldi svara: 868

rúv SJÓNVARPIÐ RÁS 1 RÁS 2 RUV.IS

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að þingmenn eigi að hafa aðstoðarmenn?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,5 % |
| Nei | 74,5 % |

*Telur þú að það sé best að búa á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Landhelgisgæslan tók yfir stjórn flutningaskipsins Axels á leið til Akureyrar í gær:

# Áhöfnin þótti ekki nægilega samtaka

**SIGLINGAR** Liðsmenn Landhelgisgæslunnar tóku yfir stjórn flutningaskipsins Axels í gær vegna ótryggs ástands um borð. Að sögn Georgs Lárussonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, þótti áhöfnin ekki nægilega samtaka um stjórn skipsins þegar því var siglt frá Fáskrúðsfirði til Akureyrar. Skipið var einnig farið að leka.

Flutningaskipið steytti á skeri við Borgeyjarboða austan við Hornafjarðarós á mánudagsmorgun. Það var á leið til Póllands með fisk. Því var siglt til Fáskrúðsfjarðar til skoðunar síðar um daginn. Eftir skoðun var ákveðið að sigla því til Akureyrar til viðgerða.



**Á STRANDSTAÐ** Flutningaskipið Axel þar sem það steytti á skeri við Borgeyjarboða austan við Hornafjarðarós. MYND/HORNAFJÖRÐUR.IS

Fljótlega eftir að skipið lagði úr höfn kom í ljós að leki var um borð og dælubúnaðurinn hafði ekki undan. Þar að auki virtist sem ástandið um borð væri óöruggt. Því var ákveðið að Landhelgisgæslan tæki yfir stjórnina og sigldi skipinu til Akureyrar.

„Eftir samtöl við yfirmenn skipsins og útgerð þótti okkur ástandið á skipinu og almennt ástand um borð óöruggt, og yfirtókum stjórn skipsins í samkomulagi við skipstjóra," segir Georg. Aðspurður hvernig „almennt ástand um borð" sé skilgreint segir hann að menn hafi einfaldlega ekki verið nægilega samtaka um stjórn skipsins.

Axel var á leið til Akureyrar þegar Fréttablaðið fór í prentun, og átti að koma þangað um klukkan þrjú síðustu nótt. - sþs

Pirraður yfir símhringingu:

# Fangelsaði alla í réttarsalnum

**BANDARÍKIN Bandarískum dómara var vikið frá störfum eftir að hann lét fangelsa alla þá sem voru í réttarsal hans þegar enginn vildi gangast við því að eiga farsíma sem hafði hringt meðan á réttarhöldum stóð.**

**Nefnd sem tók fyrir mál dómarans, Robert Restaino, sagði hann hafa úrskurðað „án nokkurs lagalegs grundvallar" og hagað sér eins og „lítilmótlegur harðstjóri" að því er fréttavefur BBC greinir frá.**

**Dómarinn, sem sagðist hafa átt í erfiðleikum í einkalífinu á þessum tíma, hefur 30 daga til að áfrýja úrskurði nefndarinnar. - sdg**

**DÓMSMÁL**

### Sekt vegna kjaftshöggs

Karlmaður í Sandgerði hefur verið dæmdur í héraðsdómi í 200 þúsund króna sekt til ríkissjóðs vegna kjaftshöggs sem hann gaf manni. Honum var gert að greiða fórnarlambinu 140 þúsund í skaðabætur.

**REYKJAVÍK**

### Kennarar sækja í leikskóla

Grunnskólakennarar sækja nú í störf í leikskólum borgarinnar þar sem í boði eru hærri laun og ívilnanir í formi dagvistunar fyrir börn starfsmanna. Þetta segir áheyrnarfulltrúi skólastjóra í menntaráði Reykjavíkur.

# Banna alkóhólistum að reykja innandyra

**Felld hefur verið úr gildi heimild fyrir AA-félaga að reykja í félagsheimilinu í Vestmannaeyjum eftir að leyfið var kært. Samtökin segja erfitt fyrir marga að hætta samtímis að drekka og reykja. Bannið verður óvinsælt, segir oddviti AA.**

**ÚRSKURÐARMÁL** Meðlimir AA-samtakanna mega eftirleiðis ekki reykja innandyra á fundarstað sínum í Vestmannaeyjum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafði veitt leyfi fyrir reykingum í herbergi inn af eldhúsi í húsi sem Vestmannaeyjabær á en AA-menn hafa til umráða.

„Þetta verður ekki vinsælt hjá okkar fólki. Af einhverjum ástæðum er það svo að flestir hérna reykja og það er dálítið heilagt fyrir þeim að fá að gera það óáreittir. En auðvitað hafa þeir sem ekki reykja líka sinn rétt svo reykingafólkið verður víst einfaldlega að vera úti," segir oddviti AA-samtakanna í Vestmannaeyjum.

Einn félagsmanna í AA í Eyjum óskaði eftir því í desember 2006 að reykingar yrðu bannaðar í AA-húsinu. Heilbrigðiseftirlitið brást við með því að mælast til þess við AA-samtökin að banna reykingarnar. Skömmu síðar barst Heilbrigðiseftirlitinu bréf frá samtökunum þar sem fram kom að nú væri kvartað undan því að ekki mætti reykja í húsinu. Sú kvörtun var byggð á því að margir ættu erfitt með að hætta samhliða að drekka og reykja. Af þessari ástæðu heimilaði Heilbrigðiseftirlitið reykingarnar.

Þessa niðurstöðu sætti félagsmaðurinn sig ekki við og kærði



**AA-HÚSIÐ Í EYJUM** Reykingafólk meðal áfengissjúklinga í Vestmannaeyjum hefur átt lítið athvarf í einu herbergjanna í félagshúsinu en er nú útlægt þaðan. MYND/ÓSKAR

Heilbrigðiseftirlitið til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fyrir úrskurðarnefndinni kom fram það sjónarmið Heilbrigðiseftirlitsins að reykherbergið inn af eldhúsinu væri ekki hluti af þjónusturými hússins og að „þar þyrfti enginn að fara inn nema til að reykja," eins og segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar sem fellst ekki á rök Heilbrigðiseftirlitsins í málinu.

Segir úrskurðarnefndin að samkvæmt lögum um tóbaksvarnir séu reykingar ekki leyfðar í þjónusturými sem almenningur hefði aðgang að og það ætti við um húsnæði AA-samtakanna í Vestmannaeyjum:

„Úrskurðarnefnd telur að umrætt herbergi tilheyri þjónusturými húsnæðisins. Það er inn af eldhúsi og líklegt að tóbaksreykur eigi greiða leið um allt hús," segir í niðurstöðu nefndarinnar.

gar@frettabladid.is











Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið



**NÝJA VERSLUNIN** Ýmsar uppákomur voru í Hagkaupum á fyrsta starfsdegi í gær. Stærsta kjötborð og salatbar er að finna í versluninni.

Ný stórverslun opnuð í Holtagörðum:

# Þægindi fólks í fyrirrúmi

**VERSLUN** Ný stórverslun Hagkaupa í Holtagörðum var opnuð á hádegi í gær. Verslunin er 8.000 fermetrar að stærð eða litlu minni en Hagkaupsverslunin í Smáralind. Boðið verður upp á allt að 50 þúsund vörunúmer og versluninni skipt upp í nokkrar deildir, sem hannaðar hafa verið með þægindi viðskiptavina í huga.

Hagkaupsmenn segja að stærsta kjötborð og salatbar á Íslandi sé að finna í Holtagörðum og sérstaklega er hugað að þeim sem þurfa að slaka á. Hægt verður að setjast niður, glugga í blöðin, kíkja á boltann eða annað það sem er í sjónvarpi. Verslunin mun iða af lífi, mikið verður um kynningar og uppákomur.

Hugmyndafræðin á bak við verslunina er að hægt sé að fá allt á sama stað, í einni ferð. Þá skipti engu hvort verslað sé í matinn eða jólagjafirnar keyptar. - shá

Harður árekstur á Akranesi:

# Grunaður um hraðakstur

**LÖGREGLUMÁL** Harður árekstur varð á Faxabraut á Akranesi um ellefuleytið í fyrrakvöld þegar ökumaður missti stjórn á bíl í beygju með þeim afleiðingum að hann hafnaði á kyrrstæðum bíl af miklu afli.

Þrennt var í bílnum, tveir karlmenn og ein kona, og voru þau flutt á sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlynningar. Tvö þeirra voru svo flutt á slysadeild Landspítalans í Fossvogi með kvið- og höfuðáverka. Auk þess missti annar karlmaðurinn framan af fingri.

Bifreiðarnar eru taldar ónýtar eftir áreksturinn, en ökumaður er grunaður um hraðakstur. - æþe

**DÓMSMÁL**

### Með dóp á djamminu

Karlmaður var dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í fyrradag til að greiða sextíu þúsund krónur í sekt fyrir að hafa verið með um tvö og hálft gramm af amfetamíni í fórum sínum, þegar lögregla hafði afskipti af honum á skemmtistað á Akureyri í maí. Ákærði rauf skilorð með broti sínu, en hann á langan sakaferil að baki.

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



19.990kr
GOTT VERÐ

## Philips Ferða DVD spilari PET716

Fjölkerfa DVD spilari
• 7" LCD Breiðtjaldsskjár með 480x234 punkta upplausn • Hristivörn
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • Dolby Digital • AV út og heyrnartólstengi • Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma • Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir • Fjarstýring fylgir



69.990kr
Verð áður 79.990,-

## United 27" LCD LTV27W63

27" HD 16:9 LCD sjónvarp
• Upplausn 1280x720 punktar • Progressive Scan • HD Ready • 2x6w Nicam Stereo hljóðkerfi
• 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
• Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFW6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 79,5x43,8x11



49.990kr
GOTT VERÐ

## Dantax 19" LCD 19LCDDVDP3

19" 16:9 LCD skjár
• Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m² • Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms • Nicam Stereo hljóðkerfi • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Passar fyrir VESA100 festingar (fylgja ekki) • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



99.990kr
GOTT VERÐ

## Panasonic 32" LCD TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD sjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni - Einstök myndgæði • Progressive Scan
• Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m² • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereo hljóðkerfi
• 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 200 síðna minni • Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
• Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg



39.990kr
GOTT VERÐ

## Dantax 15" LCD 15LCDDVDP1

15" 16:9 LCD skjár
• Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m² • Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms • 12v og 220v
• Nicam Stereo hljóðkerfi • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Passar fyrir VESA100 festingar (fylgja ekki) • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



29.990kr
GOTT VERÐ



7.490kr
Verð áður 8.490,-

## Philips DVD spilari DVP3142

Fjölkerfa DVD DivX spilari - silfurlitaður
• Spilar öll kerfi • Progressive Scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital
• Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
• Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

## Panasonic heimabíókerfi SCPT150

Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
• 330w (5x55w) magnari • DVD spilari • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive Scan
• 5 hátalarar og bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með stöðvaminnum • Hljóðtengi (RCA) • USB tengi • SCART • Fjarstýring

Gildir til 2. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Wagyu-nautakjöt rýkur út eins og heitar lummur eftir umfjöllun Fréttablaðsins:

# Fimm hundruð kíló á leiðinni

**VIÐSKIPTI** „Síminn hefur ekki stoppað hjá mér eftir að fréttin birtist í Fréttablaðinu,“ segir Gunnar Guðsveinsson hjá Sælkeradreifingu. Fyrirtækið er aðalinnflytjandi á japanska nautakjötinu Wagyu, sem kemur af nautgripum sem aldir eru á bjór og úrvalsfæði og fara reglulega í nudd.

„Fólk hringdi til að forvitnast um á hvaða veitingahúsum það gæti fengið svona steik og í hvaða verslunum kjötið verður til sölu. Þá var verið að spyrja um hvernig ætti að elda kjötið og af hverju það væri svona dýrt,“ segir Gunnar, en kíló af kjötinu mun líklega kosta um sextán þúsund krónur út úr búð.



**WAGYU NAUT** Nautgripirnir eru fóðraðir á úrvalsfæði sem þeir skola niður með bjór undir klassískri tónlist.

Að sögn Gunnars höfðu þó nokkrar verslanir samband og vildu kaupa allt það kjöt sem væri í boði. „Mestur tíminn hjá mér í gær fór í að reyna að redda meira kjöti. Ég er búinn að fá pantanir í næstum þrjú hundruð kíló af kjötinu en ég á eftir að redda því öllu. Eins og er eru fimm hundruð kíló á leiðinni til landsins, en ég þyrfti að fá svona sex til sjö hundruð kíló. Birgjarnir mínir í Evrópu anna bara ekki eftirspurninni eins og er.“

Að sögn Gunnars verður kjötið til sölu í flestum betri matvörubúðum landsins um hátíðirnar, en framboðið verði takmarkað.

- æþe

# Jónas Freydal fann Hvítasunnumorgun

## Átti verkið þegar það var selt fyrir metfé á uppboði í Danmörku fyrr á þessu ári. Kaupandinn var Landsbankinn fyrir milligöngu Gallerí Foldar.

**MENNING** Málverkið Hvítasunnumorgunn verður höfuðverk í sýningu Listasafns Reykjavíkur sem opnuð verður á sunnudag á Kjarvalsstöðum. Verkið var selt óþekktum íslenskum kaupanda á uppboði hjá uppboðshúsi Bruun Rasmussens í Kaupmannahöfn í febrúar fyrir metupphæð, eða ríflega 25 milljónir króna með gjöldum. Milligönguaðili var Gallerí Fold og nú hefur verið upplýst að Landsbankinn var á bak við kaupin.

Tilvist Hvítasunnumorguns var ókunnug áður en það birtist í skrám danska uppboðshússins, en það hafði verið í eigu fjölskyldu sem Kjarval var í tengslum við á öðrum áratug síðustu aldar. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sá sem fann verkið og átti þegar það var selt á uppboðinu hafi verið Jónas Freydal listaverkasali.

### Viðskiptaleyndarmál

Aðspurður segist Jónas hvorki vilja neita þessu né játa. „Það er ekkert meira um það að segja en að þetta er viðskiptaleyndarmál. Menn á Íslandi verða að fara að skilja hvað í því orði felst,“ segir Jónas.

Eins og greint var frá í Menningu, fylgiriti Fréttablaðsins, hefur Jónas nýverið lagt fram möppu sem hann fann með áður óþekktum verkum eftir Þorvald Skúlason frá dvöl listamannsins í Frakklandi á fyrstu árum stríðsins.

Hefur þeim fundi verið mætt með þögn í öllum öðrum fjölmiðlum, en Jónas var á sínum tíma ákærður og sýknaður í svokölluðu stóra málverkafölsunarmáli.



**MYNDLIST** Jónas Freydal, listaverkasali og athafnamaður, segir það viðskiptaleyndarmál hvort hann hafi átt verkið.

Almælt er í hópi þeirra sem höndla með eldri málverk íslensk að Jónas standi á bak við fleiri verk sem komið hafa fram á síðustu misserum á uppboðum Bruun, en hann vill ekki tjá sig um þau mál. Þannig hefur verulegt magn smáverka eftir Svavar Guðnasson selst á uppboðum Bruun undanfarið en uppboðshúsið neitar að gefa upp eigendasögu í flestum tilvikum.



**UPPBOÐIÐ HJÁ BRUUN** Hvítasunnumorgunn eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval er einstakt í röð verka málarans.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

### Skattalegur trúnaður

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á verslunarlögum þar sem harðar er kveðið á um eigendasögu í kaupum og sölu á myndlistarverkum. Er sú krafa lögð á uppboðsaðila að eigendasaga liggi fyrir áður en verk er selt. Uppboðshús víða um heim líta á sölu listaverka sem trúnaðarmál seljanda og þess sem höndlar með verkið. Er sá trúnaður einkum sprottinn af skattalegu tilliti. Flest uppboðshús hafa á sínum vegum sérfræðinga sem meta hvort verkið er ófalsað áður en til uppboðs kemur. Hér á landi reyndist þekking á þeim verkum sem talin voru fölsuð bundin við sérfræðinga safna sem voru hagsmunaaðilar að málinu.

Með Hvítasunnumorgni verða sýnd önnur verk úr eigu Landsbankans. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson.

pbb@frettabladid.is










**Myntsöfnun Rauða krossins lýkur senn og því síðustu forvöð fyrir landsmenn að skila umslögum með afgangsmyntinni sinni inn á næsta pósthús eða Sparisjóð.**
Umslög voru send inn á öll heimili og í þau má setja afgangsmynt, bæði íslenska og útlenska, sem rennur til söfnunarinnar.
**Með því að taka þátt styrkir þú innanlandsstarf Rauða krossins og stuðlar að mannúð og betra samfélagi.**

**Smápeningarnir þínir geta komið að góðum notum!**

Rauði krossinn bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir margvíslega aðstoð sem gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum.

SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI Iceland Express PÓSTURINN eru styrktaraðilar myntsöfnunarátaksins

Rauði kross Íslands
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA FI023576



**GERT VIÐ TENNUR VÉLMENNIS** Yuko Uchida, tannlæknir í Tókýó, sýnir þarna nýtt vélmenni sem hefur verið sérhannað fyrir tannlækna og tannlæknanema til að æfa sig á. Vélmennið í tannlæknastólnum er búið næmum skynjurum og hrópar „æ!" ef rangt er farið að við tannviðgerðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrirspurn vegna fyrirkomulags innheimtu vangoldinna fasteignagjalda:

# Fjármálaskrifstofa svarar ekki

**REYKJAVÍK** Fjármálaskrifstofa Reykjavíkur svarar ekki níu spurningum Fréttablaðsins um nýtt fyrirkomulag við innheimtu vangoldinna fasteignagjalda. Þess í stað sendir Helgi Þór Jónasson innheimtustjóri almennt orðaða yfirlýsingu.

Skrifstofan var meðal annars spurð hvort það væri talið í samræmi við stefnu borgarinnar að fela slík verkefni einu fyrirtæki, án útboðs og verðkönnunar.

Einnig var spurt hvort jafnræðisreglu hefði verið gætt og hvort ferlið í heild stæðist lög. Um þetta segir skrifstofan einungis að borgarlögmaður, sem situr borgarráðsfundi, hafi ekki gert athugasemdir við fyrirkomulagið.

Eins og fram hefur komið felur nýtt kerfi í sér að kostnaður skuldara getur hækkað um 43 prósent, utan dráttarvaxta. Þegar fyrirkomulaginu var komið á var samið beint við Momentum og Gjaldheimtuna ehf.

Þáverandi fjármálastjóri viðurkenndi í Fréttablaðinu að „auðvitað finnst mönnum eðlilegt að fara með þetta í ákveðinn farveg". Hann hafði samt þennan háttinn á; þannig hefði borgin lengi útdeilt verkefnum.

Fjármálaskrifstofa svarar ekki hvort svipað verklag tíðkist enn hjá Reykjavíkurborg. - kóþ



**RÁÐHÚSIÐ** Starfsmenn fjármálaskrifstofu kjósa að svara ekki hvort enn tíðkist að semja beint við fyrirtæki, án útboðs og verðkönnunar. MYND/ÚR SAFNI

Sunnlendingar álykta:

# Vilja völl fyrir lággjaldaflug

**SAMGÖNGUR Sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi vilja fá millilandaflugvöll í landshlutann. Kom þetta fram á ársþingi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga þar sem hvatt var til þess að hafinn yrði undirbúningur að alþjóðaflugvelli.**

**„Slíkur flugvöllur mun þjóna hlutverki varaflugvallar fyrir alþjóðlega flugvöllinn á Reykjanesi um leið og þar væri rekinn lággjaldaflugvöllur að erlendri fyrirmynd. Aðstæður á Suðurlandi eru kjörnar í ljósi nálægðar við öflugustu ferðaþjónustu á landinu," segir í ályktun ársþingsins.** - gar

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði:

# Ánægður með jákvæða útgáfu

**HAFNARFJÖRÐUR** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, kveðst ánægður með auglýsingabækling Triads um Hafnarfjörð. „Bæjarstjóri er ánægður með alla þá útgáfu sem vekur athygli góðu mannlífi, þjónustu og starfsemi," segir í svari Lúðvíks við fyrirspurn frá Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sem gerði athugasemdir við útgáfu bæklingsins. „Kostnaður bæjarins, 250 þúsund krónur, nær ekki heilsíðuauglýsingu í landsmálablöðum," segir í svari til Rósu. - gar



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

Rjúpnaveiðitímabilinu lýkur á föstudaginn, en talið er að fjörutíu til fimmtíu þúsund rjúpur hafi verið veiddar:

# Stefnir í lélegustu veiðar frá upphafi mælinga

**VEIÐAR** Allt stefnir í að rjúpnaveiðitímabilið í ár verði það lélegasta frá því að mælingar hófust, en talið er að fjöldi veiddra rjúpna þetta veiðitímabil verði á bilinu fjörutíu til fimmtíu þúsund.

Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar hefur skráð veiðarnar frá því árið 1995, en þá voru veiddar um 123.000 rjúpur. Flestar voru rjúpurnar árið 1997 eða um 166 þúsund, en þeim hefur farið fækkandi árlega síðan þá.

Veiði á rjúpum var bönnuð árin 2003 og 2004 vegna bágborinnar stöðu rjúpnastofnsins. Rjúpnaveiði var svo heimiluð á ný árið 2005, en þá var veiðidögum fækkað frá því sem áður var og þeim tilmælum beint til veiðimanna að stilla veiðunum í hóf auk þess sem sölubann var sett á rjúpur. Það ár veiddust um áttatíu þúsund fuglar.

Rjúpnaveiðitímabilið í fyrra var það lélegasta frá því að mælingar hófust árið 1995, en þá voru um fimmtíu þúsund rjúpur veiddar, en í ár hafa líklega aldrei færri rjúpur veiðst hér á landi á einu veiðitímabili, en það stendur frá 1. til 30. nóvember. „Miðað við upplýsingar úr rafrænni veiðidagbók sem við höldum úti á heimasíðunni okkar og upplýsingar um stærð veiðistofnsins frá því í haust, stefnir í að veiðin í ár verði á bilinu fjörutíu til fimmtíu þúsund fuglar," segir Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar, en stofnunin hefur umsjá með veiðunum.



**RJÚPUR** Forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar segir rjúpnastofninn í niðursveiflu og svo verði áfram næstu árin, en er bjartsýnn á að hann nái að rétta úr kútnum og þá muni veiðar líklegast aukast í kjölfarið.

Áki Ármann rekur fækkunina til niðursveiflu stofnsins, færri veiðidaga og sölubanns á rjúpum auk þess sem veiðimenn hafi farið að tilmælum veiðistjórnunarsviðs um að stilla veiðunum í hóf.

Rjúpnastofninn er í niðursveiflu um þessar mundir eins og áður segir og Áki Ármann á ekki von á að breyting verði á því á allra næstu árum. „Veiðin er orðin það lítill hluti af heildar afföllum stofnsins að hún er farin að hafa mjög lítil áhrif á náttúrulegar sveiflur hans svo hann ætti að halda sér. Ég tel því að rjúpnastofninn muni ná sér á skrið aftur en þó ekki að neinu marki fyrr en í fyrsta lagi árið 2010 og þá muni veiðar líklegast aukast í framhaldinu."

Náttúrufræðistofnun er um þessar mundir að safna vængjum af veiddum rjúpum til að meta stöðu stofnsins og vill Áki Ármann beina því til veiðimanna að þeir skili hægri væng af bráð sinni inn til stofnunarinnar. - æþe

capacent

VERKEFNASTJÓRNUN MEÐ MORTEN FANGEL

AUKIN HÆFNI Í VERKEFNASTJÓRNUN

Um er að ræða ítarlegt námskeið í nútímalegri verkefnastjórnun sem ætlað er verkefnastjórum og þeim sem vilja efla sig á sviði verkefnastjórnunar.

NÁMSKEIÐIÐ ER FJÓRÞÆTT
- Undirbúningstími í desember 2007.
  Þátttakendur fá undirbúningsnámsefni og byrja að greina verkefni námskeiðsins.
- Ítarlegt námskeið 8.-10. janúar.
  Unnið verður með raunveruleg dæmi frá þátttakendum og þau notuð til að gera námsefnið hagnýtara.
- Hálfs árs æfingatími.
  Þátttakendur hittast í hópum, bera saman bækur sínar og nýta sér þá færni sem þeir lærðu.
- Matsfundur á árinu 2008. Efni námskeiðsins rifjað upp og farið yfir hvernig nemendum hefur tekist að nýta aðferðafræðina í eigin verkefnum.

LEIÐBEINENDUR
Morten Fangel, framkvæmdastjóri og yfirráðgjafi Fangel Consultants í Danmörku.
Fulltrúar atvinnumanna í verkefnastjórnun á Íslandi.

STAÐSETNING TÍMI OG VERÐ
Námskeiðið verður haldið á Hilton Nordica dagana 8.-10. janúar 2008 frá kl. 8:30–18:00.
Verðið er 150.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is
eða í síma 540 1000. Skráningarfrestur er til 17. desember 2007. Takmarkaður sætafjöldi.

www.capacent.is



**„Nálgun Morten Fangels er skilvirk og eykur líkur á að framgangur verkefnis sé í samræmi við markmið og áætlanir."**

Ása Karín Hólm Bjarnadóttir, partner hjá Capacent ráðgjöf.

Orkuveita Reykjavíkur:

# Vatnsvirkjun við Langjökul

**ORKUMÁL** Hugmyndir er nú uppi um virkjun frárennslis Hagavatns undir Langjökli.

Iðnaðarráðuneytið hefur veitt Orkuveitu Reykjavíkur rannsóknarleyfi varðandi virkjun Hagavatns. Orkuveitan mun stefna að því að halda fljótlega fund með hagsmunaaðilum um verkefnið.

Byggðaráð Bláskógabyggðar segist fagna hugmyndum um virkjun Hagavatns. Þær samræmast fyrri samþykktum Bláskógabyggðar um að hækka vatnsborðs vatnsins til að koma í veg fyrir uppblástur og sandfok á svæðinu.

Við Hagavatn hefur Ferðafélag Íslands haft skála síðan 1942. - gar

## ÚTLÖND

Rússland:

### Rússar ósáttir



Júrí Balújevskí, yfirmaður rússneska heraflans, sagði í gær að nýframkomnar tillögur Bandaríkjanna um samvinnu við Rússa um eldflaugavarnir séu að engu hafandi. Bandaríkjamenn vilji bara þagga niður í gagnrýni Rússa til að geta haldið áfram að hrinda áformum sínum í framkvæmd.

Frakkland:

### Raðmorðingi handtekinn

Í gær var 68 ára gamall maður handtekinn í norðausturhluta Frakklands, grunaður um að hafa myrt samtals 18 manns á árabilinu frá 1980 til 2002. Lögreglan telur enn fremur að 43 ára maður, sem nú afplánar 20 ára dóm fyrir morð, hafi tekið þátt í morðunum.

Súdan:

### Kennslukona ákærð



Gillian Gibbons, 43 ára bresk kennslukona, var í gær ákærð í Súdan fyrir að hvetja til trúarhaturs. Hún hafði leyft sjö ára gömlum nemendum sínum að gefa bangsa nafnið Múhameð. Hún á yfir höfði sér refsingu sem hljóðar upp á 40 vandarhögg og hálfs árs fangelsi.

Bandaríkin:

### Mótmæla skeggbanni



Fjórir bandarískir lögreglumenn í Houston hafa kært yfirmenn sína fyrir að banna skeggvöxt lögregluþjóna. Lögreglumennirnir fjórir segja bannið ranglátt gagnvart þeim sem hafa svo viðkvæma húð að rakstur veldur þeim óþægindum.









**HLUSTAÐ Á FRAMBOÐSRÆÐU** Forsetakosningar verða í Suður-Kóreu í næsta mánuði. Stuðningsfólk frambjóðanda Íhaldsflokksins, Lee Myung-bak, hlustar á sinn mann flytja ræðu á kosningafundi í Chunan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pervez Musharraf sagði af sér sem æðsti yfirmaður herafla Pakistans:

# Verður borgaralegur forseti

**PAKISTAN, AP** Pervez Musharraf virtist eiga erfitt með að hemja tilfinningar sínar þegar hann sagði af sér sem yfirmaður pakistanska hersins í gær, við hátíðlega athöfn í borginni Rawalpindi.

Á morgun ætlar hann að sverja embættiseið fyrir þriðja kjörtímabil sitt sem forseti landsins, en að þessu sinni einungis sem borgaralegur forseti.

Benazir Bhutto, leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins, fagnaði því að Musharraf hefði loks sagt af sér, en sagði flokk sinn þó enn ekki geta fallist á að Musharraf yrði forseti áfram.

Bhutto, sem er fyrrverandi forsætisráðherra, sem og Nawaz Sharif, sem einnig er fyrrverandi forsætisráðherra, eru bæði nýkomin heim til Pakistans úr útlegð og komin í framboð til þingkosninga í janúar. Bæði hafa þau þó hafnað því að taka við stöðu forsætisráðherra verði Musharraf áfram forseti.

„Ég er stoltur af þessum her og tel það gæfu að hafa stjórnað besta herafla heims,“ sagði Musharraf í ávarpi sínu í gær. „Þið eruð bjargvættir Pakistans.“

Hann þurfti reyndar alloft að sjúga lítillega upp í nefið meðan hann flutti ávarpið og aðeins vottaði fyrir tárum. Þegar hann hafði lokið máli sínu og stillt sér upp við hlið eftirmanns síns, Ashfaq Kayani, snýtti hann sér svo lítið bar á. - gb



**MUSHARRAF OG KAYANI** Pervez Musharraf sagði af sér sem yfirmaður herafla Pakistans í gær, en Ashfaq Kayani tók við af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan gegn sóðaskap:

# Flöskubrjótar látnir þrífa

**LÖGREGLUMÁL Lögregla á höfuðborgarsvæðinu hafði í fyrrinótt afskipti af þremur piltum sem höfðu brotið flöskur í Hlíðunum. Þegar leitað var eftir skýringum á athæfi þeirra varð fátt um svör. Á þeim mátti þó einna helst skilja að þetta hefði verið gert í gamni. Félögunum var gerð grein fyrir að svona sóðaskapur væri ólíðandi og voru þeir látnir fjarlægja öll glerbrotin eftir sig.**

**Um hádegisbil í gær var unglingspiltur staðinn að veggjakroti í strætisvagni í borginni. Lögregla tók af honum tvo úðabrúsa og tússpenna sem hann var með í fórum sínum.** - jss






## HAFNARFJÖRÐUR

### Tendra jólatré frá Cuxhaven

Ljós verða tendruð á jólatré frá vinabænum Cuxhaven við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði klukkan hálffjögur á laugardaginn. Tóti tannálfur og Hurðaskellir koma í heimsókn og boðið er upp á kakó á Kænunni.

## AKRANES

### Fá nýja innisundlaug

Íbúar Akraness fá nýja 8 sinnum 25 metra innisundlaug. Bæjarstjórn hefur þegar samþykkt gerð samnings um hönnun laugarinnar.

### Vilja hindra fleiri slys

„Nýlegt slys á Faxabraut sem talið er stafa af hraðakstri sýnir óyggjandi að nauðsynlegt er að sporna við slíkum akstri,“ segir bæjarstjórn Akraness sem vill aðgerðir til að koma í veg fyrir síendurtekinn hraðakstur og slys á götunni.



**NÆLA Í HVORT ANNAÐ** Eftir kynningu á nýjum barmmerkjum sem eiga að minna fólk á mikilvægi þess að aðstoða erlent starfsfólk við að ná tökum á málinu, aðstoðuðu fundarmenn hver annan við að næla merkinu í barminn. Á myndinni má sjá Ingimund Sigurpálsson, formann Samtaka atvinnulífsins, næla í Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minnt á að tala íslensku

**Um tíu prósent launafólks hér á landi hefur erlent ríkisfang. Íslenskukunnáttu fólks er oft ábótavant og hafa háværar umræður skapast um málið.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Hvernig á að fallbeygja kýr?“ er meðal þess boðskapar sem kemur fram á einu af þeim sjö barmmerkjum sem útbúin hafa verið til að virkja alla þá sem tala íslensku til að aðstoða erlent starfsfólk við að læra málið, minna á að það tekur tíma að læra nýtt tungumál og til þess að hvetja fólk til að sýna jákvæðni og þolinmæði í samskiptum.

Að gerð barmmerkjanna standa Alþjóðahús, Alþýðusamband Íslands, Efling, Samtök verslunar og þjónustu og VR. Þau voru kynnt í gær í Alþjóðahúsinu þar sem fjölmargir forkólfar atvinnulífsins voru saman komnir auk almenns starfsfólks af erlendum og íslenskum uppruna. Þá voru einnig kynntar hagnýtar leiðbeiningar sem fólk getur haft í huga þegar það aðstoðar aðra við að ná tökum á tungumálinu. Meðal þeirra ráða sem voru gefin var að tala íslensku við fólk nema beðið sé um annað, gefa sér tíma til að hlusta og eiga í samræðum á íslensku auk þess sem fólk var hvatt til að forðast svokallað barnamál.

Erlendu starfsfólki hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og sagði Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, á fundinum að nú væri um það bil 10 prósent launamanna á landinu með erlent ríkisfang. Minnti hann á mikilvægi framlags þeirra til íslensks þjóðarbús og að enn væri þörf á starfsmönnum erlendis frá. Greiða þyrfti leið þess fólks sem vill starfa hér á landi. Þá minnti hann á mikilvægi þess að samskipti milli manna gengju sem best fyrir sig.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, sagðist vonast til þess að þetta yrði til þess að allir þeir 300 þúsund íslenskukennarar sem hér búa legðu sitt af mörkum við að kenna öðrum málið, allir gætu lagt sitt af mörkum við íslenskunám erlends starfsfólks. karen@frettabladid.is

## BARMMERKIN

Ég er að læra íslensku
Íslenska er mínar ær og kýr
Tölum saman; kenndu mér að . . .
Er íslenska ekkert mál?
Ég tala fimm tungumál
Ég tala smá íslensku
Hvernig á að fallbeygja kýr?






Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07

# MERKISDAGAR

KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS ★ **200 BÍLAR**

MERKISDAGAR 29. NOV - 1. DES

Tilboð 430.000



















**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.




Tilboð 890.000










KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS ★ MERKILEGRI BÍLAR




Sumir notaðir bílar eru einfaldlega merkilegri en aðrir. Þrír næstu dagar eru Merkisdagar hjá Toyota - Betri notuðum bílum á Nýbýlavegi. Þá geturðu fengið veglegan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á yfir 200 betri notuðum bílum hjá okkur.

## Yfir 200 bílar í boði á frábærum kjörum. Komdu og gerðu merkilegustu bílakaup ársins.

**Opið:**
Fimmtudagur kl. 9:00 - 21:00
Föstudagur kl. 9:00 – 18:00
Laugardagur kl. 12:00 – 16:00

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

www.toyota.is

# VEGLEGUR AFSLÁTTUR Á BETRI NOTUÐUM BÍLUM Í ÞRJÁ DAGA




BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

FÓLK GÖTUNNAR I. HLUTI



**SIGRÚN OG EINAR** Þau hafa búið á götunni í langa hríð en leituðu nýlega á náðir Gistiskýlisins og Konukots. Áður gistu þau í húsinu sem við heimsóttum og í hitakompu við Laugaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HÚSTAKA** Inngangur hússins er gluggi á annarri hæð hússins. Stiginn er brotinn og lélegur og enginn hægðarleikur að klifra þarna upp.

# Reykvíkingar án heimilis

**Lykt af þvagi, sagga og saur liggur í loftinu í húsi í Reykjavík þar sem hústökufólk hefst við. *Eva Bjarnadóttir* og *Vilhelm Gunnarsson* kynntust aðstæðum Reykvíkinga sem eiga hvergi heima og hafast við í ónýtum húsum eða leita á náðir hjálparstofnana.**

Heimilislausir á Íslandi, eða fólk götunnar eins og þeir kalla sig, er ekki hávær þrýstihópur þótt þeir gangi stöðugt um stræti miðbæjarins og safnist gjarnan saman við Austurvöll. Það er ekki hægt að gera sér í hugarlund hvernig tilfinning það er að eiga hvergi heima. Kaldar tær, hrollur í beinum og tómur magi urðu þess valdandi að ólýsanleg þreyta sveif á mig þegar ég settist aftur við skrifborðið mitt eftir þrjár klukkustundir á götunni. Raunar sá ég eftir því að hafa ekki fengið mér sjúss með leiðsögumanni mínum.

Örlítið kvíðin en ákveðin í að láta ekki slá mig út af laginu hringdi ég bjöllunni á Gistiskýlinu í Þingholtsstræti. Hávaxinn maður í skíðagalla, eilítið ringlaður að sjá, skálmaði út, rauk upp á hjól og þeyttist í burtu. Á eftir honum steig út mun eldri maður, Ingólfur Sigurgeirsson, viðmælandi minn.

Grannvaxinn og lotinn í herðum, andlitið falið bak við stórgerð gleraugu stóð hann í gættinni og hélt á rjúkandi heitum kaffibolla í annarri og sígarettu í hinni. Hann glotti örlítið og spurði mig hvort ég hefði munað eftir kartoninu. Ég brosti og hrósaði honum heldur fyrir hattinn sem hann bar. Góðlátlega leiðrétti hann mig, þetta væri ekki hattur heldur deutsche mütze. Þar með var ísinn brotinn.

Saga Ingólfs er brotakennd. Hann sneri gjarnan út úr þegar ég spurði hann hvernig hann eyddi dögunum, hvað hann borðaði, hvar hann svæfi og af hverju hann hefði flutt úr þjónustuíbúðinni við Lönguhlíð í Gistiskýlið.

Ef marka má brotin sem ég púslaði saman í frásögn Ingólfs hefur hann eytt samtals þremur árum í Gistiskýlinu. Þangað fór hann eftir að eiginkona hans lést fyrir sex árum síðan. Þá eyddi hann tveimur árum í skýlinu, en fékk að lokum þjónustuíbúðina við Lönguhlíð og bjó þar um stund. Hann segist ekki hafa getað borgað leigu og þess vegna þurft að flytja aftur út. Það var fyrir einu ári.

Hann segist ekki vera mikill óreglumaður. Hann lætur sér duga að fá tvo sjússa á dag, eigi hann fyrir því, og hann kemur raunar ekki meiru niður því meirihluti magans hefur verið fjarlægður. Ef til vill var það lán í óláni því hann á ekki alltaf fyrir mat. Þegar við hittumst var vika í að mánuðinum lyki og hann fengi fátæklegan ellilífeyrinn.



**HEIMILISLAUS** Ingólfi var úthýst úr þjónustuíbúð sinni við Lönguhlíð.

### Hústökufólk

Húsið stendur í miðborg Reykjavíkur en þó örlítið afskekkt. Nokkrum dögum eftir fund minn með Ingólfi klöngraðist ég með erfiðismunum upp smáan stiga og hífði mig inn um glugga með hjálp ljósmyndarans. Við vissum ekki hvað biði okkar en höfðum verið fullvissuð um að ekkert fólk yrði inni í húsinu sem hústökufólk hafði yfirgefið nokkrum dögum áður.

Það fyrsta sem ég tók eftir voru skreyttir veggir með gíröffum og stórum graffítiverkum. Úðabrúsarnir mynduðu sjálfir lítið listaverk í einu horninu innan um vínflöskur.

Það var ískalt inni, enda ekkert gler í gluggunum sem við notuðum sem inngang. Sigrún Ólafsdóttir, sem áður hafðist við í húsinu, hafði varað okkur við rottugangi. Við stöppuðum því niður fótum og litum í öll horn af ótta við að rekast á kvikindin. Á gólfinu voru sprautur, sjóveikitöflur og sprittflaska merkt Sævari. Hann hefur augljóslega verið næturgestur í Gistiskýlinu því þar eru allar flöskur merktar með nafni og geymdar á meðan karlarnir sofa úr sér.




**SVEFNHERBERGI** Slegið var fyrir gluggann inni í herberginu og þar var kolniðamyrkur. Raunar vissum við ekki hvernig var umhorfs fyrr en við sáum myndina.

Sigrún segir þau hafa átt herbergið uppi á lofti. Þar var svo kalt að ég sá gufuna leggja frá andardrættinum. Lykt af þvagi, sagga og saur liggur í loftinu. Niðri er svefnherbergi parsins sem dvöldu í húsinu með Sigrúnu og Einari. Þar er slegið fyrir gluggann og kolniðamyrkur.

Sigrún og Einar gistu í hitakompu við verslun á Laugaveginum og á sex öðrum stöðum víðs vegar um miðbæinn áður en þau ákváðu að leita til Gistiskýlisins og Konukots. Þau hittast daglega fyrir hádegi og eyða deginum saman á Óðalssetrinu, tröppum Óðals í Austurstræti.

Sigrún og Einar segja stjórnmálamennina ganga daglega fram hjá þeim á Austurvelli en þeir yrðu ekki á þau. Þau hafi því ákveðið beina útsendingu við meirihlutaskiptin í borgarstjórn Reykjavíkur.



eva@frettabladid.is

**Á morgun:**

**Heimilislausir í kerfinu líka.**


160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG Lífið er gott
199.900
42PT85
42” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
LG Lífið er gott
229.900
42LF75
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
Ljómandi góð sjónvörp
159.900
42PC52
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz
169.900
42LC51
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
160 GB UPPTÖKU DISKUR
209.900
42LT75
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
2 Stafrænir móttakarar
199.900
37LF75
37” LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa
Birtustig
Svartími
Stafrænn móttakari
129.900
37LC51
37” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
89.900
32LC51
32” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
59.900
26LC42
26” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
69.900
22LS4R
22” LCD Sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
54.900
20LS5R
20” LCD Sjónvarp
Upplausn 640x480
Skerpa 3000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms
52.900
19LS4R
19” LCD Sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Lífið er gott

## Svona erum við

> Fjöldi veiddra laxa í ám á Suðurlandi.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KOSNINGAEFTIRLIT

# *Aðhald felst í upplýsingaöflun eftirlitsaðila*

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu tilkynnti nýlega að ekki yrðu sendir kosningaeftirlitsmenn til að fylgjast með forsetakosningunum í Rússlandi sem fram fara á sunnudaginn. Ástæðan var sögð sú að rússnesk yfirvöld hefðu dregið of lengi að gefa út vegabréfsáritanir og að þau hefðu einungis ætlað að leyfa 70 eftirlitsmenn.

**Hvað er kosningaeftirlit?**

Kosningaeftirlit er þegar sjálfstæðir aðilar, yfirleitt frá öðru landi eða stofnanir sem eru ekki á vegum stjórnvalda, fylgjast með að framkvæmd kosninga gangi eðlilega fyrir sig.

Sérstök yfirlýsing um grunngildi og framkvæmd kosningaeftirlits var gerð árið 2005 sem yfir 20 stofnanir og samtök eru aðilar að. Yfirlýsingin var gerð að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna.

**Hverjir sinna kosningaeftirliti?**

Stærsta eftirlitsstofnunin er deild á vegum Sameinuðu þjóðanna sem sinnir aðstoð við kosningaframkvæmd, The United Nations Electoral Assistance Divison (EAD). Sérfræðingar á vegum EAD ferðast víða út um allan heim til að hafa eftirlit með kosningum.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) sinnir kosningaeftirliti í 56 aðildarríkjum stofnunarinnar. Öll ríki Evrópu eiga aðild að ÖSE auk Bandaríkjanna, Kanada, Kasakstans, Kirgisíu, Tadsjikistans, Túrkmenistans og Úsbekistans.



Kosningaeftirlit fer einnig fram á vegum aðila á borð við Evrópusambandið og Afríkubandalagið auk fleiri.

**Hvernig fer kosningaeftirlit fram?**

Kosningaeftirlitsmenn grípa ekki til beinna aðgerða verði þeir varir við kosningasvindl heldur felst aðhald þeirra í því að safna upplýsingum um það og greina síðan frá. Þeir starfa einkum á svæðum þar sem talið er að hætta geti verið á kosningasvindli þar sem þeir fara í óvæntar heimsóknir á kjörstaði og skrá niður það sem þeir verða varir við.

**Heimild: www.wikipedia.org, www.osce.org, www.un.org.**

## SPURT & SVARAÐ

**HÆKKANDI VERÐ Á BENSÍNI OG OLÍU**

### *Aukin eftirspurn og órói*

Verð á dísilolíu og bensíni hefur aldrei verið hærra en nú. Lítrinn af dísilolíu fór í 142,4 krónur á mánudag. Runólfur Ólafsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON,** framkvæmdastjóri FÍB

**Ef olían er keypt með dollurum og krónan heldur áfram að styrkjast, hvers vegna hækkar olían svona mikið?**

„Það er einfaldlega vegna þess að hækkun á heimsmarkaði hefur verið meiri en gengisbreytingin á dollaranum."

**Hvað veldur þessari hækkun á heimsmarkaði?**

„Meginástæðurnar eru stóraukin eftirspurn, fyrst og fremst frá nýjum efnahagsveldum eins og Kína og Indlandi. Síðan hefur órói í heimsmálum, eins og hugsanleg innrás Bandaríkjamanna í Íran, töluverð áhrif."

**Hvað er til ráða fyrir neytendur?**

„Á þessum tímapunkti er ástæða til að þrýsta á stjórnvöld að draga úr ofurgjöldum á eldsneyti, þegar meira en helmingur af hverjum seldum dropa fer í ríkissjóð. Svo getum við reynt að hafa áhrif á eyðsluna með breyttu aksturslagi og kauphegðun."

Þetta er einhver glæný leikjatölva...

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á **kokka.is** þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka
laugavegi 47

Opið mán.- föstud. 10-18 og lau. 10-16 www.kokka.is kokka@kokka.is

# Upplýsingar frá deCODEme geta aukið sjúkdómahræðslu

**Á heimasíðunni deCODEme.com getur fólk pantað rannsókn á erfðamengi sínu. Læknar hafa meðal annars áhyggjur af því að fólk rangtúlki upplýsingarnar og þær kveiki í þeim sjúkdómahræðslu.**

Íslensk erfðagreining (ÍE) opnaði nýverið heimasíðuna, deCODEme.com. Þar getur fólk pantað rannsókn á erfðamengi sínu og borið það saman við upplýsingar um erfðafræðilega áhættu á sautján sjúkdómum. Nú þegar hefur fjöldi fólks sótt um þjónustu deCODEme og fjölmargar fyrirspurnir borist.

DeCODEme keppir við tvö önnur fyrirtæki, 23andMe, sem að hluta til er í eigu Google og Navigenics, sem bæði eru staðsett í Bandaríkjunum.

Erfðafræði og upplýsingar um erfðafræðilega gerð fólks vekur alltaf upp siðferðilegar spurningar. Þær spurningar sem vakna varðandi heimasíðu ÍE eru annars vegar hvernig Íslensk erfðagreining getur tryggt öryggi upplýsinga um erfðamengi viðskiptavina sinna. Hins vegar hvort upplýsingarnar séu gagnlegar, eða hvort þær geti reynst skaðlegar. Mikil umræða fer fram víða um heim um þessa þrjá gagnagrunna.



**ERFÐARANNSÓKNIR** Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar og annarra viðlíka fyrirtækja skapa gjarnan miklar umræður um siðferðileg málefni.

### Hver á tunguspaðann?

Ekki er ljóst hvernig ÍE getur tryggt öryggi upplýsinganna sem þeim berast, eða hvort verið sé að gefa upp upplýsingar um viðskiptavininn sem borgar fyrir greininguna, eða einhvern annan.

Þegar viðskiptavinur ÍE kaupir þjónustu deCODEme fær hann sendan tunguspaða sem hann notar til að safna DNA-sýni innan úr kinnunum. Tunguspaðann sendir hann svo aftur til baka og fær greiningu á erfðamengi sínu. Erfðamengið ber hann sjálfur saman við gagnagrunn ÍE.

ÍE getur ekki tryggt að DNA-sýnið á tunguspaðanum sé úr þeim sem sendir hann og mega viðskiptavinir ÍE notast við dulnefni, svo ekki einu sinni fyrirtækið veit hvern það skiptir við. Auk þess er hægt að senda DNA-sýni tveggja einstaklinga og bera þau saman.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir fyrirtækið ekki bera ábyrgð á því að sannreyna hvort tunguspaðinn beri DNA-sýni úr viðskiptavininum eða öðrum manni. Þá segir hann ljóst að til þess að rangt DNA berist þurfi að koma til ofbeldis og lögbrota, sem fyrirtækið getur ekki gengið í ábyrgð fyrir.

Komi til þess að íslenska ríkið setji reglur um gagnagrunninn verði gerðar strangari kröfur um að upplýsingarnar komi frá réttum aðila, að mati Jóns Snædals, formanns siðfræðinefndar Læknafélags Íslands.

### Reglurnar vantar

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra sagðist, í fyrirspurnartíma á Alþingi, ætla að láta skoða reglusetningu um þjónustu Íslenskrar erfðagreiningar.



**TUNGUSPAÐI Í PÓSTI** Notendur deCODEme fá tunguspaða sendan í pósti og nota hann til þess að safna DNA.

Ráðherrann telur jákvætt að menn geti aflað upplýsinga um sjálfan sig og eigin heilsu, en hlutirnir væru flóknari þegar kæmi að nánum ættingjum og full ástæða væri til þess að kanna málið betur.

Þá sagðist ráðherra hafa hugsað sér að kalla til aðila á borð við siðfræðinefnd Læknafélags Íslands, sem áður hefur fjallað um málefni Íslenskrar erfðagreiningar.

Ráðherra hafði ekki haft samband við Læknafélagið fyrr í vikunni en siðfræðinefndin hafði tekið málið upp af sjálfsdáðum og hélt um það fund á þriðjudagskvöld.

### Upplýsingum stolið

Áhyggjuraddir heyrast um að erfðaupplýsingunum gæti verið stolið eða að tryggingafélög geti í framtíðinni nýtt upplýsingarnar með einhverjum hætti.

Í vátryggingalögum er tryggingafélögum bannað að safna upplýsingum um heilsufar skjólstæðinga sinna. Í umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um vátryggingasamninga segir aftur á móti að ekki sé nægilega fast kveðið á um persónuvernd.

Umræðan fer einnig fram í Bandaríkjunum. Hank Greely, lagaprófessor við Stanford-háskóla, segir í viðtali við Mercury News að fyrirtækin geti auðveldlega afvegaleitt viðskiptavini sína. Upplýsingarnar séu ófullkomnar og geti valdið fólki óþarfa áhyggjum. Jón Snædal tekur undir með Greely. Hann segir lækna helst hafa áhyggjur af því að fólk rangtúlki upplýsingarnar og þær kveiki í fólki sjúkdómahræðslu, sem ýmsir séu illa haldnir af.

### Keppinautar deCODEme

Keppinautar deCODEme eru tvö bandarísk fyrirtæki; 23andME og Navigenics.

Erfðafræðisíðan 23andMe er að hluta til í eigu Google og er annar stofnenda síðunnar, Anne Wojcicki, eiginkona Sergey Brin, eins stofnenda Google. Markmið 23and me er að safna nægilega miklum upplýsingum svo hægt sé að framkvæma stórar rannsóknir.

Meðal fjárfesta í Navigenics er Kleiner Perkings, sem einnig tengist Google. Navigenics heldur því fram að fyrirtækið bjóði aðra þjónustu heldur en 23andMe, en hefur ekki útskýrt nánar í hverju munurinn felst.



FRÉTTASKÝRING
**EVA BJARNADÓTTIR**
eva@frettabladid.is


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL LAMPA
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
8W
14W
21W
28W
Verð frá 995
UNDIRSKÁPALJÓS
14W
21W
28W
Verð frá 959
UNDIRSKÁPALJÓS
1 x 36W
2 x 36W
2 x 18W
Verð frá 1295
IÐNAÐARLAMPAR
8W
13W
995
UNDIRSKÁPALJÓS 8W
1295
UNDIRSKÁPALJÓS 13W
3860
FLÚRLAMPI 60x60cm
3 x 14W
2995
FLÚRLAMPI 60x60cm
4 x 18W
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR
2990
2 x 58W
1995
1 x 58W
2990
2 x 36W
1795
1 x 36W
1795
2 x 18W
6995
LJÓSATUNNA 250W OG 400W
2995
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W
1890
INNFELLD LJÓS
2 stærðir
9 litir
Verð frá 990
INNFELLD LJÓS
Króm og hvítt
1995
LOFTLJÓS 16W OG 28W M/PERU
Verð frá 2995
SPEGLALJÓS
Verð frá 995
SPEGLALJÓS
7900
ÚTIKASTARI LED
Verð frá 995
ÚTIKASTARI
3 gerðir
Verð frá 6999
HITALAMPI 1300W
Með
tenglum
6999
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W
150W
250W
400W
Verð frá 5995
FLÓÐKASTARAR
150W 500W
1000W 1500W
Verð frá 895
HALOGENKASTARAR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16



Sýpris - veisla
verð frá
299
Jólastjarna
799
kr/stk
30%
afsláttur
af kertum
aðeins í dag!
HÚSASMIÐJAN
Starlight
100%
vatnsheld
útiseríur
Hágæða seríur sem þola vel íslenska veðráttu. Þú færð Starlight eingöngu í Húsasmiðjunni þar sem þær eru til í miklu úrvali og nokkrum litum.
20 ljósa 4.999
40 ljósa 8.999
60 ljósa 12.999
80 STARLIGHTS
Húsasmiðjublaðið
er komið í hús
Húsasmiðjublaðið
Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.



Ferskir grenikransar mikið úrval
Hýasintu skreyting
599
kr/stk
Aðventu-krans
m/fjórum kertaglösum
1999
kr/stk
Allt fyrir aðventuna
á einum stað
verð frá
299
Blick
inni- og útiseríur
Grenilengja
9 ft x 8"
2718500
599
Grenilengja
9 ft x 12"
2718506
999
blómaval

## Kjarni málsins

> Fjöldi útskrifaðra stúdenta á Íslandi eftir kyni




# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** ÁSDÍS ÓSK EINARSDÓTTIR, MEISTARANEMI Í ÞRÓUNARFRÆÐUM

## *Skiptir máli að láta eitthvað gott af sér leiða*



Ásdís Ósk Einarsdóttir hóf meistaranám í þróunarfræðum við Háskóla Íslands í haust en stutt er síðan hún brautskráðist með BA-próf í mannfræði frá sama skóla. Í lokaverkefni sínu í mannfræði skrifaði Ásdís Ósk um feminíska galdratrú. „Mjög margar konur í dag aðhyllast galdratrú og í ritgerðinni vildi ég reyna að sýna fram á hvernig konur geta nýtt sér það til að skapa sér rými innan trúarbragða.“
Ásdís Ósk segir ástæðuna fyrir því að hún fór í mannfræði vera þá að hún hefur ávallt haft áhuga á ferðalögum og að kynnast ólíkum menningarheimum.
„Mannfræðin sameinaði þetta fannst mér og eftir að ég hafði kynnt mér hana kom í sjálfu sér ekkert annað til greina.“
Upphaflega ætlaði Ásdís í meistaranám í mannfræði en skipti um skoðun eftir að hún frétti af framhaldsnámi í þróunarfræðum. Námið hefur verið í boði við Háskóla Íslands frá 2005 en því er ætlað að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við viðfangsefni á sviði þróunarmála, jafnframt því að undirbúa þá undir rannsóknarvinnu.
„Ég man þegar ég var að klára BA-ritgerðina að þá hugsaði ég með mér að mig langaði til að láta eitthvað gott af mér leiða, skilja eitthvað eftir sem er stærra en maður sjálfur. Í því ljósi var þróunarfræðin góður kostur,“ segir Ásdís, sem rekur Fair Trade-búðina við Klapparstíg og hefur hugsað sér að fjalla um „fair trade“-stefnuna í lokaverkefni sínu.
Þróunarmál eiga hug Ásdísar allan og hún vonast til að geta starfað að þróunarsamvinnu strax að lokinni útskrift. „Mig langar að gera eitthvað sem skiptir máli og vonandi get ég orðið að liði þar sem fólk þarf á aðstoð að halda.“

**■ Skáldskapur og þýðingar**

## Fimmta sónarskoðun skáldskapar



Nýjasta tímarit Són, eða Fimmta sónarskoðun eins og það heitir nú er komið út. Í því er að finna greinar um um skáldskap og þýðingar. Í fréttatilkynningu segir að ljóð, frumsamin og þýdd, séu að þessu sinni óvenju fyrirferðarmikil í ritinu. Í heiðurssæti sé sónarljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur, Rof. Þá sé sérstök ástæða til að vekja athygli á sonnettu Höllu Magnúsdóttur, Ég skila því, þegar þess er minnst að liðin eru 200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar.

**■ Vegleg gjöf**

## Hefur gefið 60 milljónir á sjö árum

Bent Scheving Thorsteinsson veitti Háskóla Íslands veglega peningagjöf í gær eða alls 13 milljónir króna. Peningarnir munu renna til Styrktarsjóða skólans. Bent Scheving Thorsteinsson hefur verið velgjörðarmaður Háskóla Íslands frá síðustu aldamótum og með framlagi sínu að þessu sinni hefur hann fært Háskólanum 60 milljónir króna á nærri 7 árum. Féð hefur runnið til stofnunar þriggja sjóða, sem heyra undir Styrktarsjóði Háskólans. SAlls hafa sjóðirnir veitt 15 styrki til vísindarannsókna. Með gjöf Bents er eigið fé hvers sjóðs fyrir sig nú orðið 20 milljónir kr. Fjárhæðir sjóðanna hafa verið nýttar í þágu rannsókna við Háskóla Íslands og með viðbótarframlaginu aukast enn frekar möguleikar meistara- og doktorsnema við Háskólann til námsstyrkja.



**■ Fyrirlestur**

## Ný form lýðræðis

Ráðstefnan Ný form lýðræðis – íbúalýðræði, lýðræðiskerfi sveitarfélaga og félagsauður verður haldin á morgun, föstudaginn 30. nóvember í Odda, Háskóla Íslands og hefst klukkan 15.00. Aðalfyrirlesari er Gerry Stoker, prófessor við háskólann í Southampton, en hann er einn þekktasti stjórnmálafræðingur á sviði sveitarfélaga og nýrra lýðræðisforma.

Ráðstefnan, sem boðað er til í tilefni af fimm ára starfsafmæli Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, er öllum opin, en nauðsynlegt er að skrá þátttöku á www.stjornmalogstjornsylsa.is.

# Bók með orðskýringum fyrir nútímabörn

**Komin er út ný barnabók, Með hetjur á heilanum, um brettagaurinn Sigga sem fer í sveit. Bókina má nota til móðurmálskennslu í grunnskólum, en höfundur hennar telur nauðsynlegt að kenna nútímabörnum að lesa barnabókmenntir.**

„Ég tel mikilvægt að barnabókmenntir séu kenndar í skólum. Það eru svo margir afþreyingarmöguleikar í dag að það þarf að kenna krökkum að lesa barnabókmenntir og efla læsi,“ segir Guðjón Ragnar Jónasson, M. Paed. í íslensku og höfundur barnabókarinnar Með hetjur á heilanum um brettagaurinn Sigga, sem fer í sveit til frændfólks síns í Fljótshlíðinni og lendir í ýmsum ævintýrum.

Guðjón telur nauðsynlegt að nemendur á miðstigi lesi bækur saman og vinni með þær líkt og unglingar vinna á seinni skólastigum með skáldsögur og fornsögur.

„Við verðum að byrja fyrr. Áður lásu öll börn barnabækur, en nú er það ekki sjálfsagt og ekki víst að börn hafi fengið nægilega þjálfun til að lesa bókmenntir á unglingastigi.“



**MEÐ HETJUR Á HEILANUM** Bók Guðjóns Ragnars Jónassonar er skrifuð fyrir börn á aldrinum tíu til þrettán ára. Sagan tekur á ýmsum samfélagslegum og persónulegum vandamálum og börnin læra mörg skemmtileg orð.

Í bókinni er komið inn á sögu lands og þjóðar og eru málefni líðandi stundar fléttuð inn í söguna, svo sem jafnrétti kynjanna, ástin og ofneysla áfengis. Bókinni fylgir nýstárleg verkefnabók, Hetjuspegill, sem kennarar geta nálgast á netinu.

„Fólk skrifar meira og er óhræddara við að skrifa en áður, en margir gera ekki greinarmun á ritmáli og talmáli eins og sést til dæmis á bloggsíðum. Í Hetjuspegli eru verkefni sem taka á málvillum á borð við notkun broskarla í stað punkta í lok setningar,“ segir Guðjón. Börnin skrifa einnig fréttir og senda tölvupóst. Þá má finna orðskýringar í lok hvers kafla bókarinnar, sem eru til þess gerðar að auka orðaforða barnanna.

Sögusviðið er sveitabær í Fljótshlíð en Guðjón var áður bóndi í þeirri sveit. Honum er því mikið í mun að kynna nútímalandbúnað fyrir börnum.

### ORÐSKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| **Árrisull** | Sá sem vaknar snemma |
| **Misseri** | Hálft ár |
| **Hliðhollur** | Vinveittur |
| **Kenna sér meins** | Vera veikur |
| **Hartnær** | Hér um bil |
| **Nýliðun** | Nýtt fólk bætist við |

Guðjón Ragnar fékk skólabörn til liðs við sig þegar hann ákvað hvaða orð fengju skýringu.

„Ég vildi koma því til skila að miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið á Íslandi. Síðustu fimmtíu ár hafa verið jafn viðburðarík og þúsund ár þar á undan. Nánast allar barnabækur um sveitina eru gamlar svo ég vildi skrifa um nútímasveit, tækin og tólin, og allt það sem börn í dag þekkja.“

Með hetjur á heilanum er gefin út af bókaútgáfunni Sölku og er að sögn höfundar ekki síður hugsuð sem almenn barnabók.

eva@frettabladid.is

„Bókin iðar af gleði og kímni … Þetta er hoppandi skemmtileg bók um upprennandi leynilöggur og bæjarins bestu vini.“
Björn Þór Vilhjálmsson / Morgunblaðið
„Hún er mjög fyndin. Ég tók alveg bakföll af hlátri þegar ég las hana.“
Gunnar Logi Tómasson, 11 ára / Kastljós




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




Yndisleg saga um sannan anda jólanna.

Barnabók eftir hinn geðþekka Dalvíking, **Júlíus Júlíusson** (julli.is) með gullfallegum litmyndum eftir Sunnu Björk Hreiðarsdóttur.









12. bókin í þessum vinsæla bókaflokki.



*Kom út í sumar!*

**Gæsahúð fyrir eldri.**
Þessi er bönnuð innan 14 ára enda er spennan nánast óbærileg!




Framhaldið af **Ljót** (Uglies).
Spennan heldur áfram að magnast.
Bíómynd er nú í vinnslu.




Þriðja bókin um **Júlíu** og ástarmál hennar, en núna er hún komin í 10. bekk. Bryndís Jóna brillerar í þessari.




Örn Hilmar fer óvenjulegar leiðir til að ná athygli skólafélaga sinna. **Sirrý Sig** er nýr höfundur sem vann til verðlauna í smásagnakeppni Nýs lífs.

Tindur
Bókaútgáfa

www.tindur.is
tindur@tindur.is

## Útgjöldin

> Verðþróun á kílói af tekexi frá árinu 2000 til 2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: ÁRNI SIGFÚSSON, BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR

## Farsíminn titrar á versta tíma



„Ég gerði mín verstu kaup þegar ég álpaðist til að kaupa mér farsíma,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, þegar hann er inntur eftir sínum verstu og bestu kaupum. „Þetta er ferlegt tæki og er stöðugt að. Verst er þó þegar það fer að titra en það hefur gerst á hinum óheppilegustu stundum. Þessi titringur er sérlega óheppilegur þegar maður geymir þetta leiðindatæki nálægt viðkvæmum stað. Þá getur þetta komið af stað miklum misskilningi en ég vil nú ekki fara nánar út í þá sálma.

Bestu kaupin gerði ég hins vegar árið 1973 þegar ég keypti Skoda Octavia árgerð 1963 sem var tékkneskur eðalvagn. Hann var dökkbrúnn og glæsilegur en hann hafði líka persónuleika og ég á margar minningar tengdar honum. Ég fór til dæmis með hann til Vestmannaeyja og til baka aftur. Svo kom að því að hann gaf upp öndina eftir dygga þjónustu og þá kvaddi ég hann og jarðsetti líkt og um gamlan vin væri að ræða. Það kom aldrei í mál að sjá á eftir honum til annars eiganda.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### KARTÖFLUSOÐ Á BLÓMIN

■ *Eva Ásrún Albertsdóttir mælir með að blóm séu vökvuð með kartöflusoði.*



Eva Ásrún Albertsdóttir, annar umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Allt í drasli, segir gott og praktískt húsráð að vökva blómin með kartöflusoði. Næringarefnin í soðinu séu mun meiri en í venjulegu vatni. „Svo er líka til afskaplega einföld leið til að hreinsa örbylgjuofna, en þá sneiðirðu niður sítrónu og setur í vatn. Svo seturðu skálina inn í ofninn og lætur sjóða, og þannig hreinsast ofninn að innan.“ Hún segir alla eiga örbylgjuofn og margir þeirra séu mjög skítugir. Þetta hreinsi hann vel.

Metan- og rafmagnsbílum bætt við í reiknivél á vef Orkuseturs:

# Reikna með öðru eldsneyti

Bílum sem ganga fyrir öðrum orkugjafa en jarðefnaeldsneyti hefur nú verið bætt við í reiknivélar á vef Orkuseturs. Til viðbótar við venjulegar bensín- og olíubifreiðar er hægt að velja metan- og rafknúna bíla.

Á vefnum orkusetur.is er hægt að bera saman útblástur og eyðslu mismunandi bifreiðategunda að gefnum upplýsingum um eldsneytisverð og árlegan akstur. Með viðbót metan- og rafmagnsbifreiða er nú hægt að sjá hvort og hversu hagkvæmt það er að kaupa sér slíkan bíl.

„Ég held að það sé kominn sá tímapunktur að einokun olíu er liðin í samgöngum. Nú eru komnir valmöguleikar eins og metan, sem eru ekki bara mun hagkvæmari í rekstri heldur kosta jafn mikið í kaupum,“ segir Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs.

Hann segir tæplega fimmtán metanbílum hafa verið bætt við í reiknivélina, og þremur rafmagnsbílum. Alls sé yfir eitt þúsund gerðir bifreiða að finna í reiknivélinni á vefnum.

- sþs

### EYÐSLA OG ÚTBLÁSTUR

**Miðað við 20.000 kílómetra akstur á ári, 134 krónur fyrir bensínlítrann og 88 krónur fyrir rúmmetrann af metani.**

| Volkswagen Touran Ecofuel (metan) | |
|---|---|
| **Eyðsla:** | 1.720 lítrar |
| **Eldsneytiskostnaður:** | 151.360 kr. |
| **Útblástur CO2:** | 3 tonn |
| **Bifreiðargjald:** | 24.035 kr. |

| Volkswagen Touran (bensín) | |
|---|---|
| **Eyðsla:** | 1.620 lítrar |
| **Eldsneytiskostnaður:** | 217.080 kr. |
| **Útblástur CO2:** | 3,9 tonn |
| **Bifreiðargjald:** | 24.772 kr. |

Heimild: Reiknivél Orkustofnunar



**ÞJÓÐLEGT GÓÐGÆTI** Það getur verið erfitt að komast í rétta jólaskapið ef gömlu jólahefðirnar og jólamaturinn eru víðs fjarri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskt góðgæti sent í pökkum um allan heim

**Jafnvel nýjungagjarnasta fólk gæti seint hugsað sér að skipta út jólahefðum. Málið getur þó vandast þegar fólk flytur til fjarlægra landa þar sem gæði hins íslenska hangikjöts og malts og appelsínblöndunnar hafa ekki verið uppgötvuð. Nokkur fyrirtæki reyna þó að færa landanum íslenskt lostæti hvar sem þeir eru í veröldinni.**

Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns, segir að fyrirtækið hafi um árabil reynt að koma til móts við kröfur Íslendinga eða vandamanna þeirra erlendis þegar kemur að matarsendingum. Mismunandi sé hvaða matvörur sé hægt að senda eftir því hvaða land sé um að ræða hverju sinni en starfsmenn reyni ávallt að leiðbeina viðskiptavinum sínum í þeim málum. Þá sjái fyrirtækið einnig um að fylla út heilbrigðisvottorð sem verði að fylgja nær öllum matarsendingum. „Þau lönd sem við sendum mest til eru Noregur, Danmörk og Bandaríkin,“ segir Bjarni. Hann segir helsta annatímann vera í kringum 10. til 15. desember en flestum þyki ljóst að sendingar í ár verði fleiri en tíðkast hefur, þá sérstaklega til Bandaríkjanna.

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, segir starfsmenn fyrirtækisins ávallt reyna að koma til móts við óskir viðskiptavina sinna þótt fyrirtækið sérhæfi sig ekki sérstaklega í jólasendingum. „Hins vegar er lítið mál fyrir fólk að panta það sem það þarf í gegnum netverslunina hvar sem það er statt í veröldinni,“ segir Gunnar Ingi.

„Það vilja fáir vera án grænu baunanna og annarrar vöru sem manni þykir óneitanlega tilheyra jólunum,“ segir Sófus Gústavsson, framkvæmdastjóri Nammi.is, en það er vefverslun sem sérhæfir sig í að senda góðgæti um veröldina víða.

karen@frettabladid.is







Framleiðandi: Reykjagarður hf. Sími 575 6440 www.holta.is


GERUM RÉTT

Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld. Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum. Gætið að hreinlæti. Kjötið skal vera vel steikt eða soðið.





Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



# Kynnum okkar frábæru jólatilboð

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439



Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218



Hlífðardýna og lak fylgja

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516



Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gafli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 51.663



## Ný sending af teppasettum og sængurverum!

www.betrabak.is

# Jólatilboð 2007




## Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-



Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.811 **+2,05%**

**Fjöldi viðskipta:** 554
**Velta:** 8.962 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **STRAUMUR-BURÐA.** | 5,96% | **SPRON** | 1,69% |
| **EXISTA** | 3,34% | **ATLANTIC PETROL.** | 1,56% |
| **365** | 3,32% | **FLAGA** | 0,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,22 +0,00% ... Bakkavör 58,00 +1,93% ... Eimskipafélagið 36,80 +0,41% ... Exista 24,75 +3,34% ... FL Group 19,95 +1,53% ... Glitnir 24,45 +1,24% ... Icelandair 27,05 +0,00% ... Kaupþing 913,00 +1,78% ... Landsbankinn 37,00 +1,79% ... Straumur-Burðarás 16,00 +5,96% ... Össur 98,90 +0,00% ... Teymi 6,25 +0,16

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Milljarðar á sextíu dögum

Fjölmiðlar hafa verið duglegir að segja frá hagnaði fjárfesta undanfarin ár. Nú hafa markaðir lækkað og þá beinast augun að þeim sem tapa verðmætum. Á síðu Vísir.is um viðskipti í gær kom fram að Bakkabræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir hefðu orðið hvað verst úti í lækkunum á hlutabréfamarkaðnum undanfarna 60 daga. Alls hefur eign Bakkabraedra Holdings, eignarhaldsfélags þeirra, í Exista rýrnað um 44,4 milljarða frá 1. október. Verðmæti eigna fjárfestingafélagsins Gnúps, sem er í eigu Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og Þórðar Más Jóhannessonar, hafa jafnframt minnkað um tæpa tólf milljarða króna. Ólafur Ólafsson í Samskipum hefur líka tapað verðmætum á þessum tíma, eða 15,5 milljarða. Fæstir eru þeir þó á flæðiskeri staddir enda hafa þeir hagnast gríðarlega mikið á síðustu árum.



### Sumir grétu, Hallur hló

Hallur Magnússon, sviðstjóri hjá Íbúðalánasjóði, hefur, eins og fram hefur komið, sagt upp hjá sjóðnum. Það mun vera vegna þess að hann ætlar að skipta um starfsvettvang og hasla sér völl sem ráðgjafi. Umskiptin tengjast því ekki að Hallur var snupraður í starfi fyrir nokkrum mánuðum fyrir að dreifa auglýsingum, sem sneru út úr auglýsingaherferð Kaupþings. Þegar KB banki breytti nafni sínu í Kaupþing sást starfsfólk bankans hágráta í auglýsingum enda að hætta hjá KB banka en varð svo fullkomlega sátt við að byrja hjá Kaupþingi. Einhverjir húmoristar á auglýsingastofu sneru út úr þessu og birtu sams konar auglýsingu af fólki grátandi yfir til dæmis háum vöxtum. Mörgum fannst þetta skondið, meðal annars Halli sem sendi þetta áfram frá netfangi sínu á fjölda fólks. Það fannst hins vegar ekki öllum fyndið og fékk hann tiltal fyrir.

## MARKAÐSPUNKTAR

Færeyska flugfélagið Atlantic Airways greindi frá því í gær að það hefði selt 33 prósent hlutafjár í útboði. Salan er liður í einkavæðingu færeyskra félaga, að því er segir í tilkynningu.

Bandaríska veðlánafyrirtækið Freddie Mac, stærsta fyrirtækið í þessum geira þar í landi, ætlar að gefa út nýtt hlutafé og bæta eiginfjárstöðuna í skugga rúmlega eins milljarða dala útlánataps á bandarískum fasteignalánamarkaði.

Samhæfingarferli Versacold, Atlas og Eimskips í Bandaríkjunum og Kanada er lokið og mun Brent Sugden, forstjóri yfir kæli- og frystigeymslusviði Eimskips í Ameríku, mun stýra starfsemi fyrirtækisins þar. Reynir Gíslason, sem verið hefur forstjóri yfir annarri starfsemi, hefur látið af störfum.

# Skuldin tífaldaðist

„Mér skilst að ég komist ekki hjá því að greiða þetta," segir Sigurður Örn Sigurðsson fasteignasali. Hann er í forsvari fyrir félagið Þrándartún sem á jarðir undir frístundabyggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Lögheimtan krefur Þrándartún um hátt í 23 þúsund krónur vegna vangoldinna fasteignagjalda af einum skika frá því í mars, að öðrum kosti verði eignin seld nauðungarsölu. Höfuðstóll skuldarinnar nemur 2.292 krónum.

„Auðvitað er þetta sláandi," segir Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum. „En af hverju var hann ekki búinn að gera þetta upp fyrir löngu?" spyr Sigurður Arnar.

„Ég taldi mig nú vera búinn að því," segir Sigurður Örn sem segir málið liggja í mistökum sveitarfélagsins. „Það átti að taka þetta af visakortinu.

Sigurður Jónsson, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, segir að telji menn sig hafa orðið fyrir misrétti, þá þurfi bara að senda sveitarfélaginu formlegt erindi. „Við höfum engan áhuga á að sýna mönnum einhvern skepnuskap."

Sigurður Örn gagnrýnir hins vegar innheimtuferlið. „Það lítur út fyrir að sjálfvirknin hafi tekið völdin í innheimtunni og ekki hægt að ná kröfunni út."

Sigurður Örn væntir þess að frumvarp viðskiptaráðherra um innheimtulöggjöf komi í veg fyrir mál af þessu tagi í framtíðinni.

- ikh

**SUNDURLIÐUN KRÖFUNNAR**

**Krafan um fasteignagjöldin er frá 1. mars.**

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll | 2.292 |
| Dráttarvextir (til 15.11.2007) | 404 |
| Innheimtuþóknun | 10.363 |
| Ritun greiðsluáskorunar | 7.657 |
| Birting greiðsluáskorunar | 1.850 |

# Nýr samrunakafli

„Samrunum hefur fjölgað og það var orðið tímabært að endurskoða þennan kafla samkeppnislaganna," segir Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu.

Fyrirtæki fá ekki að renna saman fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um samrunann, samkvæmt drögum að frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum.

Drögin eru birt á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins. Fólk getur gert athugasemdir við drögin.

Einnig er lagt til að heimildir Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna verði auknar.

Búist er við því að ríkisstjórnin fjalli um frumvarpið fljótlega.

- ikh

# Stóriðjan greiðir lítinn tekjuskatt hérlendis

**Tekjuskattur á lögaðila í fyrra nam tugum milljarða króna. Næstum ekkert kom frá stóriðjufyrirtækjunum.**

Álverið í Straumsvík, Norðurál á Grundartanga og Járnblendiverksmiðjan greiða næstum engan tekjuskatt til íslenska ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er skattstofn fyrirtækja í málmiðnaði um 350 milljónir króna. Framleiðslufyrirtækin séu þar hverfandi hluti. Líklega hafi þau greitt um sex milljónir króna á síðasta ári.

Fyrirtæki greiða skatt af hagnaði.

Upplýsingar um hagnað Alcans/Rio Tinto í Straumsvík í fyrra liggja ekki fyrir, en árin 2001 og 2 nam hagnaður af rekstri álversins í Straumsvík milli tveggja og þriggja milljarða króna. Álverð hefur farið hækkandi á mörkuðum síðan.

Hagnaður af rekstri Norðuráls árið 2003 var röskur milljarður króna. Nýrri upplýsingar liggja ekki fyrir.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, bendir á að hafi fyrirtæki lagt út í miklar fjárfestingar séu skattalegir afskriftarstofnar háir fyrstu árin. „Hins vegar greiðum við há fasteignagjöld og hafnargjöld." Þá séu meðallaun starfsmanna í áliðnaði há og starfsmenn þeirra greiði því mikinn tekjuskatt og útsvar.

Engar upplýsingar fengust um rekstur Íslenska járnblendifélagsins við vinnslu fréttarinnar.

Álverið í Straumsvík er í eigu Alcans/Rio Tinto. Century Aluminium á Norðurál. Elkem ASA í Noregi á Járnblendiverksmiðjuna.

Tekjuskattur á lögaðila í heild nam tæpum 43 milljörðum króna. Þar af greiddu fjármálafyrirtæki tæpan helming.

Fyrirtækjaskattur hefur rúmlega fjórfaldast frá því að tekjuskattur á lögaðila var lækkaður úr 30 í átján prósent, að því er fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins.

ingimar@frettabladid.is



**STARFSMENN Í KERSKÁLA NORÐURÁLS** Þeir greiða tekjuskattinn.


„... ljóðin einkennast af mýkt ... næstum eins og heilræðavísur ... dularfull upplyfting fyrir sálina."

*Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá, RÚV*




Hnitmiðuð og myndræn ljóðabók frá einu helsta ljóðskáldi þjóðarinnar. Meginyrkisefni Steinunnar Sigurðardóttur eru tvö og samtvinnuð: ástin og landið eru í senn uppspretta ljóðanna, vettvangur og viðfang; hvort tveggja eru gersemar breyskra manna sem þeir kunna ekki alltaf að höndla.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Steve Jobs áhrifamesti forstjórinn

Steve Jobs, stofnandi og forstjóri bandaríska tölvu- og jaðarbúnaðarframleiðandans Apple, er áhrifamesti forstjóri heims, samkvæmt nýrri úttekt viðskiptatímaritsins Fortune. Jobs er helst talið til tekna að vera maðurinn á bak við það að koma Apple aftur á kortið sem leiðandi fyrirtæki í tölvu- og hugbúnaðargeiranum eftir heldur dapra tíð auk þess að vera heilinn á bak við tónlistar- og myndspilarann iPod og margmiðlunarsímann iPhone.

Jobs stofnaði Apple ásamt Steve Wozniak árið 1976. Hann starfaði sem forstjóri fyrirtækisins næstu níu árin en sagði því lausu eftir deilu við stjórn Apple. Hann setti ýmis sprotafyrirtæki á laggirnar, þar á meðal tölvufyrirtækið Pixel sem sló í gegn með tölvuteiknimyndinni Toy Story, en sneri aftur til Apple árið 1997 og tók strax til við stýra því á rétta braut.

Indra Nooyi, forstjóri bandaríska gosdrykkjaframleiðandans Pepsi, er hins vegar áhrifamesta kona heims í viðskiptalífinu að mati Fortune. Nooyi, sem tók við forstjórastólnum fyrir rétt rúmu ári, situr í 22. sæti listans.

- jab



**STOLTUR FORSTJÓRI** Steve Jobs, stofnandi og forstjóri Apple, er áhrifamesti forstjóri í heimi, samkvæmt Fortune.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**TÍU ÁHRIFAMESTU FORSTJÓRARNIR**

1. Steve Jobs, forstjóri Apple.
2. Rupert Murdoch, forstjóri News Corp.
3. Lloyd Blankfein, forstjóri Goldman Sachs.
4. Eric Schmidt, Larry Page og Sergei Brin, forstjóri og stofnendur Google.
5. Warren Buffett, forstjóri Berkshire Hathaway.
6. Rex Tillerson, forstjóri Exxon Mobil.
7. Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft.
8. Jeff Immelt, forstjóri General Electric.
9. Katsuaki Watanabe, forstjóri Toyota.
10. A.G. Lafley, forstjóri Procter & Gamble.

*Heimild: Fortune.*

Pioneer

# ÁTTU EKKI BARA SKILIÐ ÞAÐ BESTA?

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION AWARDS 2007
PRODUCT OF THE YEAR
TELEVISIONS
PIONEER PDP-428XD

EISA AWARD Best Product 2007-2008




## KURO ÞÝÐIR SVARTUR Á JAPÖNSKU

... en ekki hvaða svartur sem er heldur fullkomlega ***biksvartur*** – og í heimi sjónvarpsins er svartur allt, því svarti liturinn spannar allt litrófið og biksvartasti liturinn skapar skærustu litina.
Með KURO hafa verkfræðingar Pioneer skapað svartan lit, sem er 80% dýpri en áður hefur þekkst í sjónvarpi.
Af þessu leiðir að þú getur nú greint mun meiri andstæður og fjölda litabrigða innan litrófsins. Alls staðar blasa við litabrigði, sem þú hefur eflaust ekki veitt athygli fyrr. Horn verða skýrari, skuggar dýpri og form og áferð myndarinnar fær raunhæfa fjarvídd.
KURO er plasma sjónvarp, sem býður þér myndræna upplifun sem aldrei fyrr.

## ... OG MENN KEPPAST VIÐ AÐ LOFA KURO:

**CNET.co.uk**
“Televisions don’t get much better than this. A winning combination of excellent picture quality, stylish design and user-friendly features, this 50-inch plasma should be at the top of any serious home cinema fan’s shopping list. It’s pricey, but it’s worth it...”

**Hi Fi News**
“My goodness does it deliver! This plasma’s greyscale, dynamic range and dynamic deep black performance really sets it apart from any other flat panel display I’ve ever seen...”

**What Video and High-Definition TV**
“Not just the best 42” screen ever, it’s the best flatscreen yet by some margin. For once, it seems, you can believe the hype...”

**Home Cinema Choice**
“Darker and more dynamic than any previous Pioneer plasma - a knockout blow to comparably sized LCDs...”

**TrustedReviews**
“Not to put too fine a point on it, this TV’s pictures really are the very best we have ever seen on a flat TV. No probably, no arguably - they just are. By some margin, in fact...”

**What Hi Fi? Sound and Vision**
“It’s so much better than any other flat TV you can buy that it really isn’t that much of a leap to label it a revolution in TV. It’d also be fair to call it the best telly we’ve seen...”

**HDTV.org**
“The Black Level performance of the PDP-508XD is a revelation, with a purity that stands head and shoulders above offerings from any other Plasma or LCD manufacturer out there. The subtlety of graduation across dark scenes is nothing short of spectacular. “

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |

KVIKA

# Snarpur viðsnúningur á markaðnum

Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum og í Evrópu tóku sprettinn upp um miðjan dag í gær, þar á meðal hér, eftir að Donald Kohn, varabankastjóri seðlabanka Bandaríkjanna, sagði óróleika og niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum upp á síðkastið hafa snert mjög buddu bæði neytenda og fjárfesta og yrði seðlabankinn að grípa til aðgerða. Úrvalsvísitalan hafði lækkað um 0,25 prósent um hádegisbil í gær en tók snarpan viðsnúning eftir hádegið.

Hver þau ráð eru nákvæmlega kom ekki fram í máli Kohns. En fjárfestar vestanhafs túlkuðu orð hans sem svo að lækkun stýrivaxta sé á næsta leiti.

Mjög hefur verið þrýst á seðlabankann að hann komi til móts við erfiðleikana sem bankar og fjármálafyrirtæki hafa staðið frammi fyrir síðan í sumar vegna vanskila á svokölluðum undirmálslánum, sem hafa þótt afar áhættu- og varasöm í meira lagi. Vanskil lánanna hefur sett stórt skarð í afkomutölur fjármálafyrirtækja, sem hafa orðið að afskrifa háar upphæðir úr bókum sínum. - jab



**VARABANKASTJÓRINN** Yfir mörkuðum lifnaði víða um heim í gær eftir að Donald Kohn, varaseðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði bankann verða að grípa til aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Aukin bölsýni

Neytendur sjá það töluvert svartara nú en í síðasta mánuði. Þetta sýnir væntingavísitala Gallup, sem mældist 116 stig fyrir nóvember. Það er lækkun um 13,2 prósent frá því í október.

Sérstaklega koma áhyggjur neytenda fram í undirvísitölunni sem mælir mat á efnahagslífinu. Hún mælist 91,7 stig. Gildi undir hundrað stigum gefur til kynna að fleiri séu neikvæðir en jákvæðir. Væntingar til sex mánaða mælast einnig undir hundrað stigum, eða 99,5 stig.

Væntingar neytenda virðast hafa snúist við umrót á fjármálamörkuðum undanfarnar vikur, að því er segir í Morgunkorni Glitnis. Veikari króna og lækkandi hlutabréfaverð virðast því hafa haft bein áhrif á huga neytenda. - hhs


**SKAMMDEGI** Neytendur sjá tilveruna töluvert dekkri litum nú en í síðasta mánuði ef marka má væntingavísitölu Gallups.

# Marel stærst í heimi

**Marel Food Systems kaupir Stork Food Systems (SFS) í Hollandi á nálægt því 38 milljarða króna. Við samrunann verður til stærsta matvælavinnsluvélafyrirtæki heims. Umfang og velta Marels tvöfaldast við kaupin. Gert er ráð fyrir að kaupin verði endanlega frágengin í febrúar á næsta ári, að fengnu samþykki samkeppnisyfirvalda og lokinni yfirtöku London Acquisition á því sem eftir stendur af Stork-samstæðunni í Hollandi. Tilkynnt var um samninginn í gær.**


**Í FRAMLEIÐSLUSAL MARELS** Theo Hoen, forstjóri SFS, kom til landsins í gær, en í dag kynna félögin frekar fyrirhugaðan samruna. Hann er hér á milli þeirra Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marels, og Harðar Arnarsonar forstjóra í höfuðstöðvum félagsins í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Marel Food Systems hefur náð samkomulagi við Stork N.V. í Hollandi um kaup á matvælavinnsluvélafyrirtækinu Stork Food Systems (SFS). Kaupverðið er 415 milljónir evra, eða nálægt 38 milljörðum íslenskra króna. Með kaupunum tvöfaldast velta og umfang Marels auk þess sem grundvöllur fyrir áframhaldandi innri vöxt og arðsemi er sagður hafa verið styrktur. Fyrstu viðræður um mögulegan samruna félaganna hófust í nóvember 2005. Fjármögnun kaupanna á SFS er að fullu tryggð með sölu hlutabréfa í LME Eignarhaldsfélagi, útgáfu hlutabréfa, sem Landsbanki hefur sölutryggt, og með langtímalánsfjármögnun.

Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, er hæstánægður með áfangann. „Við erum að ná því markmiði sem við settum okkur í byrjun síðasta árs að verða eitt af leiðandi fyrirtækjunum á markaðnum. Það sem við ætluðum að gera á þremur til fimm árum gerum við á tveimur árum og göngum heldur lengra en við ætluðum,“ segir hann. Marel þekkir vel til Stork Food Systems og hefur átt í samstarfi við fyrirtækið í nærri áratug. „Þetta er eitt af best reknu fyrirtækjunum á markaði og hentar fyrirtækjunum mjög vel að koma saman,“ segir hann og kveður fyrirtækjamenningu þeirra svipaða. Þá eru samlegðaráhrif mikil af kaupunum þar sem starfsmi félaganna og vörulínur skarast ekki. Samþættingarferli fyrirtækjanna hefst svo að fengnu samþykki samkeppnisyfirvalda fyrir kaupunum, en það telur Hörður að gæti orðið í febrúarbyrjun næstkomandi. „Sú samþætting verður mun einfaldari en í fyrri yfirtökum,“ segir hann, en þar kemur til að vörulínur fyrirtækjanna bæta hvor aðra upp og að vegna samstarfsins þekkist menn vel.

Eftir samrunann nemur markaðshlutdeild Marel og Stork Food Systems um það bil sextán prósentum. Næsta félag á eftir er með um 10 prósenta hlutdeild, að sögn Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marels. Þar á bæ segir hann áherslun nú verða lagða á samrunaferli og innri vöxt í stað fyrirtækjakaupa.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. var ráðgjafi Marel og Allen & Overy í Amsterdam veitti lögfræðilega ráðgjöf um kaup á SFS. Þrír fyrirvarar eru við kaupin á SFS, en þeir snúa að því að fyrirhugað yfirtökutilboð London Acquisition N.V. um að kaupa alla hluti í Stork N.V. verði skilyrðislaust, að umsögn verkamannaráðs Stork (Stork Works Council) og samþykki samkeppnisyfirvalda. Þar til öllum formlegum skilyrðum samningsins hefur verið fullnægt heldur hvort fyrirtæki um sig áfram sjálfstæðum og óbreyttum rekstri. olikr@frettabladid.is




Bensínið fylgir frítt!

Budget
Bílaleiga

562 6060
www.budget.is

Afgreiðslustaðir: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir

| BÍLTEGUND | Bílaleiga Akureyrar innif: 100 km akstur á dag og Kaskótrygging.* | Hertz innif: 100 km akstur á dag og Kaskótrygging.* | Budget innif: 100 km akstur á dag, Kaskótrygging og bensín |
|---|---|---|---|
| Toyota Yaris 5 dyra | 5.300 | 5.300 | 5.300 bensínið fylgir frítt |
| Toyota Corolla 4 dyra | 5.950 | 5.900 | 5.900 bensínið fylgir frítt |
| Suzuki Grand Vitara sjálfskiptur | 12.500 | 10.900 | 10.900 bensínið fylgir frítt |
| Toyota Land Cruiser sjálfskiptur | 14.500 | 13.500 | 13.500 bensínið fylgir frítt |

Þú færð alltaf meira fyrir peninginn hjá Budget

*Samkv. verðskrá á heimasíðu 27.11.07


# Eignast fjórðung í Stork-samstæðunni

**Eyrir og Landsbankinn koma að þriðju stærstu yfirtöku sem Íslendingar hafa átt þátt í til þessa.**

Samhliða því að Marel kaupir Stork Food Systems, eignast Eyrir Invest og Landsbankinn fjórðungshlut í Stork N.V. í Hollandi í gegn um fjárfestingafélagið London Aquisition N.V. (L. A.). Eyrir á 15 prósent, Landsbankinn 10 prósent og restina á breski fjárfestingasjóðurinn Candover.

LME Eignarhaldsfélag, sem var í eigu Marels, Eyris og Landsbankans, selur allan sinn hlut til L.A., sem kaupir Stork samstæðuna, utan Food Systems hlutann, fyrir um 1,7 milljarða evra, eða sem nemur um 155 milljörðum íslenskra króna. Yfirtakan er því líklega sú þriðja stærsta sem Íslendingar koma að, á eftir kaupum Kaupþings á hollenska bankanum NIBC á yfir 250 milljarða og yfirtöku Novators á Actavis sem metin var á um 175 milljarða króna.

Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris, tekur í framhaldinu sæti í stjórn Stork N.V. í Hollandi. Þar vekja viðskiptin mikla athygli enda Stork stærsta iðnaðarsamstæða landsins. „Að frátöldum Food hlutanum starfa um 11 þúsund starfsmenn hjá Stork,“ segir Árni Oddur.

Áframhaldandi starfsemi Stork N.V. er tvíþætt, Aerospace hluti sem snýr að þjónustu við flugvélaframleiðendur á borð við Airbus, Boeing og Fokker og Technical Services, þar sem mestur vöxtur er í þjónustu við olíu- og gasiðnað. Árni Oddur er bjartsýnn á framtíðarmöguleika beggja sviða. „Aerospace er að koma úr lægð, virðist miðað við pantanastöðu sjö til átta ára uppsveifla fram undan.“ - óká

# Olíuverð lækkaði

Heimsmarkaðsverð á framvirkum samningum á hráolíu lækkaði um 0,7 prósent á fjármálamörkuðum í gær eftir að OPEC-ríkin, samtök olíuútflutningsríkja, greindu frá því að þau ætli að bregðast við hárri verðlagningu á svartagullinu með talsvert aukinni framleiðslu í næsta mánuði. Þetta er þriðji dagurinn í röð sem olíuverðið lækkar á heimsmarkaði.

Fréttaveita Bloomberg hefur eftir Ali al-Naimi, olíumálaráðherra Sádi-Arabíu, að samtökin ætla að auka framleiðsluna um 22 prósent í desember enda sé útlit fyrir að hátt verð á eldsneyti og olíu til húshitunar geti átt þátt í yfirvofandi samdráttarskeiði vestanhafs líkt og margir hafi spáð fyrir um. Samtökin ætli í ofanálag að funda um málið í byrjun næsta mánaðar, að sögn al-Naimis.

Verð á olíutunnu féll í fyrstu viðskiptum dagsins um 70 sent og fór í 93,72 dali á tunnu á markaði í Bandaríkjunum. - jab


ALI AL-NAIMI

netto netto netto netto netto

37% afsláttur




**3.767** kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
**Snertu hörpu mína**

37% afsláttur




**1.821** kr/stk. áður 2.890 kr/stk.
**Kapteinn Ofurbrók og kamraborgargaurarnir**

38% afsláttur




**2.784** kr/stk. áður 4.490 kr/stk.
**Breiðavíkurdrengirnir**

35% afsláttur




**3.042** kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
**Þúsund bjartar sólir**

35% afsláttur




**3.049** kr/stk. áður 4.690 kr/stk.
**Rimlar hugans**

37% afsláttur




**2.948** kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
**Í öðru landi**

38% afsláttur




**2.970** kr/stk. áður 4.790 kr/stk.
**Harðskafi**

38% afsláttur




**3.094** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
**Heimsmetabókin 2008**

40% afsláttur




**1.734** kr/stk. áður 2.890 kr/stk.
**Draugaslóð**

38% afsláttur




**2.908** kr/stk. áður 4.690 kr/stk.
**Enginn má sjá mig gráta**

37% afsláttur




**1.695** kr/stk. áður 2.690 kr/stk.
**Bert og Kalda stríðið**

38% afsláttur




**1.854** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
**Beygluð og brotin hjörtu**

H.N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir 29 - 30. nóvember

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Grundvallarreglur og „flaðrandi rakkar“:

# Útvarp gleðinnar

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þegar frumvarpið um hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins var til meðferðar á Alþingi lagði Samkeppniseftirlitið fram álit. Þar kom fram að reglurnar um hið nýja hlutafélag stönguðust í veigamiklum atriðum á við grundvallarreglur samkeppnisréttarins. Fyrir menntamálaráðherra var það ekki áhyggjuefni, heldur þvert á móti gleðileg staðfesting á að tilganginum væri náð.

RÚV. ohf. gerði fyrir skömmu samning við fjölmiðlaeignarhaldsfyrirtækið Ólafsfell hf. um fjárstuðning. Samningurinn fól í sér brot á reglum um kostun dagskrárefnis sem settar eru vegna samkeppnissjónarmiða. Í þeim tilgangi að sniðganga samkeppnisreglurnar lýstu stjórnendur RÚV. ohf. því yfir að farin yrði hjáleið þegar kæmi að bókfærslu þessara tekna.

Andstætt lögum um RÚV. ohf. fær Ólafsfell hf. nánar skilgreint neitunarvald varðandi þá dagskrárgerð á vegum RÚV. ohf. sem samningurinn tekur til. Allt er þetta gert vegna þess að menntmálaráðherra telur að tilgangurinn helgi meðalið í baráttunni fyrir því að skekkja samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði.

Kostnaður RÚV. ohf. fór 65 milljónum króna fram úr áætlun á þessu ári. Af því tilefni samþykkti Alþingi aukastyrk til hlutafélagsins. Þetta er gert fyrir þá sök að menntamálaráðherra vill nota peninga skattborgaranna umfram það sem almenn lög gera ráð fyrir til enn frekari mismununar á samkeppnismarkaði.

Í lögum um RÚV. ohf. er sama regla um óhlutdrægni starfsmanna þess og gilti fyrir hlutafélagsvæðinguna. Útvarpsstjóri átti nýlega viðtal við einn af miðlum samstarfsfyrirtækisins Ólafsfells hf. Þar kemur fram sú skoðun útvarpsstjóra að stjórnendur og starfsmenn allra annarra fjölmiðla en þeirra sem Ólafsfell hf. á í, eða eru í samstarfi við það fyrirtæki, séu handgengnir eigendum sínum.

Ritstjórum Fréttablaðsins og blaðamönnum þess sem og annarra miðla í eigu 365 hf. líkir útvarpsstjóri við „flaðrandi rakka“ með lappirnar upp um eigendur sína bítandi í hælana á þeim sem þeir telja eigendunum andsnúna. Áður hefði verið óhugsandi að útvarpsstjóri gengi um óhlutdrægnisregluna með þessum hætti. Nú gerist þetta vegna þess að menntamálaráðherra er ekki á móti skapi að stjórnendur RÚV. ohf. leggi rækt við fjölmæli um valda samkeppnisaðila.

Ritstjórar þessa blaðs hafa talað fyrir því að almennar samkeppnisreglur gildi á fjölmiðlamarkaði með því fráviki sem lýtur að sérstakri menningarlegri almannaþjónustu eins og til að mynda þeirri sem RÚV. ohf. rekur enn með reisn og af ríkum metnaði með Rás eitt og mætti gjarnan ná til sjónvarpsins.

Ekkert feimnismál er að þessi grundvallarhugmyndafræði, sem byggist á gömlum merg, fer saman við hagsmuni útgefenda blaðsins að því best er vitað. Menntamálaráðherra er hins vegar af einhverjum ástæðum andvígur jafnri samkeppnisstöðu að þessu leyti. Útvarpsstjóri hefur á kostnað skattborgaranna tekið að sér að sækja og verja þá pólitík.

Þegar útvarpsstjóri lýsir því í tilvitnuðu viðtali að það sé gleðin en ekki gáfurnar sem ráða eigi för má vera að skýringin sé sú að menntamálaráðherra vilji einfaldlega ekki gáfulega stjórnun á útvarpi ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Var Haukur svo slæmur?

Þau gleðitíðindi hafa borist frá Orkuveitu Reykjavíkur að rekstur fyrirtækisins fyrstu níu mánuði ársins skilaði tæplega 6,4 milljörðum króna í hagnað. Það er ekkert smáræði, sérstaklega þegar haft er í huga að á sama tíma í fyrra tapaði Orkuveitan tæplega 1,2 milljörðum. Viðsnúningurinn er algjör. Athygli vekur að þessi mikla bragarbót á rekstri Orkuveitunnar átti sér stað í þá tíð sem Haukur Leósson var stjórnarformaður Orkuveitunnar. Sjálfstæðismönnum þótti árangur fulltrúa síns í stjórn Orkuveitunnar þó ekki tilkomumeiri en svo að Haukur var fyrstur látinn fjúka þegar REI-málið sprakk í loft upp.



### Í flóttamannahjálpinni

Blaðamennirnir Davíð Logi Sigurðsson og Ólafur Teitur Guðnason hafa sagt störfum sínum lausum hjá Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu. Davíð Logi hefur verið ráðinn til starfa hjá Palestínuflóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna en Ólafur Teitur ætlar að vinna á samskiptasviði Straums-Burðaráss. Á heimasíðu Davíðs Loga minnir almannatengillinn Örn Úlfar Sævarsson á að starf í fjármálageiranum er ekki eintómur dans á rósum eftir þau áföll sem hafa riðið yfir fjármálaheiminn undanfarið: „Er ekki rétt að óska mönnum til hamingju með svona? Þið Ólafur Teitur farið hvor í sína flóttamannahjálpina.“



### Dauðaþögn

Endurminningar Guðna Ágústssonar, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson skráir, hafa vakið athygli – sérstaklega frásagnir af skærum Guðna og Davíðs Oddssonar í kringum fjölmiðlalögin og að flokksbræður Guðna hafi veist harkalega að honum til að bola honum burt. Ekki liggur fyrir hvernig upplifanir Guðna koma flokksbræðrum hans fyrir sjónir því enn hefur hvorki heyrst hóst né stuna frá þingmönnum Framsóknarflokksins um bókina. Bloggararnir Siv Friðleifsdóttir og Björn Ingi Hrafnsson hafa þó bæði kunngjört að bókin sé á náttborðinu hjá þeim. En voðalega sækist þeim lesturinn seint.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Við höldum hópinn



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar birtu í fyrradag nýja skýrslu um lífskjör, Human Development Report 2007. Það vekur athygli og fögnuð, að Ísland er nú í fyrsta sinn í efsta sæti listans um lífskjör þeirra 177 þjóða, sem listinn nær yfir, en árin 2001-2006 var Noregur í efsta sætinu og þar áður Kanada 1990-2000, nema Japan skauzt tvisvar upp í efsta sætið (1991 og 1993). Noregur er nú í öðru sæti, síðan koma Ástralía og Kanada. Tölurnar taka til ársins 2005. Það vekur einnig athygli, en kemur þó kannski ekki lengur á óvart, að Bandaríkin skipa nú tólfta sæti listans. Bandaríkin hafa smám saman þokazt niður eftir þessum lífskjaralista. Þau voru – ásamt Íslandi – í öðru til þriðja sæti listans 1980, og héldu öðru sætinu 1985 og 1990 á eftir Kanada og sukku síðan niður í sjötta sæti 1995 og áttunda sæti 2000. Það er eftirtektarvert, að öll efstu löndin á listanum eru gamalgróin velferðarríki, jafnaðarlönd. Í hópi tuttugu efstu landanna er tekjuskiptingin langsamlega ójöfnust í Bandaríkjunum. Tekjuskiptingin í Kanada og Ástralíu er svipuð og í Frakklandi. Tekjuskiptingin í Bretlandi ber meiri svip af Frakklandi en Bandaríkjunum. Ísland hefur ekki enn fengizt til að telja fram tekjuskiptingartölur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir til Hagstofu Íslands.

Hvað sem öllu þessu líður og þróunarlöndunum, sem eru aðalefni skýrslunnar, ætti eitt atriði að vekja sérstaka athygli í okkar heimshluta, og það er þetta: Iðnríkin halda hópinn. Löndin efst á listanum standa svo þétt saman, að lífskjaramunurinn á þeim er varla marktækur. Lífskjaravísitala Íslands í efsta sætinu er einni prósentu hærri en vísitala Svíþjóðar í sjötta sæti. Og munurinn á Svíum í sjötta sætinu og Bretum í sextánda sæti er ekki heldur nema eitt prósent. Ekki nóg með það: munurinn á Bretlandi í sextánda sæti og Þýzkalandi í 23. sæti er einnig eitt prósent, og tók Þýzkaland þó upp á sína arma sextán milljónir fátækra Austur-Þjóðverja við sameiningu landsins 1990. Það var vel af sér vikið. Til samanburðar er kjaravísitala Indlands tólf prósentum hærri en vísitala Pakistans. Vísitala Botsvönu er helmingi hærri en vísitala Sambíu samkvæmt skýrslunni, svo að tvö önnur grannlönd séu höfð til marks. En iðnríkin vaxa saman, og þeim fer fjölgandi. Írar voru í 22. sæti listans 1980-1990, lyftu sér síðan upp í sextánda sætið 2000 og sitja nú í fimmta sætinu, næst á eftir Kanada. Gott hjá þeim. Og gott hjá okkur.

Yfirleitt hafa menn látið sér duga að reisa samanburð á árangri þjóða í efnahagsmálum á tiltækum þjóðhagsreikningatölum um tekjur á mann. Þessi hefðbundni mælikvarði er þó að ýmsu leyti of þröngur, og þess vegna tóku Sameinuðu þjóðirnar nýjan kvarða í notkun í tilraunaskyni. Vandinn við að einblína á tekjur á mann með gamla laginu er öðrum þræði sá, að þjóðartekjum er misvel varið. Ef tvær þjóðir hafa sömu tekjur á mann og önnur lætur heilbrigðismál og menntamál reka á reiðanum, svo að fjöldi fólks líður fyrir heilsuleysi og menntunarskort, þá býr hin þjóðin, sem lagði rækt við heilbrigðismál og menntun, klárlega við betri kjör á heildina litið. Þetta er inntakið í lífskjaravísitölu Sameinuðu þjóðanna. Hún er meðaltal þriggja talna: (a) vísitölu langlífis, sem nýfædd börn eiga í vændum; (b) vísitölu menntunar, sem ræðst að einum þriðja af fullorðinslæsi og að tveim þriðju af samanlagðri skólasókn á öllum skólastigum, þó án tillits til gæða skólanna; og (c) vísitölu kaupmáttar þjóðartekna á mann, þar sem þess er gætt, að verðlag er af ýmsum ástæðum mishátt eftir löndum. Það kostar minna að láta klippa sig í Kalkúttu en á Kópaskeri. Hugsunin á bak við vísitöluna er með öðrum orðum sú, að kaupmáttur þjóðartekna á mann nái að fanga þá þætti lífskjaranna, sem lýðheilsa og menntunarstig ná ekki til. Vísitalan er spor í rétta átt, en hún nær þó ekki alla leið að settu marki, eins og höfundar vísitölunnar viðurkenna fúslega.

### Hvað vantar?

Tvennt eða þrennt vantar enn í vísitöluna. Í fyrsta lagi þyrfti að skoða tekjur á hverja vinnustund frekar en tekjur á mann til að taka fyrirhöfnina á bak við tekjuöflunina með í reikninginn. Þetta skiptir máli í iðnríkjunum, þar sem vinnuálagið er býsna ólíkt eftir löndum. Í annan stað þyrfti að skoða, hvernig tekjurnar verða til og hvort þær eru sjálfbærar. Sums staðar halda menn uppi háum tekjum með því að ganga á eignir sínar og annarra, til dæmis umhverfið, og safna skuldum, og það ætti að réttu lagi að draga vísitöluna niður í tæka tíð frekar en eftir dúk og disk. Í þriðja lagi gæti þurft að taka mið af því, að mikil misskipting auðs og tekna getur bitnað á lífskjörum almennings umfram þau áhrif, sem birtast í menntunarskorti og skertu langlífi margra fátæklinga.

# Íslandsálagið

**UMRÆÐAN**

Skuldatryggingar



**FRIÐRIK JÓNSSON**

Umhleypingasamri viku á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum lauk með þeim tíðindum að álag skuldatryggingar íslensku viðskiptabankanna náði áður óþekktum hæðum. Föstudaginn 23. nóvember var 5 ára skuldatryggingarálag bankanna eftirfarandi: Kaupþing 367 punktar, Glitnir 271 punktar og Landsbankinn 211 punktar.

Punktar þessir jafngilda prósentubrotum, þ.a. 367 punkta álag Kaupþings endurspeglar 3,67% vaxtaálag ofan á grunnvexti á lánsfé til Kaupþings. Til samanburðar má nefna að á undanförnum árum hefur þetta álag farið lægst í um 12- 13 punkta, eða 0,12% álag á grunnvexti.

Á þessu gríðarlega álagi eru margar skýringar, þ.m.t. þau róstur sem eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Á hitt ber hinsvegar einnig að líta að á alþjóðlegum endurfjármögnunarmarkaði er yfirleitt litið á Ísland sem eina heild. Gagnvart Íslandi gilda einskonar landamörk (country limit) hvað varðar útlánaáhættumat. Það þýðir að þegar að íslenskt fjármálafyrirtæki leitar eftir endurfjármögnun á alþjóðamarkaði er ekki einungis litið á rekstrartölur viðkomandi fyrirtækis, heldur einnig til heildar fjármögnunarstöðu landsins þar sem það á höfuðstöðvar, þ.m.t. allra fjármálafyrirtækja.

Þetta gerist ekki þegar í hlut eiga fjármálafyrirtæki í öðrum ríkjum sem Ísland ber sig alla jafna saman við. Dönsk og þýsk fjármálafyrirtæki sækja t.d. fjármögnum og sæta álagi í samræmi við eigin styrk.

Það mikla álag sem viðskiptabankarnir, og önnur íslensk fjármálafyrirtæki, sæta um þessar mundir mun verulega hefta frekari vöxt þeirra og útrás ef ástandið verður viðvarandi. Má leiða að því líkur að sá kostur muni koma til alvarlegrar skoðunar hjá a.m.k. einhverju þeirra, í ljósi hagsmuna bæði hluthafa og viðskiptavina, að flytja höfuðstöðvar sínar frá Íslandi til annars lands, t.d. Bretlands eða Hollands. Sumum þeirra verður sú ákvörðun auðveldari en öðrum í ljósi umfangs og eðlis rekstrar þeirra. Það hefði hins vegar án efa afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf.

*Höfundur er formaður Framsóknarfélagsins á Akranesi.*




# FULL BÚÐ AF GJAFAVÖRUM FYRIR JÓLIN



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 um helgar.**

# Út úr öngstrætinu

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

Í marsmánuði árið 2001 voru Samtök atvinnulífsins fylgjandi þeirri ákvörðun að taka upp formlegt verðbólgumarkmið með fljótandi gengi krónunnar. Fastgengisstefnan, sem áður var við lýði, var ekki lengur framkvæmanleg hér á landi við frjálsa fjármagnsflutninga og því var ekki annar betri kostur fyrir hendi á þeim tíma. Samtökin höfðu þó efasemdir um hina nýju skipan, einkum vegna möguleika á miklum sveiflum á gengi krónunnar. Þá höfðu menn áhyggjur af því, að verulegri gengisóvissu fylgdi mikill vaxtamunur gagnvart viðskiptalöndunum, sem hefði skaðleg áhrif á atvinnulífið, einkum útflutningsatvinnugreinar. Á þeim tíma töldu samtökin, að reynsla næstu missera skæri úr um það, hvort flotgengisstefna væri hagfelldur kostur fyrir íslenskt atvinnulíf eða hvort stefnan yrði of dýru verði keypt og framtíðarskipan Íslands í peningamálum fælist í myntsamstarfi. Þessar efasemdir hafa því miður reynst á rökum reistar, þótt enginn sæi fyrir, að raungengi krónunnar, þ.e. innlendur kostnaður reiknaður í erlendri mynt miðað við viðskiptalöndin, ætti eftir að hækka jafn mikið og raun ber vitni, en síðastliðin þrjú ár hefur það verið um 10% hærra en raunin var að meðaltali síðustu 10 ár.

### Hemja verður opinber útgjöld

Stýrivöxtum Seðlabankans er ætlað að hafa áhrif á vexti banka og annarra aðila, sem síðan eiga að koma fram í heildareftirspurn, fjárfestingu og neyslu. Ekki er deilt um það samhengi milli vaxta og eftirspurnar. Vandinn er á hinn bóginn sá, að slíkt samband er veikt hér á landi, annars vegar vegna hárrar hlutdeildar verðtryggingar og erlendra fjárfestingarlána og hins vegar vegna starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem togað hefur í gagnstæða átt við Seðlabankann í reiptogi opinberra aðila við stjórn efnahagsmála. Til viðbótar þessu hefur fjármálastjórn bæði ríkis og ekki síður sveitarfélaga engan veginn stuðlað nægjanlega að því að stýra opinberum útgjöldum í samræmi við efnahagsástandið og hefur Seðlabankinn ítrekað bent á nauðsyn þess að hemja opinber útgjöld í því skyni að draga úr eftirspurn.

### Dýrir stýrivextir

Við aðstæður mjög hárra vaxta skapast tækifæri fyrir spákaupmenn að hagnast á þeim vaxtamun, sem er á milli Íslands og annarra landa, en hann hefur þau áhrif að styrkja gengi krónunnar langt umfram jafnvægisgengi. Þetta hefur verið langsýnilegasta og áhrifamesta afleiðing hárra stýrivaxta undanfarin ár. Reynsla síðustu missera gefur sterklega tilefni til þess að ætla, að háir stýrivextir séu bitlítið vopn í baráttu gegn ofþenslu í íslensku hagkerfi. Í stað þess að draga úr heildareftirspurn bendir flest til þess, að háir vextir stuðli að háu gengi krónunnar, sem aftur stuðlar að auknum kaupmætti launa, örvar eftirspurn og fjárfestingu heimila og fyrirtækja, en leggst að sama skapi þungt á útflutningsatvinnugreinar í formi minni útflutningstekna og dregur verulega úr möguleikum þeirra til þess að standa undir launakröfum, sem gerðar eru á atvinnulífið í heild. Heildaráhrif hárra stýrivaxta skerða því verulega svigrúm atvinnulífsins við gerð kjarasamninga, og er hætt við því, að afleiðingar þess geti orðið afdrifaríkari fyrir launafólk og íslenskt efnahagslíf en skammtímaávinningur í formi aukins kaupmáttar.

### Óverðtryggð króna léttvæg

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað hvatt ríkisstjórnina til þess að taka á þeirri sjálfheldu, sem stjórn peningamála og hagstjórnin hefur ratað í. Atvinnulífið getur ekki þolað þá skertu samkeppnisstöðu, sem of há verðbólga, viðvarandi háir vextir, hátt raungengi og óhóflegar gengissveiflur hafa skapað. Tilraunir Seðlabankans undanfarin ár til þess að hafa hemil á verðbólgu með vaxtahækkunum hafa sýnt, að þetta tæki bankans dugar lítið í þeirri viðleitni. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær, að markaðshlutdeild óverðtryggðrar krónu, sem stýrivextir bankans hafa einkum áhrif á, er orðin mjög lítil í lánakerfinu og að hlutdeild erlenda lána fer sífellt vaxandi. Um þessar mundir er hlutdeild óverðtryggðra útlána bankanna innan við fjórðungur, verðtryggð lán tæpur þriðjungur og gengisbundin lán tæpur helmingur. Einnig er vert að hafa í huga, að verðhækkun síðastliðna 12 mánuði mæld með vísitölu neysluverðs án húsnæðis nemur 1,9% og er þannig töluvert undir 2,5% verðbólguviðmiði Seðlabankans, en á sama tíma hefur verðhækkun mæld í vísitölu neysluverðs með húsnæði numið 5,2%. Í þessu sambandi er vert að benda á, að hækkun húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs undanfarin fjögur ár nægði ein og sér til þess að vísitalan í heild hækkaði um 2,5% árlega og því hefði verðbólgumarkmið Seðlabankans ekki náðst nema með því að aðrir liðir hefðu ekkert hækkað á sama tíma. Gefur auga leið, að slíkt markmið er með öllu óraunhæft, enda hlýtur að orka tvímælis svo vægt sé til orða tekið að mæla verulega skammtímahækkun á húsnæði inn í vísitölu á tímapunkti húsnæðiskaupa, þar sem stærsti hluti kaupverðs dreifist yfir langan tíma. Mjög mismunandi er hvort og þá hvernig aðrar þjóðir taka tillit til fasteignaverðs eða verðs á eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs. Í mörgum ríkjum OECD er húsnæðiskostnaður ekki mældur í verðbólguvísitölum og það sama á við um hina samræmdu vísitölu ESB. Í hópi þessara ríkja eru meðal annarra Belgía, Spánn, Frakkland, Ítalía og Lúxemborg. Flest ríki OECD nota hins vegar svokallaða leiguígildisaðferð, þ. á m. Bandaríkin, Danmörk og Noregur, en þar er markaðsverð á leiguhúsnæði lagt til grundvallar við mat á verðbólgu.

### Ný hernaðaráætlun nauðsynleg

Í stað þess að beita bitlausu vopni stýrivaxta af vaxandi þunga er löngu orðið tímabært að skipta um vopn og byggja upp nýja hernaðaráætlun, sem beinist að hinum raunsanna andstæðingi. Fjármál ríkis og sveitarfélaga þurfa að veita meira aðhald og takmarka verður útlán Íbúðalánasjóðs. Í lögum um Seðlabanka Íslands er kveðið á um það sem meginmarkmið bankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Honum er heimilt með samþykki forsætisráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu og honum er skylt að stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði um stöðugt verðlag. Þetta samhengi þurfa ríkisstjórn og stjórnendur Seðlabankans að skilgreina sameiginlega og vissulega verður að ætlast til þess, að ríkisstjórnin leiði slíka stefnumörkun. Seðlabankanum er ekki ætlað að sigla einn um ólgandi haf. Ef einungis er að finna bitlausar sveðjur í vopnabúri Seðlabankans, þá er nauðsynlegt að leita liðstyrks þeirra, sem búa yfir annars konar vopnum. Tali menn ekki saman, þá er annars ekki að vænta en að áfram verði gengið fram af því meiri hörku með bitlaus vopnin, þar til kraftar þverra.

### Draga verður úr verðbólgu og óstöðugleika

Brýnt er að endurskoða nú þegar stefnuna í efnahags- og peningamálum. Núverandi blanda hagstjórnaraðgerða opinberra fjármála, Íbúðalánasjóðs og stýrivaxta er ekki til þess fallin að stuðla að jafnvægi í efnahagslífinu og draga úr verðbólgu. Hágengistímabil krónunnar koma illa niður á fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni og óstöðugleiki gengisins breytir forsendum rekstrarlegra ákvarðana í öllum atvinnugreinum á ófyrirsjáanlegan hátt. Nú er komið að þeirri stund, að knýja verður á um samræmdar aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka, þar sem væntingar um starfsumhverfi atvinnulífsins á komandi misserum munu hafa veruleg áhrif á gerð kjarasamninga á næstu vikum.

*Höfundur er formaður Samtaka atvinnulífsins.*




Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

**PRENTIÐ VINSÆLT**

Brettafatnaður er orðinn að hátískuvöru sem ryður brautina þegar kemur að nýjum tískubylgjum, segir Björn Ólafsson, eigandi Brims.

TÍSKA 2



**SETIÐ VIÐ EYJUNA**

Barstólar eru vinsælir eldhússtólar og sjást á sífellt fleiri heimilum, sérstaklega þar sem heimilisfólk borðar við svokallaðar eyjur.

HEIMILI 4



HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI

LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900

HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000

HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Kjóllinn er af móður Önnu Betu og náði hann upphaflega niður á miðja leggi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alltaf verið kjólastelpa

***Anna Beta Gísladóttir er mikil kjólastelpa. Henni finnst gaman að gramsa í fataskáp móður sinnar og hefur stundum fundið þar flíkur sem hafa gengið í endurnýjun lífdaga.***

Anna Beta Gísladóttir er nítján ára menntaskólamær. Hún hefur alltaf verið hrifin af kjólum og fyrir nokkru gróf hún upp bláan kjól úr fórum móður sinnar sem hún segir í miklu uppáhaldi. Hann er hnepptur að framan með doppum og blómum og notar hún hann mikið hversdags við þykkar gammosíur.

Anna Beta segir tískuna í dag ekki alltaf henta sér. „Ég kemst yfirleitt ekki í föt sem hönnuð eru á þvengmjóar ofurfyrirsætur. Ég hef brennt mig á því að reyna að troða mér í eitthvað sem ekki passar og reyni nú að finna eitthvað sem klæðir minn vöxt,“ segir Anna Beta, sem er greinilega skynsöm stúlka og lætur ekki stjórnast af tískustraumum.

Anna Beta segist ekki eltast við merkjavöru og í raun reyna að forðast hana þar sem hún heldur að sér höndum á meðan hún stundar nám. „Það er mikill fengur í því að finna eitthvað gamalt sem ekki þarf að borga mikið fyrir.“

Kjóllinn er bæði breyttur og bættur en þegar móðir hennar átti hann náði hann niður á miðja leggi. Þær mæðgur styttu hann svo upp að hné þegar Anna Beta fór að ganga í honum en hún varð svo fyrir því óláni að rífa neðan af honum. Þá var hann bara styttur einu sinni enn og er nú fyrirtaks skokkur. Þá segist Anna Beta vera nýfarin að ganga í hælum og í þeim efnum leitar hún einnig á náðir móður sinnar, sem hún segir smekkkonu. „Við notum sömu stærð, sem kemur sér mjög vel,“ segir hún og hlær.

*vera@frettabladid.is*

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 30.nóvember n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



Láttu okkur gera jólakortin fyrir þig

www.myndval.is

myndval Þönglabakka 4 - sími 557 4070

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



**Jólakjólinn** er gott að velja tímanlega svo maður lendi ekki í stressi og sitji kannski uppi með rándýran og ómögulegan kjól. Þá er betra að gefa sér tíma og velja vel og vandlega eða vera einfaldlega búin að ákveða að nota eitthvað sem til er.

## Fullkominn fögnuður

FÁGAÐUR EINFALDLEIKI, EINS OG COCO SJÁLF VILDI HAFA HANN.



Nú fyrir jólin minnir franska tískuhúsið Chanel á ilminn Coco Mademoiselle í undurfagurri spiladós þar sem fagna hvor annarri í art deco-speglasal spiladósarinnar smækkuð útgáfa bresku kvikmyndastjörnunnar Keiru Knightley, sem er nýtt andlit Coco Mademoiselle, og agnarsmá parfumflaska af þessum ögrandi, töfrandi austrænum ilmi sem lýst er eins og Coco Chanel var sjálf.

Í sjónvarpsauglýsingum má sjá Keiru klæðast purpurarauðum síðkjól sem Karl Lagerfeld sérhannaði fyrir þetta tilefni, en Coco Mademoiselle er álitin mesta „ungfrúin" af Chanel-ilmvötnunum. *- þlg*



Björn Ólafsson, eigandi Brims, segir brettatískuna fyrst og fremst eiga að vera þægilega og er hún í dag hátískuvara.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Brettatískan er hátíska

***Björn Ólafsson, eigandi Brims á Laugavegi, segir brettafatnað vera orðinn að hátískuvöru sem ryðji brautina þegar kemur að nýjum tískubylgjum.***

„Það sem er heitast í dag er að vera með rosalega mikið prent á öllum fatnaði," segir Björn og bætir við að hönnunin gangi algjörlega út á prentið um þessar mundir. „Það er sama hvort það eru bolir, hettupeysur, fínni peysur eða annað. Þetta er allt með mismunandi prenti," segir hann og nefnir sem dæmi röndótt, köflótt, teinótt og tíglamunstur. „Það má segja að þetta sé flott tíska fyrir athyglissjúka því þetta gengur allt út á liti og prent. Á hinn bóginn er hægt að fá fatnað sem er alveg látlaus en allt þarna á milli er ekki að gera sig í dag," segir Björn.



Hettupeysur eru eitt það vinsælasta í dag og hér er ein falleg með áprentuðu munstri.

Spurður hvaða litir séu mest í gangi núna segir Björn að sá svarti sé alltaf klassískur. „Dökkgrátt, brúnt og hvítt er voðalega vinsælt líka og rýkur út. Svo er rautt alltaf klassískt. Þetta eru í rauninni bara þessir hefðbundnu litir sem eru alltaf nema bara í allt öðruvísi formi en venjulega."

Um snið á fatnaðinum segir Björn að tvennt sé í gangi. „Helmingurinn er í svokölluðum „slim fit" fatnaði en restin í þessari venjulegu þægilegu vídd," segir hann en almennt sé lagt upp með að brettafatnaðurinn sé þægilegur.

Björn segir brettafyrirtækin hafa elt tískulínurnar hér áður fyrr en nú sé það allt breytt því tískufyrirtækin séu farin að eltast við brettatískuna í dag. „Maður sér það greinilega þegar skoðað er í búðir að nú eru allir að eltast við prentið og fleira sem brettaframleiðendur byrjuðu með," segir Björn.



Björn segir úlpurnar í Brim renna út eins og heitar lummur og hann hafi varla undan að panta fleiri. Reglan sé að panta aðeins fáar af hverri tegund til að fyrirbyggja að allir séu í eins úlpum.

Brim býður upp á yfir tuttugu brettamerki og þar af eru Element og Billabong vinsælust enda eru það risarnir í heimi brettatískunnar. Að sögn Björns er Brim með gríðarlega stóran hóp viðskiptavina. „Það er langt frá því að við séum bara að selja brettafólki föt. Brettatískan er einfaldlega hátískan í dag."

*sigridurh@frettabladid.is*


Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

Tískuföt fyrir fasmiklar konur
StreetOne Uldahl
Stærðir 36-44



20% afsláttur af öllum vörum til 10. des.
YSJA
Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131

Ás accessories heildverslun
RISA LAGERSALA
opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16
FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.
ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI
DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.
Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.
Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



SÍÐIR JAKKAR
Rita
Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730
Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16 og Eddufelli 10 - 14



# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Mjúkir pakkar

Hver kannast ekki við að vita ekkert hvað eigi að gefa Þrúðu frænku eða Matta nágranna í jólagjöf? Þegar flestir í okkar umhverfi eiga allt sem til þarf og vel það en samt þarf að finna einhverja góða hugmynd enn eina ferðina.

Einhvern tíma gerði ég góð kaup í seðlaveskjum hjá Yves Saint Laurent og það árið fengu allir í kringum mig veski, fyrir kort, aura eða seðla. Sem betur fer voru gerðirnar og litirnir margbreytilegir svo ekki fengu allir það sama. Svo er alltaf auðveldara þegar fólk býr á mismunandi stöðum á landinu, því hittast ekki endilega þeir sem eiga eins veski.

Ég á einmitt þrjár frænkur um ellefu ára aldur en svo heppilega vill til að ein býr Vestmannaeyjum, önnur í Reykjavík og sú þriðja í Kaupmannahöfn. Þannig er hægt að nota sömu hugmyndina þrisvar sinnum.

Í ár eru hanskar í mikilli sókn eftir að hafa verið til hliðar um nokkuð langt skeið. Þeir eru nú ómissandi fylgihlutur, punkturinn yfir i-ið á dressinu. Þarna er kannski svar við jólagjafavandamálinu í ár. Hanskar eru auðvitað ómissandi í kaldari löndum eins og á Íslandi en framboðið er líklega meira spennandi þegar þeir eru virkilega í tísku eins og nú.



Hér í landi eru ilmvatnsborgir og skóframleiðsluhéruð en hanskar koma aðallega frá höfuðborg hanskaframleiðslu, Millau í Aveyron-héraði. Áður voru hanskar tákn fágunar (Jackie Kennedy og Audrey Hepburn í Dior) en með frjálsari klæðaburði. Um 1970 var hönskum ýtt til hliðar.

Frá árinu 2005 eru hanskar hins vegar aftur í sókn eins og sölutölur sýna hjá litla fjölskyldufyrirtækinu Farbre sem í ár hefur selt 20.000 hanskapör, fjórum sinnum meira en á síðasta ári. Fabre-fyrirtækið er í Millau og framleiðir fyrir fjölda tískuhúsa eins og Chanel og Christian Lacroix og þar á bæ er hanskaframleiðslan handverkslist. Efnin eru ekki af verri endanum, leður, snákaskinn og krókódíll, og fóðrið er ýmist silki, kasmírull, kanínuskinn eða minkur, allt eftir því hversu hlýir og hversu fínir hanskarnir eiga að vera. Þessir hanskar eiga það eitt sameiginlegt með hönskum H&M, Etam eða Zöru að hylja hendur notandans. Hanskar fjöldaframleiðslukeðjanna eru oftar en ekki framleiddir í Kína eða öðrum löndum þar sem dæmi eru um að börn sitji við sauma daga og nætur.

Hjá Farbre geta hanskarnir verið handsaumaðir eða vélsaumaðir en endahnúturinn er alltaf unninn í höndunum. Vissulega er verðið ekki það sama og á kínverskri fjöldaframleiðslu, frá um 60 evrum upp í 1000 evrur, eftir efnum og hversu mikil vinna hefur verið lögð í þá. Sumir er með ásaumuðum hnöppum eða útsaumi en hvert smáatriði hækkar verðið.

*bergb75@free.fr*

## Létt og silkislétt

HEILBRIGT OG FALLEGT HÖRUND ER DRAUMUR ALLRA KVENNA.

Ef þú vilt án minnstu fyrirhafnar fá óaðfinnanlegt litaraft fyrirsætunnar sem oftast virðist vera með lýtalausa húð skaltu prófa nýja Ideal Finish-púðrið frá Nivea Beauté. Silkimjúkt púðrið felur húðgalla og gefur náttúrulega, matta og léttpúðraða áferð sem helst tímunum saman.

*- þlg*




## Klassík og kynþokki

FERSKUR OG MUNÚÐARFULLUR ILMUR FYRIR KARLMENN.

Fleur du Male frá Jean Paul Gaultier er vandaður ilmur fyrir karlmenn sem gera kröfur um klassík og kynþokka. Fersk appelsínublóm koma á óvart, en í grunninn er Fleur du Male byggður á tákni karlmennskunnar; asíuburkna. Glasið er úr hvítum ópalsteini, en hvíti liturinn er litur appelsínublómsins sem er kjarni þessa ilms.

*- þlg*


















**Hægindastólar** eru til þess gerðir að láta fólki líða vel og getur verið einstaklega gott að láta líða úr sér í þeim eftir erfiðan dag eða sitja og lesa góða bók.



Salerni með hæglokandi setu kr. 9.900.-

BAÐHEIMAR
Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar



Marretti

Hágæða Ítölsk vara
Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.
B.Haraldsson
s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is



visir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Barstólar fyrir heimilið

Barstólar af ýmsu tagi njóta síaukinna vinsælda. Þeir eru ekki einungis keyptir inn fyrir verslanir og veitingastaði heldur kaupir almenningur þá í auknum mæli til að hafa inni á heimilum sínum. Þeim er þá stillt upp við eyjur og upphengdar borðplötur í eldhúsi og setja flottan svip á heimilið. Stólarnir eru þó langt frá því að vera bara upp á punt því einstaklega þægilegt er að geta tyllt sér á þá og látið líða úr fótunum. Oft er á þeim fótskemill í passlegri hæð og marga er hægt að og lækka. Það ætti því að vera mun heilsusamlegra að hvíla þar lúin bein en á lægri stólum með fæturna í flækju.

Stólarnir eru til í fjölbreyttu úrvali í allflestum húsgagnaverslunum bæjarins og myndu margir sóma sér vel í þeim kokkteilboðum og veislum sem framundan eru. *vera@frettabladid.is*



Boum-barstóll frá ítalska fyrirtækinu Kristalia. Hönnuðir eru Monica Graffeo og Ruggero Magrini og fæst hann í versluninni Heima. Þetta er snúningsstóll sem hægt er að hækka og lækka með því að ýta á hnapp undir setunni. Hægt er að velja um tvenns konar áklæði. Annars vegar mjög slitsterkt, teflonhúðað pólýesteráklæði og hins vegar áklæði úr pólýúreþani sem mjög auðvelt er að þrífa. Verð 82.800 krónur.





Fíberglass (trefjagler) stóll með pumpu og krómfæti. Er frá ítalska fyrirtækinu Effezeta og kostar 12.900 Fæst í Toscana og er til í mörgum litum.









Skemmtileg hönnun. Stólarnir eru til í mörgum litum og er hægt að stafla þeim. Hönnun: Konstantin Grcic. Fást í Epal og kosta 23.770 krónur.



Ton-barstóll frá Epal. Hönnun: August Thonet. Verð 12.980 kr.



Effezeta-leðurstóll með krómfótum. Kostar 35.900 og fæst í Toscana. Til í fleiri litum.

Leðurstóll með pumpu og krómfæti frá Effezeta. Kostar 35.900 og fæst í Toscana.



Ice-barstóll frá Epal. Hönnuður: Kasper Salto. Verð: 75.600.

Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir
Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



**Sölustaðir:**
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

WMF STEIKARPOTTUR
VILLEROY & BOCH / KRINGLUNNI / 533 1919



TILBOÐSVERÐ
10.900 KR.
WMF



**Teygjur** eru afskaplega góðar fyrir líkamann og nú þegar jólastressið læðist að fólki er um að gera að gefa sér tíma fyrir líkamsrækt og teygjur. Þeir sem stunda kyrrsetuvinnu hafa sérstaklega gott af teygjum til að minnka líkur á vöðvabólgu.

# Gott fyrir sál og líkama

***Lýsi hefur spilað stórt hlutverk í lífi Íslendinga um aldir og veitt landsmönnum hita, næringu og skjól. Í dag er lýsið tekið inn til heilsubótar og segir Jón Ögmundsson, gæðastjóri Lýsis hf., frá helstu kostum vörunnar í dag.***

Jón segir að upphaflega hafi lýsi verið tekið inn til að fá úr því A- og D-vítamín. „Síðar kom í ljós að ómega-3 fitusýrurnar í lýsi eru jafnmikilvægar. Þær eru lífsnauðsynlegar þó við myndum þær sjálf í mjög litlum mæli. Þess vegna verðum við að fá þær úr fæðunni,“ segir Jón og bendir á að það fyrsta sem menn vissu um ómega-3 fitusýrur væri að neysla þeirra drægi úr líkum á hjartasjúkdómum.

„Nú er verið að skoða samhengið á milli ómega-3 fitusýra og geðsjúkdóma á borð við þunglyndi, geðhvarfasýki og fleira,“ segir Jón og bætir við: „Þá stafar fæðingarþunglyndi hugsanlega af skorti á ómega-3 fitusýrum.“

Jón segir ómega-3 draga úr bólgum og því verði þeir sem taka lýsi liðugri. „Svo má benda á að hlutfallið milli ómega-3 og ómega-6 hefur raskast mikið undanfarið,“ segir Jón og útskýrir nánar: „Ómega-6 er aðallega í jurtaolíum og ef hlutfallið milli ómega-3 og ómega-6 verður óhagstætt fyrir ómega-3 þá hefur það neikvæð áhrif.“ Jón bendir á að með aukinni notkun á jurtaolíum sé enn brýnna að fá ómega-3 fitusýrur til að laga hlutfallið.

„Loks má nefna að samkvæmt rannsókn á börnum með athyglisbrest hjálpar lýsið þeim mikið. Eins dregur það úr ofbeldishneigð því hún getur stafað af skorti á ómega-3,“ segir Jón en þetta hefur verið sýnt fram á í fangelsum í Englandi. „Þar hefur föngum verið gefið lýsi, sem dregur augljóslega úr ofbeldishneigð svo þetta hefur víðtæk áhrif á alla líðan,“ segir Jón, fullviss um að góð útkoma kannana á bjartsýni Íslendinga sé lýsinu að þakka.

*sigridurh@frettabladid.is*



Jón Ögmundsson, gæðastjóri Lýsis hf, segir lýsið hafa víðtæk áhrif jákvæð áhrif á sál og líkama. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




IPL VARANLEG, SÁRSAUKALÍTIL HÁREYÐING

Greifynjan snyrtistofa s. 587 9310

NEMATILBOÐ -20% FIMMTUD. ANDLITMEÐFERÐ

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Maternity

Fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.

- Neðanþvottaklútar fyrir þrútin og viðkvæm svæði
- Olíugel, eykur teygjanleika húðarinnar og er tilvalið til að nudda upp úr
- Næringarkrem sem eykur teygjanleika húðarinnar
- Fótakrem sem léttir á þrútnum fótum

Dr Fischer

Fæst í apótekum um land allt

Hvað er að frétta?



Beint í farsímann eða í vefpósti_

www.visir.is

vísir Fyrstur með fréttirnar!

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Leyndarmálið
um langlífi Íslendinga komið fram!



Harðfiskur er hollur*

*Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið, prótínríkur og inniheldur vítamín og bætiefni sem eru nauðsynleg fyrir líkamann.

Fæst í Bónus og Inspired (Flugstöðinni)

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

vefur með umhverfisvitund - Náttúran.is -



Náttúran.is gefur góð ráð um allt sem varðar heilsu og umhverfisáhrif á heimilinu...

..og er líka náttúrumarkaður með lífrænar og umhverfisvottaðar vörur og gjafir...

....og pakkinn er sendur beint heim til okkar.

11-2007 Náttúran.is

www.natturan.is
....kíktu inn, opið allan sólarhringinn!


Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Á góðum járnum

HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is


# íslenskur iðnaður

FIMMTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




130 m á hæð

*„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“*

**Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415 · fagthak@fagthak.is

SIL-AIR
SIL-AIR 50/24

Afkastar 50L/min og 8.bar/116 psi.
24 Lítra kútur. Vegur aðeins 27.kg.
B:40cm x D:40cm x H:60cm
Færanleg og mjög hljóðlát loftpressa.
JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

IN SINK ERATOR

15% afsláttur til jóla
Sorpkvarnir í heimilisvaska
KVARNIR
SALA LEIGA
Lyngháls 10 - verslun
Tunguháls 15
Sími 564 6070
www.kvarnir.is


# Nýr framkvæmdastjóri hjá Samtökum iðnaðarins

**Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur ráðið Jón Steindór Valdimarsson í stöðu framkvæmdastjóra samtakanna. Hann tekur við starfinu af Sveini Hannessyni frá og með næstu mánaðamótum.**


Jón Steindór Valdimarsson er nýr framkvæmdastjóri SÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Jón Steindór Valdimarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og tekur við af Sveini Hannessyni. Jón Steindór hefur áralanga reynslu af starfi samtakanna þar sem hann gegndi áður stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra þeirra.

„Þetta er auðvitað talsvert mikil breyting fyrir mig,“ segir Jón Steindór. „Hins vegar þekki ég samtökin, skipulag, verkefni og starf þeirra afskaplega vel. Sem aðstoðarframkvæmdastjóri var ég meira í afmörkuðum verkefnum en í nýja starfinu færist áherslan meira á heildarsýnina bæði inn á við og út á við auk þess sem ég tek ábyrgð á stjórn og starfi samtakanna.

En auðvitað er líka starfandi styrk og virk stjórn yfir samtökunum auk þess sem þau státa af góðu starfsliði svo að ekki veltur allt á framkvæmdastjóranum einum,“ segir Jón Steindór og ítrekar að hann taki við mjög góðu búi og farsælum rekstri af Sveini Hannessyni. „Þess vegna er ekki nein þörf fyrir byltingu hér þó að ég reikni með því að þess muni sjást merki þegar fram líða stundir að nýr framkvæmdastjóri sé tekinn við starfi.“

Spurður hvað sé fram undan hjá Samtökum iðnaðarins segir Jón Steindór stærstu verkefnin ætíð fólgin í því að tryggja sem best rekstrarumhverfi og arðbæran rekstur.

„Því miður er mikill óstöðugleiki í efnahagsmálum sem er iðnaðinum erfiður. Af einstökum viðburðum á næstunni get ég nefnt að í janúar verður menntadagur iðnaðarins og útboðsþing, í febrúar fundur um konur í iðnaði og síðan iðnþing 6. mars og verður það helgað Evrópumálum, en samtökin hafa lengi talið að rétt sé að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru.“

Jón Steindór hefur þó nokkra reynslu af alþjóðasamvinnu og segir að á því leiki enginn vafi að sú reynsla komi honum að góðum notum. „Markmið Samtaka iðnaðarins er að skapa þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að þeim hagstætt rekstrarumhverfi. Slíkt umhverfi skapast í sívaxandi mæli á alþjóðavettvangi, hvort heldur það gerist með alþjóðasamningum eða öðrum þáttum alþjóðavæðingar.

Hlutverk samtaka eins og okkar felst því mjög í því að fylgjast vel með og taka mið af gangi mála á heimsvísu og hvetja til þess og berjast fyrir því að íslenskar aðstæður verði lagaðar sem best að þeirri þróun.“ *- þr*

● **JÓN STEINDÓR** er fæddur og uppalinn á Akureyri og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Hann útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1985 og hóf haustið 1988 störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra 1993. Lengst af starfaði Jón Steindór sem aðstoðarframkvæmdastjóri þeirra. Hann hefur mikið sinnt verkefnum sem tengjast alþjóðasamvinnu og hefur gengt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Samtök iðnaðarins. Má þar nefna að hann er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og á sæti í Ráðgjafanefnd EFTA. Jón Steindór er kvæntur Gerði Bjarnadóttur menntaskólakennara og eiga þau þrjár dætur.

# Tíu milljónir í námsefnisgerð

**Árlegur menntadagur iðnaðarins fer fram í seinni hluta janúar og mun að þessu sinni fjalla um námsefnisgerð fyrir iðn- og starfsnám.**


**Samtök iðnaðarins verja tíu milljónum árlega til námsefnisgerðar og munu fjalla um um þessi mál á árlegum Menntadegi iðnaðarins í janúar.**

Samtök iðnaðarins halda árlega menntadag iðnaðarins og bjóða þá til ráðstefnu um mál sem varða menntun og uppbyggingu mannauðs í iðnaði. Að þessu sinni mun ráðstefnan taka fyrir námsefnisgerð fyrir iðn- og starfsnám.

Á ráðstefnunni koma framsögumenn frá erlendum systursamtökum Samtaka iðnaðarins, menntamálaráðuneyti og frá útgefendum. Verknámskennarar eru sérstaklega velkomnir á ráðstefnuna.

Til sýnis verða námsgögn í iðn- og starfsnámi, meðal annars þau sem Samtök iðnaðarins hafa styrkt útgáfu á.

Að sögn forsvarsmanna hefur uppbygging iðn- og starfsmenntunar verið mjög öflug síðastliðna áratugi. Lagaumhverfi í atvinnulífinu er mun hagfelldara og búist er við því að ný lög um framhaldsskóla auðveldi enn frekar samstarf atvinnulífs og skóla. Unnar hafa verið metnaðarfullar námskrár í fjölmörgum greinum og framhaldsskólarnir státa margir af góðum aðbúnaði til kennslu í iðn- og starfsgreinum.

Þó kemur fram hjá Samtökum iðnaðarins að úrval námsefnis sé misjafnt eftir greinum, sérstaklega í fámennum greinum. Ástæðan sé helst lítill markaður og að því leyti eigi iðn- og starfsmenntun langt í land með að ná sambærilegri stöðu og í nágrannalöndum okkar.

Til að bæta úr þessu ákváðu Samtök iðnaðarins fyrir tveimur árum að verja árlega tíu milljónum króna til námsefnisgerðar í iðnaði. Tugir námsgagna hafa verið styrktir til útgáfu og verða til sýnis á menntadegi iðnaðarins, sem er hinn 23. janúar 2008. Allar nánari upplýsingar: www.si.is *- rh*



Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Prodema viðarklæðning
Álprófílar – Sapa Building System
Sólstofur og svalalokanir
Hraðhurðir
Stálhurðir
með og án glugga
Gæði og þjónusta
í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Rennihurðir
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is



Erlendur hefur fengist við glerslípun í 37 ár.

## Hamraðir speglar vinsælir

Erlendur Ólafsson rekur gleriðju á horni Sundlaugavegar og Laugarnesvegar í Reykjavík. Þar fæst hann við speglagerð, glerslípun, glerskurð og innrömmun og slíka iðn hefur hann stundað í áratugi. „Ég hef rekið eigið fyrirtæki frá 1990 og var áður búinn að vinna við gleriðju í tuttugu ár hjá sama manninum, lengst af í Þverholtinu,“ segir hann.

Erlendur kveðst skera niður gler og spegla og ramma inn eftir óskum hvers og eins auk þess sem hann selji tilbúna spegla. „Speglar eru sjálfsagðir í forstofur, svefnherbergi og ganga og svo hafa margir orðið spegla í stofunum líka,“ segir hann.

„Það fer eftir smekk hvort og hvernig ramma fólk velur en silfur- og stállíki er vinsælt rammaefni ekki síst á baðherbergin,“ segir Erlendur. Hann er líklega sá eini hér á landi sem framleiðir spegla með hömruðum brúnum og segir þá sívinsæla. *- gun*



Húsasmíði heillar marga.

## Bæta um betur

Bættu um betur er tilraunaverkefni sem gengur út á að meta færni sem aflað hefur verið á vinnumarkaði inn í iðnnám. „Mér sýnist á öllu að við förum af stað með tvo hópa eftir áramót, í bifvélavirkjun og húsasmíði,“ segir Valgeir Magnússon, náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, skammstafað Símey. „Það eru meistarar í iðninni, Verkmenntaskólinn og við sem komum að þessu verkefni. Iðan er komin með reynslu af því og við njótum handleiðslu hennar.“ *- gun*




# Ný uppfinning sem mun gagnast bakveikum vel

**María Ragnarsdóttir sjúkraþjálfari hefur hannað nýtt tæki sem veitir hlutlægar niðurstöður í mælingum á hreyfingum hryggjarliða.**



María Ragnarsdóttir hannaði fyrir nokkrum árum öndunarhreyfingamæli. Nú hefur hún búið til tæki sem mælir hreyfingar á milli einstakra hryggjarliða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Tækið mælir hreyfingar á milli einstakra hryggjarliða. Það er lítið og nett þannig að haldið er á því, það lagt á bakið og þrýst með því á hryggjarliðinn. Það sýnir þá bæði magn þrýstingsins, sem er notaður, og hreyfinguna sem verður við þrýstinginn og við það fæst fall af þessu tvennu.“

Þetta segir María Ragnarsdóttir sjúkraþjálfari um nýtt tæki sem hún hefur unnið að því að þróa í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og sérhæfða tæknimenn með styrk frá Tækniþróunarsjóði síðastliðin ár og stefnir að því að markaðssetja og framleiða á næstu árum. Tækið mun gagnast sjúkraþjálfurum við mælingar á stífleika liða hjá fólki með einkenni frá baki og gefa hlutlægar niðurstöður.

„Hingað til hafa sjúkraþjálfarar þjálfað sig í að skynja og meta hreyfingar hryggjarliða,“ útskýrir María og bætir við að vandinn við þetta sé að niðurstöður matsins séu huglægar og geti því verið mismunandi milli mælanda og frá einu mati til annars. „Ég tel að tækið gefi nákvæmara mat á hrygghreyfingum sem getur leitt til markvissari meðferðar og betri árangurs.“

Eins vonast María til að tækið auki trúverðugleika meðferðarinnar fyrir þá sem beita henni. „Á ráðstefnum um allan heim segjast menn hafa náð svo og svo miklum árangri með meðferð, en þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að geta ekki sýnt fram á það með rannsóknum,“ segir hún. „Með tækinu verður það hægt í nákvæmum tölum.“

Hugmyndina að tækinu fékk María þegar hún var að hlúa að íþróttameiðslum sonar síns. „Hann fékk læsingu í mjóbakið og



Teikning af mælitækinu sem er lagt á bakið og þrýst á hryggjarliðinn.

ég var að reyna að losa um hana. Þá hugsaði ég með mér að sniðugt væri að geta mælt hreyfingarnar. Þannig hófst þetta,“ segir María, sem aðspurð segist ekki skilja af hverju engum hafi dottið í hug að hanna svona mæli fyrr.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem María sendir frá sér nýjung í heilbrigðistæknigeiranum. Hún átti hugmyndina að öndunarhreyfingamælinum ÖHM-Andra, sem mælir öndunarhreyfingar, og lenti í fyrsta sæti í keppninni „Upp úr skúffunum“ árið 1999.

María segir að með aðstoð hans hafi fengist ný þekking úr rannsóknum sem hafi verið kynntar í erlendum tímaritum og á ráðstefnum úti í heimi.

Eftirspurn eftir mælinum er nú að aukast en María segir að það hafi engu að síður reynst erfitt að markaðssetja hann. Hún vonast til að það verði auðveldara með nýja mælitækið.

„Kannski verður það auðveldara með nýja tækið,“ segir María hugsi. „Það er sett saman úr aðkeyptum hlutum og líklegra til að verða framleiðsluvara hér en ÖHM-Andri. Heimsmarkaðurinn er stærri og tækið lítið, svo auðvelt ætti að vera að senda það út um allan heim.“

María hefur fyrir hönd fyrirtækis síns MTT ehf. sótt um einkaleyfi á tækinu og því ferli er að ljúka. Hún hyggst kynna tækið á ráðstefnu í Hollandi í júní á næsta ári og reiknar með að framleiðsla þess hefjist í kjölfarið. *- rve*

# Stofnun fyrirtækis er meðganga

**Stofnun og rekstur fyrirtækja er námskeið ætlað öllum sem hafa áhuga á gerð viðskiptaáætlana og vilja hefja sjálfstæðan rekstur.**



Kristján Óskarsson verkefnastjóri segir fullt af spennandi námskeiðum hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fyrir utan námskeiðið Stofnun og rekstur fyrirtækja sé þar kennt námskeiðið Brautargengi, sem fjalli um sama málefni en sé sérsniðið að þörfum kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er vikulangt kvöld- og helgarnámskeið sem snýst fyrst og fremst um hvernig skrifa eigi viðskiptaáætlanir. Að því loknu eiga þátttakendur að vera færir um að skrifa slíka áætlun, greina markaðstækifæri sinna viðskiptahugmynda og geta reiknað út hvort viðskiptahugmyndirnar séu vænlegar eða ekki,“ segir Kristján Óskarsson verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands um námskeiðið Stofnun og rekstur fyrirtækja, sem hefst fimmtudaginn 6. desember.

Markaðsmál, fjármál og rekstrarmál eru meðal þess sem tekið er fyrir námskeiðinu, sem byggist upp á fyrirlestrum, hóp- og verkefnavinnu. Í verkefnavinnunni er unnið að viðskiptaáætlun á meðan á námskeiðinu stendur. Þátttakendur hafa síðan val um að halda í lokin kynningu byggða á eigin hugmyndafræði, án þess þó að þurfa að ljóstra upp viðskiptaleyndarmálum eins og Kristján orðar það. Er það gert til að fá álit samnemenda og heyra hvort hugmyndin sé rökfræðilega rétt.

Að sögn Kristjáns er námskeiðið opið öllum sem hafa áhuga á að stofna fyrirtæki eða vilja ná betri tökum á rekstri fyrirtækis. „Til okkar kemur alls konar fólk, líka fólk með mikla reynslu af rekstri. Það sem menn læra á þessu námskeiði nýtist í hvað fyrirtækjarekstur sem er.“

Hann bætir við að ástæður þess að fólk skrái sig á námskeiðið séu æði ólíkar, en algengt sé að menn leiti einhverrar heildarmyndar. „Mönnum finnst oft erfitt að henda reiður á sölumöguleikum hugmynda sinna; hverjar hugsanlegar tekjur og gjöld af hugmyndinni verði. Viðskiptaáætlun útskýrir þetta. Hún gefur þessar tölur.“

Kristján tekur fram að þó sé nauðsynlegt að menn geri sér strax í upphafi raunhæfar væntingar til námskeiðsins. „Þeir koma ekki á námskeið af þessu tagi og stofna fyrirtæki daginn eftir. Viðskiptaáætlun og stofnun fyrirtækis er meðganga, nokkuð sem verður til hægt og rólega. Maður þróar fyrst hugmyndina. Svo lætur maður verkin tala. Þetta er þrepavinna, þar sem eitt er tekið fyrir í einu. Svo getur maður alveg leyft sér að anda á milli.“

Að námskeiði loknu geta þátttakendur síðan leitað eftir frekari ráðgjöf hjá Impru, miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki, sem er sérstök deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

„Þar geta allir fengið að minnsta kosti einn tíma til að viðra sínar hugmyndir,“ útskýrir Kristján. „Svo fá þeir hugsanlega meiri hjálp ef þetta er ekki í beinni samkeppni við annað. Það er í raun undir hverjum og einum komið hvað hann heldur miklum samskiptum við okkur eftir að hann hverfur héðan.“ *- rve*




890 DC945KB
**Hleðsluborvél m/höggi, 12V**
310W, 48NM 2X2,6Ah NiMH rafhlöður, 30 mín. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**26.900,-**

# KRÖFTUG VERKFÆRI
## á góðu verði sem vert er að skoða



890 DC925KB
**Hleðsluborvél m/höggi, 18V**
450W, 56 Nm, 2x2,6 Ah, NiMH rafhlöður, 30 mín. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**33.900,-**



890 DC330KB
**Stingsög, 18V**
400W, 0-3000 slög/mín. 2x2,6 Ah, NiMH rafhlaða, 1 klst. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**37.900,-**



890 DC800KL
**Herslulykill, 36V, 440 Nm**
800W, 2x2,2 Ah, Li-Ion rafhlöður, 1 klst. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**66.900,-**



890 DC224KA
**Borhamar, 24V**
300W, 1100rpm, 2,1 J, 2x2,0 Ah NiCd rafhlaða, 1 klst. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**54.900,-**




890 DC011
**Hleðslutæki með útvarpi, 1,25-3 Amp**
1 klst. hleðslutæki, 7,2-18V NiCd/NiMh.
**16.900,-**



890 DW743
**Veltisög**
250 mm.
**76.900,-**




890 DC5PAKB
**Pakkatilboð, 18V**
Hleðsluborvél DC925, hjólsög DC390, sverðsög DC380, stingsög DC330, vasaljós DW919, 2x2,6Ah NiMh rafhlöður, 30 mín. hleðslutæki. Góð taska fylgir.
**89.900,-**

**N1** VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR
WWW.N1.IS
**OPIÐ VIRKA DAGA 8-18**
**LAUGARDAGA 10-14**

# Stærsti iðnmenntaskóli landsins

**Stefnt er að því að sameina rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans til að efla starfsemi skólanna og tengja þá þörfum atvinnulífsins.**

Samkvæmt tillögum Samtaka iðnaðarins sem lagðar voru fyrir á fundi með iðnnefnd Alþingis er stefnt að því að sameina rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans með það að markmiði að efla starfsemi þeirra og tengja þá þörfum atvinnulífsins. Talið er að með þessu náist einnig hagræðing í rekstri.

Fyrirætlunin er sú að Samtök iðnaðarins, LÍÚ, Samtök kaupskipaútgerða, Samorka og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík taki að sér rekstur hins sameinaða skóla. Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, hefur komið að mótun og framkvæmd þessara hugmynda um sameiningu Iðnskólans og Fjöltækniskólans.

Spurður hvers vegna hugmyndirnar skjóti fyrst upp kollinum núna segir Ingi Bogi að á undanförnum árum hafi atvinnulífið í auknum mæli litið til menntakerfisins sem meginstoðar í atvinnueflingu.

„Þetta nýja fyrirkomulag er tækifæri til að efla iðnmenntun og iðnað með beinni tengslum við atvinnulífið. Með sameiningunni verður til stærsti framhaldsskóli landsins og einnig stærsti iðnmenntaskólinn," segir hann og bendir líka á að sveinsprófum hafi ekki fjölgað í réttu hlutfalli við mannfjölgun eða aukna framleiðni í iðnaði.

„Gott dæmi um þetta er byggingariðnaðurinn, sem er mjög háður erlendu vinnuafli. Þetta skýrist að hluta til af því að þrengt hefur verið að iðnmenntun hvað fjárveitingar varðar, en iðnnám er dýrt."

En hvaða leið ætla hinir nýju rekstraraðilar að fara til þess að koma þessum breytingum á? „Tengingin milli skólans og atvinnulífsins verður miklu beinni en verið hefur," segir Ingi Bogi.

„Skólanum verður deilt niður í mismunandi svið, eða skóla, með skólastjórnum sem í munu sitja starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja sem reiða sig á þekkingu viðkomandi sviðs í iðnaði. Skólinn í heild verður hlutafélag í eigu atvinnulífsins sem mun reka skólann samkvæmt nýja fyrirkomulaginu en í umboði menntamálaráðuneytisins."

Ingi Bogi bætir við að fulltrúar atvinnulífsins muni sitja í stjórninni, sem geri skólanum auðveldara að svara kröfum nútímans um gæði og sveigjanleika náms og auka atvinnumöguleika þeirra betur sem þar hafa stundað nám.

„Við höfum fengið ótrúlega góð viðbrögð við þessum hugmyndum, sérstaklega frá nemendum en einnig kennurum og sömuleiðis frá atvinnulífinu og stjórnvöldum," segir Ingi Bogi.

„Mikil undirbúningsvinna stendur nú yfir við að undirbúa næstu haustönn hins nýja skóla. Henni verður að vera lokið fljótlega eftir áramót enda þarf skipulag námsskeiða þá að vera komið á hreint." *-þr*



Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, hefur komið talsvert að mótun og framkvæmd hugmynda um sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Hlutfall kynjanna kannað innan iðngreina

**Samtök iðnaðarins hafa stofnað starfshóp sem mun kanna hlutfall kynjanna í iðnnámi og -störfum innan iðnaðarins. Í kjölfarið munu samtökin standa fyrir fundi, í byrjun febrúar á næsta ári, þar sem niðurstöður könnunarinnar verða ræddar.**

„Við höfum þegar gert bráðabirgðakönnun á hlutföllum kynjanna meðal stjórnenda fyrirtækja í Samtökum iðnaðarins. Þar kom í ljós að karlmenn eru í miklum meirihluta í stjórnendastöðum, sérstaklega innan stærstu fyrirtækjanna," segir Rakel Pálsdóttir, forstöðumaður almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins.

Í kjölfarið var stofnaður starfshópur á vegum samtakanna sem mun kanna hlutdeild kvenna í iðnaði.

„Hópurinn mun kanna hlutfallið á almennari grundvelli en við höfum þegar gert. Það er þá bæði í námi og starfi. Síðan munum við meta orsakir ójafnvægis komi það í ljós þegar niðurstöður liggja fyrir," segir Rakel.

Í kjölfar könnunarinnar munu samtökin standa fyrir fundi í byrjun febrúar þar sem fjallað verður um konur í iðnaði, nánar tiltekið í störfum innan fyrirtækja sem eru í Samtökum iðnaðarins.

„Tilgangur fundarins er að draga fram konur sem starfa hjá fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins og hvetja þær til að taka meiri þátt í starfseminni. Fá konur til að beita áhrifum sínum til eflingar fyrirtækjanna og beita sér út á við. Einnig munum við velta upp spurningum á borð við: Af hverju sækja konur ekki í iðngreinar? Hvernig snýr umhverfi iðnfyrirtækja að konum? Hvað þarf til að konur sæki meira í iðnað? Enda vantar fólk í iðnfyrirtæki og konur búa yfir sams konar mannauði og karlmenn sem fyrirtæki ættu að geta sótt, " segir Rakel. *-rh*



Konur hafa alla tíð unnið við iðnað en hafa þó verið mun færri í þeim störfum en karlar. Nú ætla Samtök iðnaðarins að kanna hlutdeild kynjanna og hvetja konur til þátttöku.




# ÖFLUGUR

TOYOTA
**TONERO**

Toyota Tonero er dísillyftari og nýjasta afkvæmið í Toyota lyftarafjölskyldunni. Vinsælasti lyftarinn okkar hefur verið uppfærður og góð vara er einfaldlega orðin betri. Öryggi, skilvirkni, ending, þægindi og umhverfishyggja eru lykilþættir vörumeðhöndlunar. Toyota Tonero er lyftari sem uppfyllir alla þessa þætti... og meira til. Hafðu samband við okkur og við munum með ánægju veita þér nánari upplýsingar um Toyota Tonero.

TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT BT

THM Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is

TOYOTA
MATERIAL HANDLING

# Nauðsynlegt og tímabært tæknisafn

**Fámennur en ört stækkandi hópur áhugafólks berst nú fyrir því að byggt verði tæknisafn á Íslandi, þar sem tæknisaga og -nýjungar landsmanna verði til sýnis og starfrækt vísindastofa.**



Tækni- og listasafnið í Valencia á Spáni er glæsilegt á að líta. Valdimar telur tímabært að Íslendingar eignist eigið tæknisafn.

Valdimar Össurarson hefur í nokkur ár barist fyrir því að á Íslandi verði reist tæknisafn eins og þekkist víða erlendis, þar sem þau laða árlega til sín milljónir gesta. Safnið er fyrst og fremst hugsað sem lyftistöng fyrir nám í raunvísindum þar sem uppistaða þess er vísindastofa, eða „science center“, að erlendri fyrirmynd, ásamt því að vera sýning á verkum íslenskra vísindamanna og nýjustu tækniframförum.

„Fyrir fjárlaganefnd Alþingis liggur beiðni um verulega aukið framlag í verkefnið til að geta haldið áfram nauðsynlegri sérfræðivinnu. Færustu sérfræðingar í heimi, við Ontario Science Centre í Toronto, eru tilbúnir að veita sína aðstoð, en það kostar sitt,“ útskýrir Valdimar. Hann bætir við að vinna sérfræðinganna felist í því að skila tillögu með upplýsingum um starfsemi safnsins, kosti þess, líklega eigendur og rekstraraðila.

Hugmyndin að tæknisafninu kviknaði þegar Valdimar og fleiri tóku þátt í uppsetningu á sýningunni Hugvit og hagleikur í Þjórsárveri árið 2004.

Hann segir þá hafa komið í ljós hversu illa hafi verið haldið utan um uppfinningar íslenskra hugvitsmanna.

„Uppistaðan í starfsemi erlendra tæknisafna er „science center“, eins konar fræðandi leiktækjasalur, þar sem gestir geta prófað sjálfir, leikið sér og lært af reynslunni. Víða erlendis er heimsókn á söfnin talinn eðlilegur hluti af grunn- og framhaldsskólanámi. Okkur vantar svona kennslutæki í okkar raungreinakennslu, þótt við teljum stundum að okkar menntakerfi sé í fremstu röð.

Önnur ástæða fyrir þörf á svona stofnun er að það vantar stað til að halda utan um frumkvöðlastarf og uppfinningar. Þrátt fyrir mörg ágætis tæknigreinasöfn getum við hvergi farið með raungreinanema eða útlenda gesti og sagt: Svona er okkar tæknisaga.“

Hann bendir á að eins vanti stofnun sem haldi utan um helstu tækninýjungar á Íslandi. „Maður getur hvergi farið með skólakrakkana til að sýna þeim hvað sé nýjast í erfðavísindum og öðrum greinum raunvísinda. Nú er ekkert hægt að segja frá þessu þar sem það er hvergi til sýnis. Safnið yrði góður vettvangur fyrir nemendur innan raungreina.“

Eftir að hugmyndin varð til hófst undirbúningur að verkefninu, sem hefur staðið yfir í fjögur ár. Ferðamálanefnd Flóamanna hefur, undir stjórn Valdimars, verið formlegur undirbúningsaðili. Á þessu ári var leitað álits hjá ýmsum landssamtökum með menntun á sinni stefnuskrá. Þau hafa lagt áherslu á nauðsyn verkefnisins og tilnefnt fulltrúa í samráðshóp. Er verkefnið því nú unnið á mjög víðtækum grunni, enda stofnuninni ætlað að þjóna landinu öllu.

„Ríkið hefur á tímabilinu styrkt verkefnið, fyrst árið 2005 og aftur 2006. Styrkirnir dugðu til að gera vandaðar en kostnaðarsamar skýrslur um þörf og notagildi safnsins fyrir menntakerfið, en vinna hefur öll verið sjálfboðastarf. Kennaraháskóli Íslands skilaði síðasta sumar skýrslu um notagildi og nauðsyn stofnunarinnar með tilliti til skólastarfs. Þar er fullyrt að tæknisafn sé nauðsynlegt og tímabært. Vonandi verður okkur því veittur styrkur til að halda áfram,“ segir Valdimar og bætir við að undirbúningsnefndin eigi í góðu samstarfi við Menntamálaráðuneytið, þar sem fullur skilningur sé á nauðsyn safnsins.

Hann segir of snemmt að segja til um staðsetningu safnsins, en telur að hlutirnir gengju hratt fyrir sig yrði styrkveitingin samþykkt. „Við hristum nú stórar stofnanir fram úr erminni á örskömmum tíma. Allt er því hægt ef viljinn er fyrir hendi.“



**Valdimar vill að safnið hýsi tæknisögu og helstu tækninýjungar Íslendinga.**

Nánari lýsingar á verkefninu má sjá á vefsíðunni www.tsi.is.

*- rve*



GARMIN™







jólagjöfin
2007







Rataðu í óbyggðum úthverfanna, styttu þér leið á ferðalögum erlendis, Garmin Nüvi línan vísar þér örugga leið á áfangastað. Vegleiðsögutæki í miklu úrvali frá kr. 23.000,-

Garmin útivistartækin hafa margsannað sig í óveðrum hér á landi hjá björgunarsveitum sem og áhugafólki um útivist. Útivistartæki sem vinna með íslandskorti frá kr. 22.900,-

Forerunner tækin gefa æfingunni nýjan tilgang, kepptu við þinn fyrri árangur á myndrænan hátt og skoðaðu árangurinn í tölvunni. Forerunner æfingatæki frá kr. 9.900,-

**GPS Íslandskort 3.5: kr. 16.900,-**
Akureyri: *Haftækni.* Blönduós: *Krákur.* Grundarfjörður: *Mareind.* Ísafjörður: *Bensínstöðin.* Reyðarfjörður: *Veiðiflugan.* Selfoss: *Østerby Sport.* Vestmannaeyjar: *Geisli.* Reykjavík: *Arctic Trucks, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Líf & List, Max Raftæki, Motormax, RadíóRaf, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst.* Fríhöfnin: *Elko*

R. SIGMUNDSSON

R. SIGMUNDSSON EHF. | KLETTAGÖRÐUM 5 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | GARMIN.IS

# Malariðnaður í takt við nútímann

**Petromodel er nýtt sprotafyrirtæki hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það hannar hugbúnað og mælitæki fyrir malariðnað. Þorgeir Helgason er frumkvöðull þeirrar tækni sem þar er þróuð en hann segir markmið fyrirtækisins vera að færa malariðnaðinn nær nútímanum.**

Petromodel er nýtt sprotafyrirtæki sem hefur hafið starfsemi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fyrirtækið hannar hugbúnað og mælitæki fyrir malariðnað.

„Við hjá Petromodel hönnum hugbúnað og mælitæki til þess að prófa framleiðslu frá jarðefna- og steinefnaiðnaðinum. Um er að ræða til dæmis möl, sand og grjótmulning sem aftur á móti eru hráefni í steypu, húsgrunna, malbik og stíflur svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Þorgeir Helgason, frumkvöðull þessarar tækni. „Framleiðendur eiga að uppfylla viss skilyrði varðandi þessi efni en dráttur hefur orðið á því hér á landi að uppfylla nýlega Evrópustaðla.“



Mælitækið er notað til að prófa framleiðslu frá jarðefna- og steinefnaiðnaðinum, til dæmis möl, sand og grjót sem eru hráefni í steypu og fleira.

Þorgeir starfaði í tíu ár hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og í önnur tíu ár á verkfræðistofu, eftir að hafa lokið jarðfræðiprófi á Íslandi og meistaraprófi í jarðverksfræði í Kanada. Hann hefur því verið viðloðandi jarðefnaiðnaðinn mestalla sína starfsævi, löngu áður en Petromodel var sett á laggirnar.

Þorgeir bendir á að í fyrrnefndum stöðlum sé kveðið á um þá eiginleika sem framleiðendur eigi að gefa upp um framleiðslu sína við kaupendur efnanna. „Til dæmis þurfa byggingaverktakar sem kaupa hráefni í steypu að geta gengið að eiginleikum vörunnar sem vísum. Með útbúnaði frá Petromodel geta kaupendur þessarar vöru kannað gæði hennar,“ segir hann.

Þorgeir bendir enn fremur á að þótt jarðefnaiðnaðurinn styðjist við traustar aðferðir til mælinga og stöðlunar séu þær gamlar og oft og tíðum úreltar og seinvirkar.

„Petromodel er að færa þennan iðnað nær nútímanum, svipað og til dæmis Marel hefur gert í matvælaiðnaðinum,“ segir hann og bætir við að fyrirtækið hafi nýlega gengið til samstarfs við Sigurð Þór Kristjánsson um fjárfestingu í Petromodel.

„Sigurður hefur tæplega þrjátíu ára reynslu af greininni sem framleiðslustjóri Björgunar ehf. og hefur fullan skilning á okkar vinnu. Þetta er stórt skref fram á við en oft hefur verið erfitt að fjármagna verkefni okkar.“

Þorgeir bendir á að starf Petromodel hafi þýðingu fyrir Ísland frá alþjóðlegu sjónarmiði því að jarðefnaiðnaðurinn sé gríðarstór í heiminum og vaxi víða mjög hratt í löndum sem eru í óða önn að tæknivæðast með tilheyrandi framkvæmdum.



**Þorgeir Helgason er frumkvöðull þeirrar tækni sem þróuð er á Petromodel. Fyrir aftan hann situr Þorsteinn Sigfússon, forstöðumaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem virðir fyrir sér mælitæki fyrirtækisins.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Því eykst þörfin fyrir mælitækin jafnhliða auknum framkvæmdum. Þar sem Petromodel hefur alþjóðlegt einkaleyfi á þeirri tækni sem það er að þróa fyrir greinina leiðir það aftur til þess að staða fyrirtækisins er einstök í heiminum.“ *-þr*



**Gæði glersins skipta öllu máli**

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is

argus - 06-0185

Vilt þú

# auka framleiðni

og bæta afkomu fyrirtækisins?

## Áfangaskipt gæðavottun SI

Samtök iðnaðarins í samvinnu við Iðuna - fræðslusetur, kynna nýja og aðgengilega aðferð til að bæta rekstur fyrirtækja.

Aðferðin byggist á áfangaskiptum aðgerðum sem miða að því að gera upplýsingar um alla rekstrar-þætti aðgengilegar og tryggja að þær séu nýttar til að bæta reksturinn.



Áfangarnir eru fjórir og miða að því að bæta hvaðeina í skipulagi og rekstri sem hefur áhrif á fram-leiðni og afkomu fyrirtækja. Veitt verður gæðavottun fyrir hvern áfanga sem fyrirtækið getur strax nýtt í kynningarskyni.

Með þessari nýju aðferð er komið til móts við þarfir fjölmargra aðildarfyrirtækja SI sem vilja bæta rekstur sinn markvisst skref fyrir skref. Þótt fyrirtæki kjósi að taka aðeins fyrstu eitt eða tvö þrepin hafa þau þá þegar í mörgum tilvikum gert umtalsverðar úrbætur fyrir sig og viðskiptavini sína. Afraksturinn kemur fljótlega í ljós með aukinni framleiðni, betri framleiðslu og þjónustu.

## Nánari upplýsingar



Að baki kröfum hvers þreps eru skilgreiningar sem lýst er nánar á vef-setri SI; www.si.is/gsi Þar eru stuttar lýsingar sem hver stjórnandi getur borið saman við stöðu mála í sínu fyrirtæki.

## Eitt símtal og ferðin er hafin

Öll fyrirtæki, sem eiga aðild að SI geta í fyrstu lotu óskað eftir úttekt á því hvort þau standast kröfur D-vottunar. Síðan taka þau næstu þrep upp á við - eftir því sem við á. Ekki þarf annað en að hafa samband við SI og panta slíka úttekt í síma 591 0100.



Frá stjórnleysi



til umbreytingar



og vaxtar

SI

Samtök iðnaðarins

# Hvað er mannvirkjahönnun?

**Þegar farið er inn á vefsíðu Iðunnar fræðsluseturs má sjá árganga útskrifast úr mannvirkjahönnun, en þar er þó ekki um nýtt eða sérhæft nám í mannvirkjahönnun að ræða.**

„Námskeið í mannvirkjahönnun sækja arkitektar, byggingafræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar og aðrir sem hanna mannvirki. Á því er aðallega farið yfir reglugerðir og lög sem heyra undir mannvirki,“ segir Birgir Hólm Ólafsson, fræðslufulltrúi bygginga- og mannvirkjasviðs á Iðunni fræðslusetri.

„Námskeiðið heitir Löggilding mannvirkjahönnuða og var sett á laggirnar í kjölfar nýrrar reglugerðar sem iðnaðarráðuneytið setti árið 2002. Þetta er 48 tíma námskeið á þremur helgum sem endar með prófi sem veitir þeim sem standast það löggildingu til að skila inn teikningum til samþykktar hjá byggingarnefnd og byggingarfulltrúa,“ segir Birgir, en allir sem útskrifast hafa í ofantöldum starfsgreinum frá árinu 1998 þurfa að fara í gegnum námskeiðið til að öðlast löggildingu.

„Þessu námskeiði ljúka um sextíu manns á ári, en til þess að mega sækja það þurfa menn að hafa á bilinu tuttugu mánaða til þriggja ára starfsreynslu. Það á þó ekki við um arkitektinn,“ segir Birgir. *-þlg*



**Þótt vatnstankarnir í Öskjuhlíð myndi góða stólpa undir Perlunni þarf meiri tækniútfærslu til að halda svo flókinni byggingu uppi og til þess þarf löggildingu í mannvirkjahönnun.**




# Fimm frábærar uppfinningar

**Heimurinn er fullur af ómissandi hlutum sem hugsuðir hafa fundið upp okkur hinum til hagleiks. Hér eru fimm hlutir sem breyttu heiminum til hins betra.**



**BÍLLINN** Eftir að bíllinn var fundinn upp bötnuðu vegir og þegar vegir skánuðu byrjuðu borgir að myndast því fólk gat loks búið í sveitum en unnið í borginni. Enn fremur blómstraði olíuiðnaður eftir því sem bílaeign varð algengari og olía varð lykill að völdum og auðæfum.



**SÍMINN** Marga hafði reyndar dreymt um einhvers konar tæki sem gerði fólki kleift að tala við aðra án þess að fara að heiman, en loks þegar síminn varð að veruleika gat hver sem er talað við hvern sem er á hvaða tíma sem var. Í kjölfarið minnkaði heimurinn og tengslanet mannanna þéttist.

**P-PILLAN** Getnaðarvarnapillan breytti hlutverki kvenna í samfélaginu og mannkynssögunni. Loks gátu konur notið kynlífs á við karla, án þess að eiga á hættu á ótímabærri þungun.






**TÖLVAN** Einmana fólk eignaðist vini á endanum. Tölvan spilar leiki við eiganda sinn, segir honum brandara, leikur tónlist fyrir hann, fyllir út skattframtalið og er endalaus uppspretta samræðna við aðra heimsbúa, og þá er fátt upptalið af kostum tölvunnar og áhrifum hennar í veröldinni.

**KLÓSETTIÐ** Reyndu að ímynda þér stórborgir heimsins án klósetts. Sú uppfinning að fjarlægja skolp jafnóðum með hreinu vatni hefur gert okkur mögulegt að búa í þéttbýli án sjúkdóma og smithættu af völdum saurgerla og almenns óþrifnaðar.






SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

# Kerfi til varnar mannvirkjum

**Eggert Ólafsson hefur hannað snjóflóðavarnarkerfi sem hann segir valda minni sjónmengun og jarðraski en leiðigarðar og auk þess sé aðferðin mun ódýrari.**


Eggert Ólafsson telur að snjóflóðavarnarkerfið henti við ýmsar aðstæður og valdi auk þess minni sjónmengun og jarðraski en leiðigarðar.

Eggert Ólafsson flugvirki hefur hannað snjóflóðavarnarkerfi sem gæti nýst til að vernda mannvirki eða önnur svæði en hugmyndina fékk hann eftir snjóflóðin á Súðavík og Flateyri.

„Hönnunin er sú að netpokar eru notaðir til þess að hemja snjóflóð,“ útskýrir Eggert. „Hver poki er hálfhringlaga með ferhyrndu opi og virkar líkt trolli. Hann er tengdur við jarðfestingar með öflugum taugum og komið fyrir í sérstökum kössum sem eru staðsettir í farvegum hugsanlegra flóða.

Þegar loftbylgja sem snjóflóð þrýstir á undan sér skellur á kössunum opnast þeir og hleypa úr sér fyrrnefndum netpokum, svipað og þegar fallhlíf opnast. Hlerar á hliðartaugum og vængeiningar á efstu hlið pokaopsins sjá til þess að pokinn haldist opinn þegar flóðið skellur á honum.“

Eggert bætir við að þegar snjórinn flæði inn í vörnina myndist yfirþrýstingur í henni. Hitastig hækki með auknum hraða flóðs, þrýstingi og þéttleika möskvanna í netinu. Stór hluti af orku flóðsins breytist í varma þegar snjómassinn þrýstist ásamt samþjöppuðu lofti í gegnum möskvana. Snjókristallarnir bráðni við þetta og myndi vatnsdropa sem frjósi aftur þegar úr netinu kemur og falli þar til jarðar vegna þess að þrýstingur er lægri neðan við vörnina.

„Afgangur flóðsins stöðvast í vörninni og hleðst upp fyrir framan hana. Þegar snjóa leysir má setja hana aftur í kassann. Setja má bráðabirgðavörn ofan á eldri vörn og nota sömu festingar,“ segir Eggert, sem hefur víðtæka menntun og starfsreynslu á tæknisviði. Hefur hann meðal annars unnið sem útvarpsvirki, rafiæknir og mælitækjavirki og var á sjó, sem hann segir allt saman hafa nýst honum við hönnun pokana, sem að hans sögn henta við ýmsar aðstæður.

„Kössunum er einfaldlega fjölgað og raðað eftir aðstæðum og hentug möskvastærð valin. Þessi aðferð felur í sér minni sjónmengun og jarðrask en umfangsmiklir leiðigarðar, sem hingað til hefur verið notast við, enda má fjarlægja kassana á sumrin,“ segir uppfinningamaðurinn og telur þessa aðferð mun ódýrari en fyrrnefnda garða. „Snjóflóð hafa lítið verið rannsökuð og kerfið getur nýst til þess enda má koma fyrir í því átaksmælum,“ segir hann.


Snjóflóðavörnin sem ekki hefur fengist nægilegt fjármagn til að gera almennar tilraunir með.

Eggert hefur einkaleyfi á kerfinu á Íslandi og í Bandaríkjunum og hefur sótt um það meðal annars í Noregi og Kanada. Viðbrögðin hafa þó verið misjöfn. Hann segir Svein Ólafsson, eðlisfræðing við Háskóla Íslands, hafa verið mjög jákvæðan gagnvart verkefninu en hann aðstoðaði Eggert jafnframt með það.

„Veðurstofan, sem sér um rannsóknir á snjóflóðum og vörnum við þeim, hefur hins vegar ekki viljað gefa jákvæða umsögn og því hefur ekki fengist styrkur úr Ofanflóðasjóði til þess að gera rauntilraun á kerfinu, sem er dýr,“ segir Eggert. „Smærri tilraun í vindgöngum bendir þó til að það virki eins og til er ætlast.“ *-þr*






# BIRTA, AFL OG YLUR

Þessi ljósapera verður bráðum 100 ára gömul og lifir enn!
Hana er að finna í minjasafni Fjarðarselsvirkjunar á Seyðisfirði.
RARIK hefur hinsvegar þjónað Íslendingum í 60 ár og fært birtu
og yl inn á heimili vítt og breitt um landið

Getur þú hugsað þér skammdegið án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

Knattspyrnufélagið FC Barcelona var stofnað á þessum degi árið 1899. Stofnendurnir voru frá Sviss, Englandi og Katalóníu með Joan Gamper í fararbroddi. Félagið óx hratt eftir stofnun þess og landaði sínum fyrsta titli aðeins tveimur árum eftir stofnun þess. Í júní á þessu ári voru skráðir meðlimir félagsins 156.366 og skráð stuðningsmannafélög á heimsvísu voru 1782.

Fjöldi íþróttagreina er iðkaður undir merkjum Barcelona en knattspyrnulið félagsins er þekktast þeirra og hefur unnið flesta titla. Tveir Íslendingar hafa leikið með Barcelona, Viggó Sigurðsson lék með handknattleiksliði félagsins en Eiður Smári Guðjohnsen leikur í dag með knattspyrnuliðinu.

Heimavöllur FC Barcelona er Camp Nou sem tekur um 100.000 manns í sæti en í fyrra var Barcelona annað ríkasta íþróttafélag heims.

Á síðasta leiktímabili, 2006-07, endaði Barcelona í öðru sæti í spænsku úrvalsdeildinni undir stjórn Franks Rijkaard sem hefur verið við stjórnvölinn hjá liðinu frá árinu 2003.



**NOU CAMP** Heimavöllur FC Barcelona er Nou Camp og tekur allt að 100.000 manns í sæti.

## MERKISATBURÐIR

**1211** Páll Jónsson, biskup í Skálholti, andast.
**1929** Bandaríski könnuðurinn Richard Byrd flýgur fyrstur allra yfir Suðurpólinn.
**1947** Sameinuðu þjóðirnar ákveða að skipta Palestínu og búa til sjálfstætt ríki gyðinga í landinu.
**1963** 118 láta lífið þegar kanadísk farþegaþota ferst í flugtaki.
**1986** Dregið í fyrsta sinn í lottóinu á vegum Íslenskrar getspár.
**1986** Bandaríski leikarinn og átrúnaðargoðið Cary Grant andast á 83. aldursári.
**2000** Hilmir Snær Guðnason leikari hlýtur Íslensku bjartsýnisverðlaunin þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

## AFMÆLI



**SKÁLDKONAN DIDDA ER 43 ÁRA Í DAG.**



**STRANDVARÐA-LEIKKONAN GENA LEE NOLIN ER 36 ÁRA Í DAG.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,*

### Lars-Erik Bromell

Fossvegi 2, Selfossi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 20. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug.

**Aðalheiður Hermannsdóttir**
**Ester Karoline Bromell**
**Þóra Sigríður Bromell**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Ásgeir Sæmundsson

rafmagnstæknifræðingur, fv. stöðvarstjóri Andakílsárvirkjunar, Fornhaga 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 26. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sæmundur Ásgeirsson** — **Steinunn Jóhannsdóttir**
**Ásdís Ásgeirsdóttir** — **Helgi Árnason**
**Haukur Ásgeirsson** — **Ásdís Pálsdóttir**
**Anna Guðný Ásgeirsdóttir** — **Bjarni Á. Friðriksson**
**Hafdís Ásgeirsdóttir**
**Gyða Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Dóra Guðlaugsdóttir

Heiðarvegi 9, Vestmannaeyjum,

andaðist mánudaginn 26. nóvember á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

**Bjarni Sighvatsson**
**Sigurlaug Bjarnadóttir** — **Páll Sveinsson**
**Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir** — **Viðar Elíasson**
**Sighvatur Bjarnason** — **Ragnhildur S. Gottskálksdóttir**
**Ingibjörg Rannveig Bjarnadóttir** — **Halldór Arnarsson**
**Hinrik Örn Bjarnason** — **Anna Jónína Sævarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**LEGGJA SITT AF MÖRKUM** Steinunn Sigurðardóttir, Aðalheiður Héðinsdóttir og Hjördís Árnadóttir með nokkur þeirra verka sem boðin verða á spottprís í Kaffitári á morgun. MYND/VÍKURFRÉTTIR

KAFFITÁR Í NJARÐVÍKUM: 15 LISTAMENN TAKA HÖNDUM SAMAN

# Gefa gervilimi til Afríku

„Hér gefst fólki kostur á að kaupa myndir á lágu verði og hagnaðurinn rennur óskiptur í gervifætur handa fólki í Afríku sem þarf þeirra með,“ segir Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri í Reykjanesbæ. Hún er í hópi 15 listamanna á Suðurnesjum sem klukkan 18 annað kvöld opnar sölusýningu á málverkum í húsnæði Kaffitárs að Stapabraut 7 í Reykjanesbæ. Sýningin er í samstarfi við IceAid, íslensk þróunar-og mannúðarsamtök sem vinna að því að setja gervilimi á 100 manns sem hafa misst útlimi vegna styrjalda, pyntinga eða sjúkdóma og gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi. Hjördís segir frumkvæðið að sýningunni hafa komið frá Steinunni Björk Sigurðardóttur bókmenntafræðingi og hugmyndin hafi þróast í meðförum þeirra.

Steinunn kveðst hafa fengið hugmyndina þar sem hún var á ferð á söguslóðum seinni heimsstyrjaldarinnar í haust. „Ég sá fyrir mér söfnun til styrktar börnum sem orðið hefðu illa úti í styrjöldum og ég var með ljósanótt í huga fyrir sýninguna en drifkraftur Hjördísar varð til þess að hugmyndin er strax að verða að veruleika.“ „Já, okkur fannst full ástæða til að tengja þetta jólunum því hugsunin á bak við framtakið passar svo vel boðska p þeirra. Allir vilja gefa af sér á þessum tíma.“ Hjördís kveðst hafa leitað til Aðalheiðar í Kaffitári því hún hefði góða aðstöðu og væri oft með skemmtilegar sýningar. „Mér fannst hugmyndin frábær og var strax til í tuskið,“ lýsir Aðalheiður.

Þá var eftir að tala við myndlistarfólkið og þær stöllur segja það hafa verið afar jákvætt. Um 15 listamenn gefi verk sem verði seld á lágmarksverði. „Auðvitað má bjóða meira í myndirnar ef vilji er til styrkja þetta góða málefni með enn stærra framlagi,“ bætir Hjördís við.

En hversu lengi stendur sýningin? „Hún verður svo lengi sem eitthvað er til. Mig langar auðvitað að fólk flykkist til okkar annað kvöld og allt seljist upp. Það yrði skemmtilegast að það yrði dálítill hasar,“ svarar Hjördís glaðlega og bætir við. „Við vonum að okkar framlag geti nýst í gervilimi á að minnsta kosti tvö börn og ef vel tekst til getur þetta orðið hefð í jólaundirbúningnum.“

gun@frettabladid.is



✝

*Elskulegi eiginmaðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Svavar Elíasson

Eyrarflöt 4, Akranesi,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 25. nóvember, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 14.00.

**Sigríður Þorbergsdóttir**
**Guðrún Jóna Svavarsdóttir** — **Sigurður Örn Haraldsson**
**Jón Smári Svavarsson** — **Pálína Alfreðsdóttir**
**Elín Klara Svavarsdóttir** — **Steinn Mar Helgason**
**Hilmar Svavarsson**
**Hörður Svavarsson** — **Ágústa Rósa Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

### Stefán Lárus Árnason

sem lést 22. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Skjól.

**Kristín S. Haraldsdóttir**
**Stella K. Stefánsdóttir** — **Stefán Valdimarsson**
**Sigrún M. Stefánsdóttir**
**Erla D. Stefánsdóttir**
**Helga Stefánsdóttir** — **Leifur Þórsson**
**Halla B. Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**




# SKEMMTILEGRI JÓL MEÐ STÖÐ 2

**AUK FJÖLDA ANNARRA FRÁBÆRRA ÞÁTTA OG BÍÓMYNDA:**

Stelpurnar • Logi í beinni • Tekinn 2 • Jói Fel töfrar fram hátíðarmatinn • Sálin og Stuðmenn á áramótatónleikum
Anna og skapsveiflurnar • Kompás • Kryddsíld • innlendur og erlendur fréttaannáll • Jólaþáttur Jamie Oliver • Batman Begins
Derailed • Bad Santa • Christmas Vacation • The Family Stone • Surviving Christmas • Miracle on 34th Street
The Sound of Music • Guess Who • V for Vendetta • Elf • Nanny McPhee

**FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!**
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
SÝN SÝN2 Fjölvarp
MasterCard

skemmtilegri

**512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE**
**M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:** BÍÓ BÍÓ+ SIRKUS SIRKUS+



**Hvar er jólagóðgætið?**
Skyldi það vera í maganum á sveinka? Taktu lokið af jólaskálinni og athugaðu málið. Skálin kostar 200 krónur.



**Jólapipar og jólasalt**
Það má ekki gleyma að krydda krásirnar. Þessir jólasveinar eru bústnir, 7 cm háir og rúma heilmikið af pipar og salti. 200 krónur.



**Hó hó hó, hver vill jólanammi?**
Þessi 11 cm víða, rauða keramikdós með bústnum jólasveini á lokinu er tilvalin fyrir sælgæti og margt fleira. 200 krónur.



**Leikið í snjónum**
Dósir með loki, skreyttar með myndum af kátum krökkum að leika sér úti í snjónum. Góðar fyrir jólasmákökur og jólakonfekt. Dósirnar kosta 200 krónur stykkið.



**Fyrir jólaservíetturnar**
Keramikjólasveinninn er jafnframt servíettuhaldari. Hann kostar 200 krónur.

TIGER
Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Heimskulegasti frasi landsins

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** ÞOLIR EKKI ALHÆFINGAR UM KONUR OG KARLA



Það fer fátt meira í taugarnar á mér en frasinn „konur eru konum verstar“. Konur virðast ekki mega gera á hlut annarra kvenna án þess að hinn og þessi keppist við að halda þessu fram. Ég bíð alltaf eftir því að þetta æði renni yfir en það virðist ætla að verða löng bið.

Um daginn fékk einhver erlend fegurðardrottning piparúða í andlitið og kjólunum hennar var stolið. Bingó! „Konur eru konum verstar,“ skrifaði einhver sem fann sig knúinn til að blogga um fréttina. Þar áður voru knattspyrnukonur sagðar hafa tekið sig saman og kosið einn leikmann fram yfir annan. Virtur þjálfari kom í viðtal og lýsti því yfir að „konur væru konum verstar“.

Ég verð síðust til þess að halda því fram að konur séu alltaf til fyrirmyndar í samskiptum sín á milli. Ofangreind dæmi sanna annað. Hins vegar heyrði ég engan segja að karlar væru körlum verstir þegar Björn Ingi sagði skilið við Vilhjálm & co. Júdas sveik Jesú en enginn hefur séð ástæðu til þess að klína því á hann að hafa verið vondur við allt sitt kyn. Börn bíta hvert annað og skilja útundan. Samt hrista fóstrurnar ekki hausinn og tauta: „Ussu, sussu. Börn eru börnum verst.“ Enginn segir heldur neitt í þessa átt eftir slagsmál í miðbænum þar sem karlmenn ganga í skrokk hver á öðrum helgi eftir helgi. Öðru máli gildir í þeim örfáu tilfellum sem konur ráðast hver á aðra. Þá er alltaf einhver tilbúinn til að halda því fram að 50 prósent mannkyns geri sér far um að vera andstyggileg innbyrðis.

Tilgangurinn með þessum orðum er ekki að halda því fram að það séu eftir allt saman karlar sem eru hverjir öðrum verstir. Eða að konur séu körlum verstar, að karlar séu konum verstir eða eitthvað þaðan af heimskulegra. Mér þætti bara vænt um að fólk sparaði alhæfingarnar og hlífði mér og mínu kyni við að vera sett í sama flokk og þær sem klína naglalakki í augun hver á annarri, stela kjólum og skilja útundan í fótboltaleik.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20% AFSLÁTTUR
LAMBALÆRI FROSIÐ 879 KR/KG.
Merkt verð 1098 kr/kg. 20% afsláttur
30% AFSLÁTTUR
Bónus kryddaðir kjúklingabitar 30% afsláttur
349 kr/kg. Merkt verð 499 kr/kg.
499
Ferskt blandað hakk (kind/naut)
499 kr/kg.
25% AFSLÁTTUR
Andabringur frosnar 25% afsláttur
1949 kr/kg.
98
Bónus brauð 1 kg 98 kr.
998
Bacon í sneiðum 998 kr/kg.
3000 pakkar í boði.
49
79
49
Egils appelsín í 500 ml 49 kr.
Egils gull í 500 ml 49 kr.
Bomba orkudrykkur 250 ml 79 kr.
BRAGÐAREFUR
1 LÍTRI
259
Bónus-Ís Bragðarefur 1 ltr. 259 kr.
998
Bónus konfektið 1 kg 998 kr.
Jóla-ljósapíramídi 40 sm 998 kr.
Jóla-ljósapíramídi 60 sm 1898 kr.
Jóla-ljósapíramídi 90 sm 2998 kr.
Jóla SMJÖR
159
Jólasmjör 500g 159 kr.
BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

# Höfum opnað
# VERSLUN



Dömuhanskar

TILBOÐ

999 kr.



Kjóll

TILBOÐ

1.999 kr.

Verð áður 3.999 kr.




CONCORD

Jakkaföt

TILBOÐ

6.999 kr.

Fullt verð 14.999 kr.

Tilboðin gilda til 2. desember eða á meðan birgðir endast.

# glæsilegustu
# Á ÍSLANDI
## í Holtagörðum




frábær
**opnunar-**
**tilboð!**

# Frábær
## skemmtidagskrá

**Fimmtudag frá kl. 14.00**
**Föstudag frá kl. 14.00**
**Laugardag frá kl. 13.00**

Fram koma m.a. Páll Óskar, Luxor, Sigga Beinteins, Sprengi-höllin, Latibær, Guðrún og Friðrik Ómar, Skoppa og Skrítla, Raggi Bjarna….. þetta er ekki allt!

Bylgjan í beinni og Sniglabandið á föstudag

TILBOÐ
**199** kr.




**4**
**Í PAKKA**

**Coke light** - 4 í pakka

TILBOÐ
**99** kr.




**Cocoa puffs** - 390 g

**Herratreflar**

TILBOÐ
**399** kr.
Verð áður 999 kr.



**Herrabolir**

TILBOÐ
**399** kr.
Verð áður 999 kr.



TILBOÐ
**2** fyrir **1**



**Holta ferskur kjúklingur**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**!** **Kl. 17.15**

*92. Skáldaspírukvöldið fer fram á Amtsbókasafninu á Akureyri í dag kl. 17.15. Þar mun Árni Þórarinsson lesa upp úr nýútkominni skáldsögu sinni, Dauði trúðsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gengið um bókaslóðir

Borgarbókasafnið býður Reykvíkingum upp á bókagöngu í tengslum við jólabókaflóðið, sem er með stærra móti þetta árið. Gengið verður um miðborgina og nýjar bækur kynntar áhugasömum lesendum.

Leiðsögumenn verða ekki af verri endanum; þær Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Margrét Árnadóttir leikari munu ausa úr viskubrunnum sínum og gleða jólabækurnar lífi af sinni alkunnu færni.

Gengið verður spölkorn um Kvosina, staldrað við hér og þar, aðallega þar sem húsaskjól býðst, og lesið úr nokkrum nýútkomnum bókum. Viðfangsefnið er Reykjavík, miðbæjarlífið, bóklestur og jólin. Markmiðið með göngunni er að bjóða upp á öðruvísi bókmenntakynningu á þessu tímabili anna í bókaútgáfu og bóklestri.



**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR** Leiðsögumaður á bókagöngu.

Sérstakir gestir göngunnar verða rithöfundarnir Ari Jóhannesson, Einar Kárason, Gerður Kristný og Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir sem öll standa í útgáfu nú fyrir jólin, en jafnframt verður lesið úr nýjum bókum fleiri höfunda.

Ekkert kostar í gönguna og allir eru velkomnir. Líkast til er bókaormum þó hollara að vera vel klæddir, í skjólgóðum hlífðarfatnaði og með húfu, vettlinga og trefil, þar sem veturinn er óneitanlega genginn í garð. Gangan fer fram á laugardag kl. 14 og lagt verður af stað frá Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Reikna má með að bókagangan taki um eina og hálfa klukkustund. - vþ

### > Ekki missa af …

fimmta Súfistakvöldinu sem fer fram í kvöld á kaffihúsi Súfistans á Laugavegi 18. Að þessu sinni verða það höfundarnir Valur Gunnarsson, Eyvindur Karlsson, Sif Sigmarsdóttir og Aron Pálmi ásamt Jóni Trausta Reynissyni sem lesa upp úr verkum sínum. Upplesturinn hefst kl. 20.



**SINNEP**

**Atli Ingólfsson**

## Kontrapunktur

Yfir orðinu kontrapunktur hvílir dálítil dulúð eins og aldrei hafi tekist að svipta af því hulunni fyrir leikmenn. Þó ætti ekki að vera erfitt að gefa einhverja hugmynd um merkingu orðsins.

1) Tónskáld þarf að kunna að skrifa tvær eða fleiri raddir, laglínur, sem hljóma saman eftir settum reglum. Kontrapunktur er námsgreinin sem æfir þetta. Hann hefur áþekka stöðu í tónlistarnámi og teikniþjálfun í myndlist. Tekið er mið af stíl einhvers meistara frá liðnum öldum og líkt eftir aðferðum hans. Í tónlist felur þetta í sér dálitla hugarleikfimi, segjum eins og að gera létta súdóku. Það eru reyndar margir möguleikar á lausn dæmisins en leita þarf að þeirri fallegustu, þar sem mest jafnvægi og samræmi er milli raddanna. Á efri stigum þarf að semja línur sem passa saman eins og í keðjusöng eða hlýða öðrum og flóknari skilyrðum. Tilgangurinn er að þjálfa handverk nemandans svo hann læri að vinna skipulega með tónana til að ná einhverju markmiði sem hann setur sér.
2) Orðið er síðan notað um raddir í tónverki sem bera vott um þessa þjálfun: Til dæmis þegar sagt er að bassinn spili kontrapunkt við laglínuna. Átt er við að hann svari henni en hljómi samt við hana. Raddirnar mynda andstæður en um leið samhljóm.
3) Sem fyrr segir er þjálfunin bundin við tiltekinn stíl og algerlega er undir nemandanum komið hvernig hann nýtir hana við eigin tónsmíðar. Fyrirmyndin setur engar algildar reglur um hvernig raddir eiga að hljóma saman í tónverki. Hvert tímabil hefur sinn kontrapunkt og stundum á sjálf hugmyndin – að fella saman sjálfstæðar raddir – alls ekki við.
4) Öll tækni þarf að lúta æðri tilgangi. Annars verður hún eins og innantóm mælska. Þeim sem gleyma sér í kunnáttunni hættir til að skrifa eitthvað „af því það passaði svo vel“ þótt það eitt sé aldrei næg ástæða til að setja eitthvað á blað. Auðvitað freistast þeir sem mikið kunna til að sýna kunnáttu sína en oft hefur tónlistin liðið fyrir þetta. Þá getur kontrapunktur verið leið þeirra sem ekkert hafa að segja til að tala gáfulega. En hann einn hefur aldrei verið mælikvarði á gildi tónverks.
6) Hvort sem tónskáldið notar svona tækni eða ekki er þjálfunin sem í faginu felst ómetanleg. Hún eykur útsjónarsemi, styrkir sýn á möguleika formsins, og gefur tilfinningu fyrir jafnvægi og andstæðum. Þekking á kontrapunkti ætti síðan að hjálpa höfundinum að ákvarða hvenær kontrapunkts er ekki þörf.

# Fjölbreytileiki í fyrirrúmi

**Aðventan hefst nú um helgina með pomp og prakt þar sem margir af helstu kórum landsins bjóða upp á glæsilega tónleika af því tilefni. Hinn sívinsæli Kvennakór Reykjavíkur ríður á vaðið og kemur fram í Grensáskirkju í kvöld kl. 20. Kórinn endurtekur tónleikana á laugardag kl. 17. Meðleikari á tónleikunum er Vignir Þór Stefánsson píanóleikari.**



**FRÍÐUR FLOKKUR KVENNA** Kvennakór Reykjavíkur æfir fyrir aðventutónleika sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Efnisskrá tónleikanna einkennist af fjölbreytileika,“ segir Sigrún Þorgeirsdóttir, en hún er stjórnandi kórsins. „Við ætlum að skapa hefðbundna aðventustemningu fyrir hlé með því að flytja kirkjutónlist sem tengist árstíðinni, bæði íslenska og erlenda. Þar á meðal má finna tvo fallega sálma með raddsetningu eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Salve Regina eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Eftir hlé tekur allt önnur stemning við því þá munum við flytja gospeltónlist og vinsæl jólalög. Það verður því boðið upp á sitt lítið af hverju á þessum óvenjulegu aðventutónleikum.“

Athygli vekur að kórinn flytur lög frá bæði Úkraínu og Afríku, en aðventutónlist frá þessum framandi stöðum hljómar sjaldan á tónleikum hérlendis. „Úkraínska lagið, sem við flytjum með íslenskum texta, er reyndar nokkuð þekkt jólalag í Bandaríkjunum en hefur ekki mikið heyrst á Íslandi. Texti afríska lagsins býður fólk velkomið og því þykir okkur við hæfi að hefja dagskrána eftir hlé á því. Afrísk tónlist helst að vissu leyti í hendur við gospeltónlistarhefðina og því passar þetta lag vel inn í efnisskrá tónleikanna.“

Sigrún hefur verið stjórnandi kórsins undanfarin ellefu ár. Hún segir tímann hafa liðið hratt, enda starfið afar skemmtilegt. Kórinn hefur á þessum tíma haldið fjöldann allann af tónleikum og ferðast til ólíkra landa. Fram undan hjá kórnum eru margvíslegir spennandi viðburðir að sögn Sigrúnar. „Ég hef stundum sagt í upphafi nýs árs að árið verði rólegt, en ég held að kórinn sé fyrir lengstu hættur að taka mig trúanlega. Við erum þegar komnar með þéttskipaða dagskrá á næsta ári með fyrirhugaðri utanlandsferð, vortónleikum, þátttöku í kvennakóramótum og fleiru. Það er því meira en nóg að gera hjá okkur, en þannig viljum við líka hafa það.“ vigdis@frettabladid.is




Fréttaveitan

# LJÓSMYNDASAMKEPPNI

**Fréttaveitan, fréttabréf HS hf fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir og efnir fyrirtækið til ljósmyndasamkeppni af því tilefni. Myndefnið skal vera af mannvirkjum HS hf en er að öðru leyti frjálst. Vegleg verðlaun eru fyrir fyrstu þrjú sætin og má nálgast nánari upplýsingar á heimasíðu HS hf. Slóðin er www.hs.is. Síðasti skiladagur er 7.12.2007.**





# Grallarar gefa út

Gradualekór Langholtskirkju sendi nýverið frá sér sinn fjórða geisladisk, en hann er samnefndur kórnum. Kórinn sendi síðast frá sér disk fyrir tíu árum og því löngu orðið tímabært að hann láti að sér kveða á sviði útgáfu að nýju.

„Það má segja að lagavalið á diskinum ráðist af því að við höfum haft flest þessarra laga á efnisskránni hjá okkur undanfarin ár og þótti því við hæfi að taka þau upp og gefa út. Okkur langaði einfaldlega að koma þeim frá okkur á þennan hátt,“ segir Jón Stefánsson, organisti í Langholtskirkju, en hann hefur verið stjórnandi Gradualekórsins frá upphafi.

Meðal verka sem flutt eru á disknum má nefna Maríuljóð Báru Grímsdóttur, japanska þjóðlagið Aizu-Bandai-San og tvær Ave Mariur, annars vegar eftir þá Bach og Gonoud og hins vegar eftir Caccini.

„Það kennir margra grasa á þessum diski enda hefur kórinn ávallt sungið tónlist úr ólíkum áttum. Bæði kórinn og ég höfum gaman að því að blanda djassaðri tónlist inn á milli sígildra verka. Ég tel fjölbreytnina að auki góða þjálfun fyrir kórinn þar sem ólíkar tónlistarstefnur krefjast ólíkrar raddbeitingar,“ segir Jón.



**JÓN STEFÁNSSON** Stjórnandi Gradualekórsins.




**NÝI DISKURINN** Fjórði diskurinn sem kórinn sendir frá sér.

Upptökur fyrir diskinn fóru fram í Langholtskirkju síðastliðið vor og var það Bjarni Rúnar Bjarnason, tónmeistari Ríkisútvarpsins, sem annaðist hljóðritun. Margir góðir tónlistarmenn koma fram með kórnum á disknum. Má þar nefna Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur söngkonu, sem syngur einsöng í tveimur lögum. Sjö hljóðfæraleikarar koma fram á disknum, þau Lára Bryndís Eggertsdóttir á orgel og píanó, Arna Kristín Einarsdóttir og Kristjana Helgadóttir á flautur, Victoria Tarveskaia á selló, Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa og Erik Quick á trommur. - vþ

## SEINNI RÉTTIR

# Fleiri uppskriftir úr fórum Jóhönnu Vigdísar

Nú er komin önnur girnileg og glæsilega myndskreytt matreiðslubók frá sjónvarpskonunni og snilldarkokkinum Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur. Farið er bæði troðnar og ótroðnar slóðir; hér eru uppskriftir að hefðbundnu lambalæri og kjötsúpu en líka spagettí í ostasósu, fylltum kjúklingabringum og freistandi eftirréttum. Sem fyrr eru uppskriftirnar fjölbreyttar og nýtast við ótal tækifæri.

*Þetta er bók sem mun höfða til allra matgæðinga.*




**BÓKIN KEMUR Í VERSLANIR Í DAG**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Þjóðleg aðventa



**TÓNLISTARLÍF Í BREIÐHOLTI** Æft hefur verið af kappi fyrir tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Sönghópurinn Norðurljós og Húnakórinn halda saman jólatónleika næstkomandi laugardag í Breiðholtskirkju kl. 17. Ásamt kórunum kemur fram einsöngvarinn Gunnhildur Halla Baldursdóttir.

Efnisskrá tónleikanna er fjölskylduvæn í meira lagi, en á henni má finna bæði jólalög og tónlist í tilefni af fullveldisdegi Íslendinga. Á meðal þeirra laga sem flutt verða eru Ísland ögrum skorið, Ísland er land þitt og Jól, jól skínandi skær.

Stjórnendur á tónleikunum eru þeir Jón Bjarnason sem stýrir Húnakórnum og Julian Edward Isaacs sem stýrir Norðurljósum. Þó er vert að benda á að kórarnir tveir syngja samsöng ríflega hálfa tónleikana og skiptast þeir Jón og Julian þá á að stýra söngnum. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur en aðgangur er ókeypis fyrir börn undir tólf ára aldri. - vþ

# Unnið með augnablikið

Steinunn Helga Sigurðardóttir opnar sýningu sem kallast „Að snertast í augnablikinu" á Café Karólínu á Akureyri á laugardag kl. 14.



**RAUNVERULEIKI** Ljósmynd eftir Steinunni Helgu.

Steinunn Helga útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1993 og stundaði framhaldsnám í myndlist hjá Jannis Kounellis í Listaháskólanum í Düsseldorf.

Frá námslokum hefur hún haldið fjölda sýninga hérlendis og erlendis.

Á sýningunni á Café Karólínu reynir Steinunn að setja í form vangaveltur sínar um drauma, hugsanir, raunveruleikann og ímyndunarheiminn.

Verkin veita engin svör en í þeim birtist leikur á mörkum tveggja heima. Sýning Steinunnar stendur til 4. janúar næstkomandi. - vþ



**HVÍT FJÖLL** Verk eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur.

# Hin innri fjallasýn

**Myndlistarmaðurinn Kristín Gunnlaugsdóttir opnar sýningu í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5, á morgun kl. 17. Yfirskrift sýningarinnar er Fjallalandið.**

**Á sýningunni má sjá verk sem Kristín hefur unnið undanfarin tvö ár og eru viðfangsefni þeirra fjöll og grýtt landslag. Ekki er þó allt sem sýnist þar sem verkin fjalla um innhverfari viðfangsefni en hreint og beint landslag. Fjöllin á sýningunni sýna okkur fjallendi mannssálarinnar og vegferð mannsins um hinar grýttu innri torfærur vitundarinnar.**

**Til sýnis verða olíumálverk, eggtemperuverk og teikningar. Sýningin stendur til 15. desember.**

**Gallery Turpentine er opið þriðjudaga til föstudaga frá 12-18 og laugardaga frá 12-17.** - vþ


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
22. nóvember - uppselt
23. nóvember - uppselt
30. nóvember - uppselt
1. desember - uppselt
7. desember - uppselt
8. desember - uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR
AÐVENTUTÓNLEIKAR
Í KVÖLD
KL. 20 Í GRENSÁSKIRKJU
SEINNI TÓNLEIKAR Á LAUGARDAGINN KL. 17 Í GRENSÁSKIRKJU
MIÐASALA Í SÍMA 896 6468 / MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 2.000 KR.
VIÐ INNGANGINN 2.300 KR.

Tónleikar
Mugison
8. Nóv. - Neskaupstaður - Egilsbúð kl 21:00 forsala í Tónaspil
29. Nóv. - Egilstaðir - Hátíðarsalur Menntaskólans kl 21:00 forsala í sjoppuni í metaskólanum
30. Nóv. - Þjórsárver - kl 21:00 - forsala í Hljóðhúsinu
2. Des. - Akranes -Bíóhöllin - kl:2100 - forsala í Bíóhöllinni
Mugiboogie fæst áritaður á www.mugison.com

Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen
SÝNT Í TJARNARBÍÓI
Ath. Aðeins tvær sýningar eftir!
Laugard. 1.des kl. 20:00
Laugard. 8.des kl. 20:00
Miðasalan er opin alla daga frá klukkan 17:00-20:00
Sími miðasölu er 551 2477.
Einnig eru miðar seldir á www.midi.is

Þjóðleikhúsið um helgina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
Konan áður fös. 30/11, sun. 2/11
Leg allra síðasta sýn. fim. 29/11 uppselt
Óhapp! næstsíðasta sýn. fös. 30/11 örfá sæti laus
Leitin að jólunum lau. 1/12 (frumsýn.), sun. 2/12 uppselt
Skilaboðaskjóðan sun. 2/11 uppselt
Hjónabandsglæpir fim. 29/11 örfá sæti laus
Hamskiptin síðustu sýn. fös. 30/11, lau. 1/12 örfá sæti laus

DIDDÚ
BJARNI THOR
ÁGÚST
SIGRÍÐUR
ÓPERUPERLUR
Á MORGUN, FÖSTUDAG, KL. 20
SÍÐASTA SÝNING!
WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN

Salurinn
LAUGARDAGUR 1. DES KL. 17
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
AUÐUR, BEGGI OG JÓNAS
LÖG JÓNS ÁSGEIRSSONAR
Miðaverð 2000/1600 kr.
MIÐVIKUDAGUR 5. DES KL. 20
PÍANÓTÓNLEIKAR
JÓNAS INGIMUNDARSON
Aðgangur ókeypis.
LAUGARDAGUR 8. DES KL. 13
TKTK: GÍTARTÓNLEIKAR
JÓN GUÐMUNDSSON
Miðaverð 1500/500 kr.
SUNNUDAGUR 9. DES KL. 20
Ó Ó INGIBJÖRG – útg.tónl.
ÓSKAR, ÓMAR OG INGIBJÖRG
GUÐJÓNSBÖRN
Miðaverð 2000/1600 kr.
SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Nýárstónleikar

# Bubba

## og Stórsveitar Reykjavíkur

Laugardalshöllinni 5. janúar 2008





### Sérstakir gestir





Garðar Thór Cortes
Raggi Bjarna

Kóngurinn í smóking
og lögin hans í nýjum
„big band" búningi.
Útsetningar: Þórir Baldursson.

## Miðasala hefst í dag kl. 10!

Uppselt varð í gær í MasterCard forsölu á
nokkrum mínútum, tryggðu þér miða strax!

TUBORG
LÉTTÖL

MasterCard

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**
Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

CONCERT



**> LÍTUR BETUR ÚT**

Eitthvað virðist vera að þokast í samkomulagsátt í verkfalli handritshöfunda og búast bjartsýnustu menn við því að bráðabirgðasamkomulag verði gert á allra næstu dögum og að verkfallið leysist jafnvel strax eftir jól. Þegar hefur nokkrum kvikmyndum verið slegið á frest en þeirra stærst er Englar og djöflar með Tom Hanks í aðalhlutverki.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Jókerinn snýr aftur og nú mun verri*

Margir muna eflaust eftir Jack Nicholson í hlutverki Jókersins sem gerði Michael Keaton lífið leitt í Burton/Batman-myndunum. Nicholson fór langt á skjáþokka sínum og einhverjum hefur eflaust dottið í hug að varla væri til sá maður sem gæti endurtekið þann stórleik sem gamla brýnið sýndi árið 1989. Kvikmyndatímaritið Empire birtir í sínu nýjasta hefti viðtal við leikarann sem hyggst feta í fótspor Jacks og bregða sér í hlutverk Jókersins í næstu kvikmynd Chris Nolan um riddara næturinnar, Leðurblökumanninn.

Heath Legder hlaut mikið lof fyrir leik sinn í smalamyndinni Brokeback Mountain en ást tveggja karlmanna er víðsfjarri í hans nýjustu mynd þar sem Jókerinn lætur sverfa til stáls í Gotham City. Að sögn blaðamanns Empire lítur út fyrir að Jókerinn verði að þessu sinni mun meiri vitfirringur og ofbeldishneigðari en Jóker Jacks Nicholson og Ledger staðfestir það. En leikarinn segir jafnframt að hlutverkið hafi hrætt hann enda geri áhugamenn um Leðurblökumanninn jafnmiklar kröfur til þessarar persónu og þeir gera til hetjunnar sjálfrar. „En ég býst við því að það hafi einnig heillað mig. Ég lokaði mig af á hótelherbergi í London í heilan mánuð og reyndi að finna réttu röddina og rétta hláturinn. Jókerinn er algjörlega siðblindur og allt sem hann gerir eða segir er einn stór brandari. Þess vegna skiptir engu hvort hann myrðir eða meiðir, allt er þetta bara einn stór brandari,“ segir Ledger í viðtali við Empire.

Myndin verður samkvæmt imdb.com frumsýnd hér á landi í lok júlí á næsta ári.




**ERFIÐUR ANDSTÆÐINGUR** Leðurblökumaðurinn fær erfiðan andstæðing í næstu mynd en það er sjálfur Jókerinn.



**ÁSTIN SIGRAR ALLT** Parið Jude og Lucy verða ástfangin á þeim tíma þegar allt var að breytast.

# Bítla-söngleikur

Kvikmyndin Across the Universe eða Heimshornanna á milli er einstök að því leytinu að öll tónlistin í kvikmyndinni samanstendur af Bítlalögum. Myndin fjallar um unga elskendur á miklum umbrotstímum í hinum vestræna heimi þegar Víetnamstríðið stendur sem hæst og hefðbundnum þjóðfélagsgildum er kollvarpað.

Hin ungu Jude og Lucy verða ástfangin hvort af öðru í miðju allra þjóðfélagsbreytinganna þegar Bítlarnir og Rolling Stones áttu hug og hjörtu ungviðisins. En samfélagið tekur breytingum ógnarhratt og parið verður fjarlægt hvort öðru þegar Jude er sendur til Víetnam. En ástin sigrar allt og ekki síst þegar lög á borð við All You Need Is Love og Hey Jude eru annars vegar.

Leikstjóri Across the Universe er Julie Taymor en hún gerði hina eftirminnilegu Fridu með Sölmu Hayek í aðalhlutverki. Meðal leikara og listamanna sem koma fyrir í myndina má nefna Bono, Eddie Izzard og ráma rokkgoðið Joe Cocker en aðalhlutverkin eru í höndum Jim Sturgess og Evan Rachel Wood.






# Morðingi til leigu

**Leigumorðingjar þykja ákaflega heppilegur efniviður í kvikmyndir en ímynd þeirra hefur verið fegruð á hvíta tjaldinu og sveipuð dulúðlegum blæ. Um helgina verður frumsýnd kvikmyndin Hitman, sem er byggð á frægum tölvuleik um sköllóttan leigumorðingja.**



**TÖLVULEIKURINN BETRI** Hafi menn haldið að kvikmyndin Hitman myndi endurskapa andrúmsloft launmorðingja ættu þeir að halda sig við töluvert betri tölvuleik.

Ímynd leigumorðingja og leigumorða í kvikmyndum er eilítið brengluð. Á hvíta tjaldinu eru þetta yfirleitt útsmognir náungar með þykkar bankabækur í Sviss, leyniskytturiffil og góð pólitísk sambönd. Samkvæmt rannsóknum eru leigumorðingjar hins vegar oftast ráðnir af afbrýðisömum eiginmönnum og eiginkonum sem vilja losa sig við makann. Samkvæmt vefsíðunni Wikipediu eru tæp tvö prósent allra morða í Ástralíu framkvæmd af leigumorðingjum. Svipaða tölfræði er að finna annars staðar. Hollywood hefur reyndar ekki látið slíkar aftökur framhjá sér fara og er mörgum eflaust í fersku minni sú refskák sem Sean Penn þurfti að leysa í U-Turn þegar Jennifer Lopez og Nick Nolte vildu losa sig við hvort annað. Slíkt myndi eflaust kallast „dæmigert“ leigumorð í raunveruleikanum.

### Sjakala-einkennið

Í kvikmyndunum eru það hins vegar oftar en ekki háttsettir embættismenn og dópbarónar sem eru fórnarlömb leigumorðingja. Sjakalinn Edward Fox var þannig ráðinn til að ráða Charles De Gaulle af dögum í kvikmyndinni The Day of the Jackal frá árinu 1973. Myndin var byggð á samnefndri sögu Frederick Forsyth og eftir útgáfu hennar ákváðu franskir fjölmiðlar að gefa hryðjuverkamanninum Ilich Ramírez Sánchez nafnið „Sjakalinn Carlos“. Saga Ilich varð síðan efniviður í kvikmyndina The Assignment þar sem Aidan Quinn reyndi að hafa hendur í hári glæpamannsins og er talið að hún byggi lauslega á tilraunum CIA til að klófesta sakamanninn. En Sjakalanafnið festist við leigumorðingjastéttina og Bruce Willis varð næstur til að hljóta þetta nafn í myndinni The Jackal sem kom út 1997 og þótti skelfileg.

Þá var Richard Gere á höttunum eftir höfði hans og Sjakalinn í þeirri mynd var umlukinn helstu klisjunum sem sagðar eru einkenna þennan starfstitil; meistari dulargervisins og snjallari en nokkur laganna vörður.

### Húmor fyrir morðingjum

En Hollywood hefur líka haft húmor fyrir leigumorðingjum og Willis var eftirminnilegur sem Jimmy the Tulip í The Whole Nine Yards. Þar var hann hinn dæmigerði mafíumorðingi; kaldrifjaður og tilfinningalaus en um leið ákaflega svalur og heillandi. Pierce Brosnan var umkomulaus sem leigumorðinginn The Matador í samnefndri mynd sem leitaði ráða hjá fjölskyldumanninum Danny Wright. Þar var leigumorðinginn auðvitað ákaflega klár og snillingur í að láta sig hverfa en með veikar taugar eftir áratuga hark í morðbransanum.

Ólíklegasti leigumorðinginn er þó eflaust hinn þéttvaxni Forest Whitaker í Ghost Dog eftir Jim Jarmusch þó að sú kvikmynd sómi sér vel meðal bestu leigumorðingjamynda kvikmyndasögunnar. Og þótt það yrði erfitt að klína starfsheitinu leigumorðingi á þá Jason Bourne og James Bond mætti eflaust með einhverjum rökum setja þá á stall með þeim.

### Óvenjulegur

Hitman sker sig nokkuð úr hópi annarra leigumorðingjamynda. Hún er fyrir það fyrsta byggð á frægum tölvuleik um leigumorðingja sem er bæði hundeltur af Interpol og rússneska hernum en það er ekki síst uppruni Agent 47 sem gerir hann frábrugðinn öðrum. Sköllótti leigumorðinginn fannst barnungur á kirkjutröppum og var fenginn í hendur leynilegri kirkjureglu.

Agent 47 er því gerður út af andlegum máttarvöldum til að losa jarðarbúa við dópsala og hórmangara. Tölvuleikurinn sjálfur var prýðileg skemmtun; bauð upp á töluverðan hasar og læti og leyfði notandanum að lifa sig rækilega inn í líf leigumorðingjans gegnum PC og Playstation. En kvikmyndinni Hitman hefur hins vegar verið tekið með miklum fyrirvara og hlotið, eins og margar aðrar útfærslur Hollywood á tölvuleikjum, afskaplega misjafna dóma.

freyrgigja@frettabladid.is

# Heimildarmyndir í Óskarinn

Fimmtán heimildarmyndir berjast um fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna. Þeirra á meðal er Sicko, mynd Michaels Moore um heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum sem vakti gríðarlega athygli, ekki síst vegna þess að kvikmyndagerðarmaðurinn hélt til Kúbu og olli sú ferð miklu fjaðrafoki í heimalandinu. Moore fékk sem kunnugt er Óskarinn fyrir 9/11 Fahrenheit og gagnrýndi stjórn Bush svo harkalega að stjórnurnar í Kodak-höllinni sáu sig tilneydda til að baula á leikstjórann.

Heimildarmyndirnar í ár eiga það þó flestar sameiginlegt að fjalla um stríðsrekstur með einum eða öðrum hætti þótt Íraksstríðið umdeilda sé þar efst á baugi. Meðal mynda í þeim flokki eru Body of War, Operation Homecoming, Writing the Wartime Experience, No End in Sight og Taxi to the dark Side.

Tony Kaye, leikstjóri hinnar áhrifamiklu American History X, er einnig með mynd um eldfimt málefni en myndin hans Lake of Fire fjallar um báðar hliðar baráttunnar í Bandaríkjunum um fóstureyðingar. Tilkynnt verður 22. janúar hvaða fimm myndir hljóta tilnefningu.



**SICKO** Kvikmynd Michaels Moore um heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum er meðal þeirra fimmtán mynda sem koma til greina fyrir Óskarinn.

# „Ég er ennþá hrifnari af þessari bók en *Flugdrekahlauparanum*.“

*Þóra Sigríður Ingólfsdóttir / Samfélagið í nærmynd, RÚV*

„... rosalega vel skrifuð og sagan hrífur mann með sér í gegnum allan tilfinningaskalann ... stóðst allar mínar væntingar og ég er strax farin að hlakka til að lesa næstu bók ... höfundi tekst ... að grípa mann svo föstum tökum að mér finnst eins og þetta fólk hafi verið til.“

*Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson*




„Þeirri spurningu hvort *Þúsund bjartar sólir* sé jafngóð og *Flugdrekahlauparinn* er fljótsvarað: Nei, hún er betri.“

*Washington Post*

„Þótt *Þúsund bjartar sólir* segi frá sársauka og vonbrigðum verður bókin aldrei þrúgandi ... Nýr listrænn sigur og pottþétt metsölubók frá hugrökkum höfundi.“

*Kirkus Reviews*

„Þeir lesendur sem gleymdu sér yfir *Flugdrekahlauparanum* ættu ekki að láta þessa ógleymanlegu bók fram hjá sér fara.“

*Booklist*

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



**Trönuber ...**

*... eru ómissandi í hátíðahaldi vestanhafs. Auðveldara er að nálgast trönuberjasafa hér á landi, en hann er oft notaður í kokkteila. Blandaðu honum við sódavatn og sítrónusafa og fáðu þér fagurrauðan svaladrykk í skammdeginu.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

# *Hjörtu, nýru og lifur versti maturinn*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Banana, súkkulaðis og nýmjólkur.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Í tilefni af fertugsafmæli mannsins míns snæddum við á Kong Hans kælder við Víngarðsstræti í Kaupmannahöfn á föstudagskvöldið. Maturinn samanstóð meðal annars af trufflum, svína- og andakjöti. Mér skilst að vínlistinn hafi slegið Lágt muldur þrumunnar út í fegurð.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ó já, slátur, nýru, lifur, hjörtu og þess konar innmatur.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Það hljóta að vera hveitibjöllurnar sem eitt sinn hreiðruðu þar um sig svo kalla þurfti til meindýraeyði.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég hef aldrei hallað mér að mat af tómri vanlíðan. Heldur gripi ég til svefnsins.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Mjólk, skyr, ost og svo auðvitað fullt af naglalökkum!
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég hlýt að mega nefna Jack, ráðagóða lækninn úr Lífsháskaþáttunum. Hann yrði ekki lengi að verða mér úti um steikur eða jafnvel koma mér í burtu af þessari eyju. Þangað til nösluðum við í fríhafnarnammið mitt.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef aldrei borðað neitt skrítið, held ég, en í fyrra bauð ég tattúveruðum starfsmanni á Kastrup að borða miðann, sem á stóð að ég ætti að greiða 7.000 kr. í yfirvigt, ef ég slyppi við það. „Venjulega þoli ég ekki Íslendinga en þú ert skemmtileg," sagði maðurinn, þreif af mér miðann, vöðlaði honum saman og henti honum.

# Hollur jólabakstur

Þeir eru eflaust margir sem svitna af tilhugsuninni um allar hitaeiningarnar sem bíða handan við hornið, í smákökubakstri, tertuboðum, konfektgerð og öllu tilheyrandi. Maður lifandi hyggst þess vegna bjóða upp á námskeið um gerð heilsusamlegra eftirrétta.

„Við verðum með alls konar hollar jólauppskriftir; tertur og deserta og konfekt og fleira. Það verður farið í hvernig hægt er að gera baksturinn hollan, án þess að fórna nokkru í fegurð eða gæðum," útskýrir Auður Ingibjörg Konráðsdóttir, einn meistarakokka Manns lifandi og leiðbeinandi á námskeiðinu, sem er fyrsta eiginlega jólanámskeiðið sem Maður lifandi stendur fyrir.

Á námskeiðinu verður til dæmis farið í konfektgerð úr lífrænum og hollum hráefnum. „Það hleypir ekki blóðsykrinum í uppnám eins og venjulegt konfekt. Fólk hefur fyrir vikið meiri orku og nýtur jólanna betur," útskýrir Auður.



**ORKUMEIRI UM JÓLIN** Auður Ingibjörg Konráðsdóttir segir lífrænt konfekt úr hollum hráefnum hafa margt til brunns að bera. FRÉTTABLAÐIÐ/

Fyrsta námskeiðið fer fram í kvöld, en öðru hefur verið bætt við 6. desember næstkomandi. Námskeiðin fara fram í húsnæði Manns lifandi í Borgartúni, en hægt er að skrá sig á madurlifandi@madurlifandi.is. **- sun**

# Hefð fyrir jólaglöggi

Vinsældir jólaglöggs aukast ár frá ári, og þeir eru margir sem eru farnir að bjóða vinum og vandamönnum upp á þennan kryddaða, heita rauðvínsdrykk. Á netinu er að finna aragrúa af uppskriftum, og samkvæmt hefðinni er iðulega boðið upp á piparkökur með jóladrykknum góða. Það má þó breyta út af henni.

Sumir matgæðingar mæla með því að bæta osti ofan á piparkökurnar. Blámygluostar eins og gorgonzola eða roquefort eru þar fremstir í flokki, og fara afar vel með glögginni. Geitaostur er heldur ekki óvinsæll, og súkkulaði með hnetum og rúsínum ku einnig passa vel við drykkjarföngin. Þá má einnig prófa að krydda ávexti eins og perur með jólalegu bragði sem fengið er úr kanilsykri og heslihnetum. Það er um að gera að prófa sig áfram og gera glöggina að enn ánægjulegri samverustund.



**JÓLAKRYDDUÐ GLÖGG** Blámygluostar og piparkökur eru gott meðlæti með kryddaðri jólaglögginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HUGLEIÐSLA Í ELDHÚSINU** Óskar Guðjónsson segir góðan skurk í eldhúsinu jafnast á við hugleiðslu og afslöppun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tímabundinn áhugamaður

**Óskar Guðjónsson tónlistarmaður er mikill áhugamaður um mat, þegar hann hefur tíma til. Hann kann að meta einfaldleika og tilraunir.**

Óskar deilir uppskrift að kartöflugratíni með lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni. Þar sameinast einfaldleiki og tilraunastarfsemi. „Einfaldleikinn í uppskriftinni er sá að þetta er í rauninni bara gratín, úr sætum kartöflum og rjóma. Síðan getur maður hins vegar farið með þetta í þá átt sem maður vill, bara eftir stemningu. Ég uppgötvaði það þegar ég fór að prófa mig áfram og henti ofan í þetta annarri uppskrift sem ég geri stundum. Þá fylli ég döðlur af gráðaosti og vef utan um þær beikoni. Ég prófaði að setja þetta bara með kartöflunum, og út frá því hef ég prófað mig áfram," útskýrir Óskar. Á stundum notar hann ristaðar furuhnetur eða kókosflögur, og stundum allt saman. „Þetta er eins auðvelt eða flókið og maður vill hafa það," segir hann. Óskar kveðst vera mikill áhugamaður um mat þegar tími vinnst til „Ég vil gefa mér tíma í þetta.

Ég er ekki mikið fyrir að kaupa mér eitthvað tilbúið, ég er svolítið snobbaður að því leytinu til," segir hann og hlær við. „Þegar maður hefur tíma í matreiðslu er þetta líka að stórum hluta bara hugleiðsla og afslöppun, og árangurinn sést vel. Þegar þú ert afslappaður kemur maturinn vel út. Ef þú ert hins vegar stressaður verður allt seigt og ógeðslegt," bætir hann við. Óskar hefur haft lítinn tíma til eldamennsku að undanförnu, enda nóg að gera í tónlistinni.

Í næstu viku kemur svo út diskurinn Ó, ó, Ingibjörg, þar sem hann og systkini hans tvö leiða saman hesta sína.

Kartöflugratínið hentar sem meðlæti með ýmsum mat, en það má eins bera fram með salati og góðu brauði ef svo ber undir.

**SÆTT KARTÖFLUGRATÍN**
**sætar kartöflur**
**rjómi**
**gráðostur**
**döðlur**
**steikt beikon í bitum**
**ristaðar furuhnetur eða möndluspænir**
**hvítlaukur**
**rauðlaukur**
**dijon sinnep**
**smá ostur**

Sætar kartöflur afhýddar og skornar í meðalstóra bita. Komið fyrir í eldföstu móti, svo þær fylli vel út í það. Rjóma hellt í mótið þannig að hálffylli það. Eldað í ofni á 200 gráðu hita í allt frá 30 mínútum til 60 mínútna, eftir magni. Fylgist með því að ekkert brenni.

# Mælir með ekta súkkulaði

Konfektgerð landsmanna fer óðum að hefjast. Úr ýmsu er að velja í þeim efnum, enda óteljandi uppskriftir til að girnilegu konfekti. Hafliði Ragnarsson súkkulaðimeistari hefur staðið fyrir námskeiðum í konfektgerð fyrir þá sem vilja fikra sig upp úr súkkulaðihjúpuðu marsípani og í eitthvað aðeins flóknara. Hann segir fólk helst eiga í vandræðum með að vinna með gott súkkulaði, sem hann mælir þó hiklaust með.

„Það er því miður ekki til nein töfralausn á því að finna rétt hitastig á súkkulaðinu. Temprunin er aðalvandamálið, og það er ekki eitthvað sem maður gerir bara einu sinni og getur svo alltaf gert," segir Hafliði. „Þegar fólk er að gera þetta heima og kaupir gott súkkulaði sem kostar kannski svolítinn pening er ekkert leiðinlegra en þegar allt fer í vaskinn," segir hann.

Hafliði mælir með því að þeir sem eru að hefja vinnu með lúxussúkkulaði forðist því að steypa mola í mót. „Það er mun auðveldara að rúlla fyllingum upp úr súkkulaði eða hjúpa þær. Þá þarftu ekki að bíða eftir að það losni úr mótum og því um líkt," útskýrir hann.

Ef allt annað bregst er svo alltaf hægt að renna við í Mosfellsbakarii og kaupa eitthvað af konfekti Hafliða. **- sun**



**EKTA SÚKKULAÐI ERFITT** Hafliði segir fólk helst eiga í vandræðum með að finna rétt hitastig á súkkulaðinu þegar það vinnur með ekta súkkulaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


## STARFSMENN Í VERSLUN



## FRAMTÍÐARSTÖRF

Bílabúð Benna ehf er 30 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða.

Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.

Nýverið var tekin fyrsta skóflustungan að nýbyggingu Bílabúðar Benna að Krókhálsi 9.

Bílabúð Benna leitar að starfsmönnum í verslun, **Fjölbreytt störf í boði.**

**Afgreiðslumaður** í verslun og við sölu á aukahlutum, varahlutum og fleiru.
Kostur er ef viðkomandi hefur þekkingu á jeppum og jeppabreytingum.

**Sölumaður** fyrir beina sölu til verkstæða á sérpöntunar þjónustu o.fl.
Æskilegt ef viðkomandi sé bifvélavirki eða réttingamaður eða reynslu á þeim sviðum.

Leitað er af samviskusömum og skipulögðum einstaklingum

Upplýsingar um starfið veitir Ragnar Stefánsson í síma 590 2000 eða *ragnar@benni.is*

Bílabúð Benna · PORSCHE · CHEVROLET · SSANGYONG

**Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is**

BÓNUS

# Skynsemin velur Bónus!

**Vopnafjarðarsvið**
**handverkuð með gamla laginu. Slátrun 2007.**
Sviðin verkuð með gamla laginu, handverkuð, skoluð og hreinsuð í köldu vatni (ekki burstuð) og sviðin með kósangasi eingöngu (án súrs).
**479** kr./kg.
Merkt verð 599 kr./kg.




**Heimilis-búðingur**
frá Kjarnafæði.
**479** kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.




**Blóðmör**
**ósoðinn/frosinn**
frá Kjarnafæði.
**341** kr./kg.
Merkt verð 569 kr./kg.




**Lifrarpylsa**
**ósoðin/frosin**
frá Kjarnafæði.
**357** kr./kg.
Merkt verð 595 kr./kg.




**Lambasaltkjöt**
**1. fl. blandað**
frá Kjarnafæði.
**798** kr./kg.
Merkt verð 998 kr./kg.




## Sænsk jólapylsa
frá Kjarnafæði
**599** kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.




BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

## > ALLIR HORFA Á MÖMMU

David Beckham mun taka syni sína þrjá með á tónleika Spice Girls svo þeir sjái móður sína á sviði. „Victoriu leiðist að strákarnir viti vel hvað ég vinn við, en hafi ekki hugmynd um hvert hennar starf var," segir fótboltastjarnan og efast ekki um að drengirnir muni skemmta sér vel á tónleikunum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Paris nakin á Victoria's Secret

Það gengur ýmislegt á bak við tjöldin á tískusýningum eins og annars staðar. Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr sagði frá því á bloggi sínu að Paris Hilton hefði stolið af henni kjól fyrir tískusýningu Victoria's Secret á dögunum. Kerr segir Paris hafa birst tíu mínútum áður en sýningin hófst í Hollywood, og ákveðið að hún vildi loka sýningunni, en því fylgir oft mikil upphefð.

Aðstandendur sýningarinnar buðu partýprinessunni að velja sér fatnað, og hún valdi þá kjól sem Kerr átti að klæðast. „Ég stóð við hliðina á fataslánni minni og hún segir „Ég vil þennan kjól" og bendir á kjólinn minn, fallega, bleika kjólinn minn, sem ég var svo stolt af… og hún stal honum," skrifar Kerr.

Hún viðurkennir að hafa helst viljað slá Paris utan undir með töskunni sinni, en segist hafa náð að róa sig niður og leyfa „karmanu að stjórna tilfinningunum". Karmað birtist í formi Naomi Campbell, sem mætti einnig seint á sýninguna.

„Paris var að ganga af stað út í lokagönguna og Naomi kemur inn, svo þeir rifu kjólinn af Paris, hún stóð þarna allsber, og þeir klæddu Naomi í hann. Ég hugsaði bara, þetta er karmað þitt, elskan," segir Kerr.



**NAKIN** Paris Hilton varð að lúta í lægra haldi fyrir ofurfyrirsætunni Naomi Campbell á tískusýningu Victoria's Secret fyrr í mánuðinum og stóð nakin eftir.



**KARMA, KARMA** Fyrirsætan Miranda Kerr var hæstánægð með að Naomi fengi kjólinn sem Paris stal af henni á Victoria's Secret sýningunni.



**ELÍZA** Elíza er nýkomin heim eftir vel heppnaða tónleika í London.

# Fullt hús í London

**Tónlistarkonan Elíza er nýkomin heim eftir vel heppnaða ferð til London þar sem hún spilaði á útgáfutónleikum fyrir fullu húsi á staðnum The Heavenly Social í miðborg Lundúna.**

**Fyrsta sólóplata Elízu, Empire Fall, kom nýverið út í Bretlandi og hefur áhugi á plötunni farið vaxandi. Margir góðir dómar hafa birst um plötuna og eru lög af henni í spilun á mörgum óháðum útvarpsstöðvum í Bretlandi, á Írlandi, Spáni og í Portúgal. Verið er að skipuleggja tónleikaferð um Bretland í febrúar til að kynna plötuna. Fyrsta smáskífan með lögunum Change My Name og Return to Me er síðan væntanleg í lok janúar.**

# Súkkulaði og rósir í miðbænum

**Ein ástsælasta leikkona okkar Íslendinga, Edda Heiðrún Backman, opnaði verslunina Súkkulaði og rósir í miðbæ Reykjavíkur síðastliðinn þriðjudag. Opnun verslunarinnar var þó ekki eina gleðiefnið því Edda Heiðrún fagnaði einnig fimmtíu ára afmæli sínu þann dag.**

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum lagði fjöldi góðra gesta leið sína í nýju verslunina til þess að samgleðjast Eddu. Þeir sem létu sig vanta þurfa þó ekki að örvænta því Edda Heiðrún hefur lýst því yfir að opnunin muni standa í fimm daga eða fram á laugardag.

Í nýju versluninni verður selt eðalsúkkulaði, konfekt og lifandi blóm. Auk þessa hefur Edda ákveðið að vera með á boðstólum bæði bók og mynd mánaðarins eftir íslenska rithöfunda og listamenn. Súkkulaði og rósir er til húsa að Hverfisgötu 52 og er opin frá kl. 11-20 alla daga nema mánudaga. sigrunosk@frettabladid.is



**VERSLUNAREIGANDINN** Edda Heiðrún Backman varð fimmtug á þriðjudag en sama dag opnaði hún verslun sína, Súkkulaði og rósir, við Hverfisgötu. Hér er hún ásamt Guðmundi Ólafssyni leikara. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**MARGT UM MANNINN** Verslunin Súkkulaði og rósir er sannarlega glæsileg. Ef vel er að gáð má sjá leikarann Hilmi Snæ Guðnason á spjalli við barborðið en hann er góðvinur Eddu Heiðrúnar.



**FENGU SÉR SÚKKULAÐI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hjónin Atli Heimir Sveinsson og Sif Sigurðardóttir samglöddust Eddu.



**MÆTT Í AFMÆLIÐ** Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Hafliði, Edda Arnljótsdóttir og Helga Stefánsdóttir mættu í afmælisopnun Eddu Heiðrúnar.






# Julia Roberts gagnrýnir Angelinu

Leikkonan Julia Roberts hefur ekki miklar mætur á Angelinu Jolie og kallar hana óforskammaðan daðrara sem geti ekki leikið. Julia var síður en svo sátt með frammistöðu Angelinu í kvikmyndinni A Mighty Heart sem frumsýnd verður á Íslandi í byrjun janúar.

„Þetta segi ég sjaldan, en ég hefði skilað þessu hlutverki betur en hún," sagði Julia við nána vini eftir að hafa horft á myndina. Angelina hefur fengið afar góða dóma fyrir hlutverk sitt í myndinni sem ekkja Daniels Pearl, fréttamanns sem myrtur var í Pakistan árið 2002. Hún var í vikunni tilnefnd til Spirit-kvikmyndaverðlaunanna fyrir leik sinn og þykir sigurstrangleg.

Julia var einnig með þeim fyrstu til að heyra af daðri Angelinu við núverandi eiginmann hennar Brad Pitt, þegar þau léku saman í myndinni Mr. & Mrs. Smith. Eiginmaður Juliu, kvikmyndatökumaðurinn Danny Moder, vann við myndina og flutti konu sinni reglulega fréttir af því hvernig Angelina gerði hosur sínar grænar fyrir Brad sem þá var giftur Jennifer Aniston. Starfsmenn á upptökuverinu hafi jafnvel kallað Angelinu köngulóarkonuna, svo augljósar voru tilraunir hennar til að lokka Brad í vef sinn.



**ANGELINA JOLIE** Er ekki vinsæl í Hollywood.



**JULIA ROBERTS** Kallar Angelinu óforskammaðan daðrara sem geti ekki leikið.

# Fjöldamorð í framhaldsskóla

Peter Houghton er 17 ára og hefur mátt þola grimmilegt einelti frá jafnöldrum sínum frá sex ára aldri. Öll þessi ár hafa kvalarar hans fundið upp á nýjum aðferðum til að niðurlægja hann þar til hann grípur loks til örþrifaráða. Hann fyllir bakpokann sinn af byssum, fer í skólann og drepur níu skólafélaga sína og einn kennara.

Hvað fær ungan mann til að fremja slíkan glæp? Hvaða leið á einstaklingurinn út úr óbærilegum kringumstæðum? Er í lagi að svara fyrir sig? Má maður vera öðru vísi en allir hinir? Í þessari æsispennandi sögu veltir Jodi Picoult m.a. upp þessum spurningum um sekt, samvisku og baráttu við ofurefli. Ingunn Ásdísardóttir þýddi bókina.




Bókin fær algerlega fjórar stjörnur í mínum kladda og ég mæli með henni í hvaða jólapakka sem er.
*– Kolbrún Skaftadóttir, Pennanum*

**Enn ein metsölubókin frá höfundi**
***Á ég að gæta systur minnar?***

# Rebus og Rankin upp á sitt besta

Forystumenn G8 – helstu iðnríkja heims – eru samankomnir í Edinborg. Lögreglan á í mesta basli með að halda aftur af kröftugum mótmælum. John Rebus varðstjóri hefur verið gerður óvirkur á þessari örlagstundu af því að yfirvöld óttast að hann kunni að stofna til einhverra leiðinda. Það breytist þó allt þegar ungur stjórnmálamaður fellur niður af múrum Edinborgarkastala og dregur Rebus inn í atburðarásina. Annað og ógnvænlegra mál skyggir brátt á þetta. Dularfullar vísbendingar benda til þess að raðmorðingi sé á ferli steinsnar frá Gleneagles, þar sem æðstu menn sitja á fundi. Yfirvöld vilja umfram allt breiða yfir bæði þessi mál til þess að skyggja ekki á heimssögulegan atburð. Rebus fylgir þó engum reglum fremur en fyrri daginn. Þýðandi er Björn Jónsson.




# Morð í Reykjavík
## Dularfyllsta morðgáta 20. aldar




Þann 18. janúar 1968 var Gunnar S. Tryggvason leigubílstjóri myrtur í bíl sínum við Laugalæk í Laugarnesi. Rannsóknin sem fylgdi í kjölfarið varð strax mjög umfangsmikil án þess að nokkur haldbær spor fyndust eftir ódæðismanninn. Rúmu ári eftir að rannsókn málsins hófst fannst morðbyssan fyrir algjöra tilviljun. Í framhaldi af þeim fundi var maður handtekinn og grunaður um morðið.

Hver myrti Gunnar Tryggvason leigubílstjóra?

Hvers vegna var hann myrtur?

Hvað fór úrskeiðis við rannsóknina?

**Æsispennandi frásögn af einu einkennilegasta morðmáli 20. aldar**

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# Vill leikkonur fáklæddar

Leikarinn Jonathan Rhys Mayers þolir ekki þegar leikkonur neita að afklæða sig fyrir framan myndavélina. Mayers leikur breska konunginn Hinrik VIII í sjónvarpsþáttunum vinsælu The Tudors sem sýndir eru á Stöð 2.

„Leikkonur sem tuða og vilja ekki fara úr fötunum þótt það standi í handritinu gera mig brjálaðan! Mig langar að skera af þeim eyrun,“ segir Mayers.

Vonandi mun ekki koma til þess þegar íslenska leikkonan Aníta Briem gengur til liðs við leikhópinn, en hún mun fara með hlutverk þriðju eiginkonu Hinriks, Jane Seymore, í næstu þáttaröð.



**JONATHAN RHYS MEYERS** Langar að skera eyrun af leikkonum sem neita að fækka fötum framan við myndavélina.

# Tónleikum bætt við

Sænska söngkonan Carola, sem vann Eurovision-keppnina 1991 með laginu Fångad av en Stormvind, heldur aukatónleika í Grafarvogskirkju 20. desember. Uppselt varð á fyrri tónleika hennar sem hefjast klukkan 20 og því var ákveðið að bæta aukatónleikum við sem hefjast sama kvöld klukkan 22.



**CAROLA** Sænska söngkonan Carola heldur tvenna tónleika í Grafarvogskirkju 20. desember.

Carola ætlar að flytja efni af nýrri jólaplötu sinni sem nefnist I denna natt blir världen ny – Jul i Betlehem II og inniheldur margar þekktar jólaperlur. Því má búast við hlýlegri jólastemningu í Grafarvogskirkju rétt fyrir jólin. Miðasala á aukatónleikana er hafin í Fíladelfíu og á hljomar.is.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**PABBINN VAR GIFTUR ÖMMUNNI** Ari Trausti Guðmundsson gefur út eina áhugaverðustu bók ársins, Land þagnarinnar, þar sem hann setur sína eigin fjölskyldusögu í skáldskaparbúning. Sagan er bæði margbrotin og flókin en inn í hana fléttast leit söguhetjunnar að afa sínum.

# Ari Trausti fann afa sinn eftir þriggja ára leit

**Önnur skáldsaga Ara Trausta Guðmundssonar, Land þagnarinnar, segir frá stálpuðum dreng sem spyr fjölskyldumeðlimi sína um fortíðina án þess að fá skýr svör. Fáir vita að um sjálfsævisögulegt verk er að ræða og að Ari Trausti eyddi, líkt og sögupersóna bókarinnar, þremur árum í að leita afa síns í Þýskalandi.**

„Þetta eru eiginlega tvær sögur. Annars vegar saga af dreng sem fer að pæla í því af hverju hann eigi ekki afa eins og önnur börn. Smám saman kemst hann að því að enginn veit neitt um afann – ekki einu sinni amman sem þó átti barn með honum,“ segir Ari Trausti en umrætt barn er móðir Ara.

„Drengurinn kemst auk þess að því að pabbi hans hafi fyrst verið giftur ömmu hans og síðar mömmunni sem var stjúpdóttir hans. Með henni bjó hann drenginn til og öll hans systkini. Mæðgunum kynntist hann þar sem hann var við nám í Þýskalandi og þær fluttu með honum hingað til Íslands. Pabbinn deyr ungur og öllu er þessu lýst í bókinni, leit drengsins að sjálfum sér og því hvernig fjölskyldan hagar sér í tengslum við það sem ekki má tala um. Inn í þetta fléttast að pabbinn á fleiri börn,“ segir Ari Trausti en eitt af umræddum börnum er listamaðurinn Erró þótt nafni hans hafi verið breytt í bókinni. Faðir Ara Trausta og Errós var Guðmundur frá Miðdal.

„Ég fór ekki út í það að nota hin eiginlegu nöfn og ég leyfði ekki endilega öllum þeim persónum að lifa í bókinni sem eru til í raunveruleikanum. Samtöl og ýmislegt annað er skáldskapur en þessir grófu drættir eru raunverulegir. Ég fór þá leið að skrifa skáldsögu til þess að hafa aukið frelsi. Allt þetta fólk er á lífi ef frá eru talin foreldrar mínir og amma. Það hefði verið leiðinlegt að segja rangt frá eða þurfa að halda aftur af einhverju.“

Ekki er þó öll sagan sögð hér því inn á milli kafla er fylgst með leit drengsins, sem þá er orðinn fullorðinn, að afa sínum í Þýskalandi. „Þar má sjá bréfaskriftir og tölvupóst þar sem drengurinn reynir að komast að því hver hinn dularfulli afi var. Hann fannst að lokum en var þá látinn. Saga afans er mikil og flókin. Hann lenti til að mynda í gyðingaofsóknum og bjargaði sjálfum sér og öðru barni sínu frá dauða. Það er hálfsystir móður minnar sem er á lífi í dag en þær vissu ekki hvor af annarri.“

Ari Trausti eyddi þremur árum í að leita afa síns. „Í raun var ég ekki með neitt í höndunum nema nafn. Það er erfitt að leita að manneskju í Mið-Evrópu, sem ég gat sagt mér að væri dáin, með það eitt að vopni. En margar tilviljanir urðu til þess að hann fannst. Inn í söguna koma til dæmis þýskir embættismenn sem fóru á svig við embættisskyldur sínar með því að hjálpa mér. Ef ekki hefði verið fyrir þá og aðstoð fjölskyldunnar hefði ég líklega aldrei lokið leitinni.“

sigrunosk@frettabladid.is



**WEEZER** Næsta plata hljómsveitarinnar Weezer kemur ekki út 22. apríl.

# Aðdáendur gabbaðir

Næsta plata bandarísku hljómsveitarinnar Weezer heitir ekki Tout Ensemble og kemur ekki út 22. apríl á næsta ári. Fregnir um plötuna birtust nýverið á heimasíðunni albumsix.com og áttu þær ekki við rök að styðjast. „Weezer og Geffen Records tengjast albumsix.com á engan hátt. Nýja Weezer-platan heitir ekki Tout Ensemble og það hefur ekkert verið ákveðið með útgáfudag,“ sagði í yfirlýsingu á heimasíðu Weezer.

Fólkið á bak við albumsix.com hefur viðurkennt að um gabb hafi verið að ræða. Notaði það einnig tækifærið á síðu sinni til að kynna nýtt spjallsvæði fyrir aðdáendur Weezer.

# Breytist í 17 ára ungling

Vinurinn fyrrverandi, Matthew Perry, leikur mann sem vaknar upp einn daginn sem sautján ára unglingur í gamanmyndinni 17. Myndin sækir hugmynd sína að einhverju leyti til hinnar vinsælu Big frá níunda áratugnum með Tom Hanks í aðalhlutverki. Í 17 ákveður hinn sautján ára Perry að skrá sig í skóla barna sinna svo hann geti verið nálægt þeim.



**MATTHEW PERRY** Perry breytist í sautján ára ungling í myndinni 17.

Perry sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni The Laws of Motion þar sem hann leikur á móti Hilary Swank, Ben Foster og Ginnifer Goodwin.

„... ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“
Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins




„... [Sigurður Pálsson] hefur einmitt náð rétta tóninum ...“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV

„... þetta er unaðsleg bók. Ég naut hvers einasta kafla og skældi þegar ég lauk við hana.“
Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**POETRIX** Rapparinn Poetrix hefur frestað útgáfu á fyrstu plötunni sinni þar til í febrúar.

# Frestar sólóplötunni

Rapparinn Poetrix hefur frestað útgáfu á fyrstu sólóplötu sinni, Fyrir lengra komna, þar til í febrúar. „Ég ákvað að vera ekki með í þessu jólaflóði, ég bara nennti því ekki,“ segir Poetrix, sem heitir réttu nafni Sævar Daníel Kolandavelu. „Ég vil að fólk kaupi plötuna af því að það langi að hlusta á hana en ekki til að gefa litla barninu sínu pakka. Ég er að gera tónlist sem nær til fólks og er ekki hluti af hugmyndafræðilegu oki um það hvernig best er að hafa markaðssetninguna. Ég er kominn með ógeð á því að fólk sé að kaupa ímyndir en ekki plötur,“ segir Poetrix. „Að sjálfsögðu er ég líka að reyna að koma hip hopinu úr þessari rotþró sem það hefur verið í undanfarin ár.“

Platan átti upphaflega að koma út í byrjun október en þá var ákveðið að „mastera“ hana og hljóðblanda á nýjan leik. Hún kemur til landsins í þessari viku en þrátt fyrir það ætlar Poetrix að liggja á henni eins og ormur á gulli. „Ég er orðinn svo vanur því að fresta henni. Þetta er eins og maður sé búinn að vera óléttur í tvö ár,“ segir hann en platan tók tvö ár í vinnslu. Við gerð hennar fékk hann til liðs við sig einvala lið tónlistarmanna, þar á meðal Bubba Morthens, Einar Ágúst, Davíð Þór Jónsson, Steve Sampling, Rósu úr Sometime og Smára „Tarf“. „Það var stórfenglegt upplifun af vinna með þeim. Þetta er ótrúlega gott fólk í alla staði,“ segir Poetrix, sem lauk nýlega upptökum á myndbandi við lagið Draumar sem hann syngur með Rósu. Er það væntanlegt í spilun í febrúar.

- fb



Europris
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Sprittkerti, 100 í pk
199
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Lágvöruverslunin þín!
20"
12v
35.990
20" FLATSJÓNVARP - PROLUX
•LCD
•640x480 pixlar
•220V og 12 V. Því kjörið m.a. í húsbílinn
•Borðstandur fylgir
pr. stk
9
KERTI - 30 CM
Rauð eða fjólublá
400 gr
199
PIPARKÖKUR
•400 gr
100% HUD
13.990
LEÐURSTÓLL
•Með fótskemli
HVERGI BETRA VERÐ!
29.990
BÚTA-OG GEREKTSÖG
• 1600 W
• Snúningsborð
• Sagablað 255 mm
• Skurðargeta á 90° er 65x155 mm
LASER 670
2990
HALLAMÁL - LASER
•Á þrífæti
FRÁ 99
JÓLAVÖRUR Í ÚRVALI
EFFEKT
SPYLER VÆSKE
4 ltr
199
RÚÐUVÖKVI - 4 LTR
Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar
www.europris.is
Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 7 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 og 8 | L |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 10 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| DAN IN REAL LIFE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 -10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 10 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45- 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 6 - 10.30 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5.30- 8 -10.30 | 16 |
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.40 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA SÍÐUSTU SÝN. | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 - 8 - 10:20 | 14 |
| ELIZABETH | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10 | 10 |
| RENDITION | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 6 | |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 6 | |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 8 | 16 |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| BRÚÐAHETJAN [illegible] | kl. 6 | [illegible] |
| STARDUST | kl. 5:30 | [illegible] |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. [illegible] DIGITAL | 16 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | [illegible] |
| THE INVASION | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:20 | [illegible] |
| MR. WOODCOCK | kl. 8 - 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 -10:10 | [illegible] |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF


# Þrjár danssveitir í Liverpool

Danssveitirnar Bloodgroup, Sometime og Sven Bit, sem áður hét Hermigervill, spila í kvöld á íslensku menningarhátíðinni ICE07 sem verður haldin í Liverpool um helgina í tilefni af 800 ára afmæli borgarinnar. Tónleikarnir verða jafnframt hluti af tónleikaröðinni Reykjavík Nights sem er haldin á vegum fyrirtækisins Two Little Dogs.

„Þetta er frábær kynning og þessi tónleikaröð hefur komið ótrúlega vel út. Við höfum fengið ótrúlega góða kynningu enda er ég með gott fólk með mér að kynna þetta,“ segir Kolbrún Karlsdóttir, stofnandi Two Little Dogs.



**BLOODGROUP** Hljómsveitin Bloodgroup spilar í Liverpool í kvöld ásamt Sometime og Sven Bit.

„Þessi tónleikaröð er gott tækifæri fyrir listamenn til að fara út fyrir landsteinana og spila fyrir annan áheyrendahóp.“ Danssveitirnar þrjár spiluðu á staðnum The Luminaire í London í gærkvöldi og annað kvöld spila þær síðan á hátíðinni Sci-Fi Mini-fest í Nottingham.

Sex Reykjavík Nights-tónleikar verða haldnir í London á næsta ári. Auk þess flytur Two Little Dogs hingað til lands breska tónlistarmanninn Tim Ten Yen í næsta mánuði og í mars á næsta ári kemur hingað bandaríska rokksveitin The Pains Of Being Pure At Heart.

Viðræður eru í gangi við fleiri sveitir um tónleikahald hérlendis.

- fb



**EINAR SCHEVING** Trommuleikarinn Einar Scheving hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslenskur hljómur Einars

**Trommuleikarinn Einar Scheving hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Cycles. Var hún tekin upp á aðeins tveimur dögum í einu þekktasta og besta hljóðveri New York.**

Trommuleikarinn Einar Scheving hefur í nógu að snúast. Hann spilar með fönksveitinni Jagúar, spilar á sýningu í Þjóðleikhúsinu og er að undirbúa sig fyrir þrenna jólatónleika Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. Þar fyrir utan gaf hann fyrir skömmu út sína fyrstu sólóplötu, hina lágstemmdu og þægilegu Cycles. Honum til halds og trausts eru nokkrir af fremstu hljóðfæraleikurum þjóðarinnar, þeir Eyþór Gunnarsson, Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson.

## Snillingar til hjálpar

„Frá því að ég fór að semja músík fyrir alvöru er ég búinn að stefna að þessu,“ segir Einar um plötuna. „Fyrst ætlaði ég að gera meiri ekta djassplötu og fá erlenda spilara með mér. Eftir því sem ég fór að þróa þessi lög meira sá ég að það var svo mikið íslenskt sánd í þeim. Þá datt mér í hug að fá þessa félaga mína með mér. Þetta eru náttúrlega bara snillingar, engum líkir,“ segir hann.

## Spjallaði við Donald Fagen

Platan var tekin upp á aðeins tveimur dögum í einu þekktasta og besta hljóðverinu í New York, Avator. „Vikuna sem við vorum þarna rakst maður á Donald Fagen (úr Steely Dan) og John Mayer og ég spjallaði aðeins við Fagen. Ef þú ert kominn í „professional stúdíó“ þá rekast menn á einhver nöfn. Það þykir í sjálfu sér ekki merkilegt,“ segir Einar, sem flutti heim frá Bandaríkjunum fyrir einu og hálfu ári eftir tæplega tíu ára dvöl þar í landi. Stundaði hann nám við háskóla í Miami og ílengdist síðan þar. Bauðst honum staða við skólann auk þess sem hann spilaði víða, meðal annars í R&B-hljómsveit. Eftir það bjó hann í tæpt ár í New York áður en hann dreif sig á endanum heim.

Einar, sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin í fyrra fyrir besta djasslagið, stefnir á að halda útgáfutónleika snemma á næsta ári til að kynna Cycles enn frekar.

freyr@frettabladid.is

# Efnilegt tvíeyki

Mr. Silla og Mongoose eru þau Sigurlaug Gísladóttir og Magnús B. Skarphéðinsson. Þau tóku upp samstarf eftir að þau komu fram á sama kvöldinu á Airwaves fyrir tveimur árum, en Foxbite er fyrsti ávöxtur þess samstarfs.

Tónlistin á Foxbite er í grunninn raftónlist, en hefðbundin og óráfmögnuð hljóðfæri blandast inn í mörg laganna. Þetta er frekar róleg tónlist og á köflum tilraunakennd. Mr. Silla vakti mikla athygli á fyrrnefndri Airwaves-hátíð árið 2005. Ég var einn af þeim sem kolféll fyrir söngnum hennar og sviðsnærveru og hef beðið spenntur eftir að heyra meira frá henni alla tíð síðan. Tónleikar Mr. Sillu & Mongoose á síðustu Airwaves-hátíð voru líka mjög fínir.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég varð fyrir vonbrigðum með Foxbite. Ekki að þetta sé slæm plata, en ég bjóst við enn meiru. Það eru 15 lög á plötunni og nokkur þeirra eru frábær. Ég nefni Ten Foot Bear, Raggedypack, I Don‘t og Organ Deviltry. Inn á milli og þá sérstaklega á seinni hluta plötunnar eru hins vegar lög sem eru eins og ókláraðar skissur og draga heildina niður. Lagleysur geta alveg verið skemmtilegar, en stykki eins og I've Been Hit og I Only Want Chicken hljóma ómarkviss og hreint út sagt leiðinleg. Mér finnst líka hljómurinn á plötunni ekki alveg nógu góður. Hún hljómar stundum svolítið „dated“ og þó að það séu flottir taktar og athyglisverðar hljóðpælingar í mörgum laganna þá finnst mér vanta dýpt í heildarhljóminn. Platan hefði ugglaust orðið betri ef lögin hefðu verið aðeins færri og meira verið lagt í hvert og eitt.

En eins og áður segir er Foxbite samt alls ekki slæm plata. Mr. Silla er frábær söngkona og maður heyrir það vel í nokkrum laganna á plötunni, t.d. Ten Foot Bear og I Don't. Á heildina litið er þetta athyglisverð plata frá mjög efnilegu tvíeyki sem eflaust á eftir að gera enn betri hluti í framtíðinni.

Trausti Júlíusson

**TÓNLIST**

**Foxbite**

Mr. Silla & Mongoose

★★★

Þrátt fyrir að vera of löng og á köflum ómarkviss er Foxbite athyglisverð plata frá efnilegu tvíeyki. Mr. Silla sýnir að hún er eina af bestu söngkonum landsins.





**HJÁLMAR** Hljómsveitin Hjálmar heldur tvenna útgáfutónleika fyrir norðan á næstunni.

# Tvöfalt hjá Hjálmum

**Hljómsveitin Hjálmar heldur tvenna útgáfutónleika fyrir norðan á næstunni til að kynna nýjustu plötu sína, Ferðasót. Fyrri tónleikarnir verða á Græna hattinum á Akureyri á föstudagskvöld og síðari tónleikarnir verða í Síldarminjasafni Siglufjarðar, Gránu, á laugardag klukkan 15.**

**Hjálmar héldu vel heppnaða útgáfutónleika á Nasa síðastliðinn laugardag þar sem gestir skemmtu sér konunglega. Spiluðu þá þrír nýir liðsmenn sveitarinnar með henni í fyrsta sinn, þeir Helgi Svavar, Davíð Þór og Valdimar úr hljómsveitinni Flís.**



**THUNDERCATS** Hljómsveitin Thundercats heldur útgáfutónleika á Organ í kvöld.

# Thundercats fagna útgáfu

Hljómsveitin Thundercats heldur útgáfutónleika á Organ í kvöld til að fagna sinni fyrstu plötu, New Wave. Þýska útgáfufyrirtækið Nordic notes gefur plötuna út í Þýskalandi, Austurríki og Sviss en útgáfa kattanna, Hanndatt, gefur út hér á landi.

Kjarni sveitarinnar er mannaður af tveimur meðlimum rokksveitarinnar Úlpu en að vanda mun tónlistarkonan Jara syngja með þeim á tónleikunum og grípa í einhver hljóðfæri. Tónleikarnir hefjast klukkan 23 og er ókeypis inn. Hægt verður að kaupa plötuna á góðu verði á tónleikunum. Nánari upplýsingar um Thundercats má finna á www.myspace.com/hanndatt.



**DEADMAU5** Plötusnúðurinn Deadmau5 þeytir skífum á Nasa á föstudagskvöld.

# Deadmau5 þeytir skífum

Plötusnúðurinn Deadmau5 þeytir skífum á Nasa á föstudagskvöld. „Hann er nýkominn á danstónlistarmarkaðinn en er strax búinn að slá í gegn,“ segir Kiddi hjá Flex Music sem stendur fyrir tónleikunum.

Tónlistarmenn og plötusnúðar á borð við Tiesto, Carl Cox, Nic Fanciulli, James Zabiela, Paul Van Dyke, Sasha, John Digweed, Sebastien Leger, Chris Lake og Eddie Halliwell hafa allir verið að spila tónlist frá Deadmau5. Sömuleiðis hefur hann verið iðinn við að endurhljóðblanda hin ýmsu lög. Forsala á Deadmau5 fer fram í Mohawks og á Skór.is. Miðaverð er 2.000 krónur.

# Þrjár sveitir áfram



**ASK THE SLAVE** Hljómsveitin Ask the Slave verður á meðal keppenda í kvöld.

Hljómsveitirnar Cliff Clavin, Artika og Thingtak eru komnar í úrslit hljómsveitarkeppninnar Global Battle of the Bands sem verður haldin á Gauki á Stöng á föstudagskvöld.

Fleiri hljómsveitir bætast við í kvöld þegar síðara undanúrslitakvöldið verður háð á Gauknum. Etja þá kappi Endless Dark, Ask the Slave, My Cryptic Project, Narfur, Tab 22 og Storyteller. Sigurvegarinn á föstudagskvöld keppir fyrir Íslands hönd í lokakeppni Global Battle of the Bands í London 4. til 6. desember. Í verðlaun eru sex milljónir og tónleikaferð um heiminn. Gaukurinn verður opnaður kl. 20 öll kvöldin og kostar 500 kr. inn.

# Rokk og andspyrna



**REYKJAVÍK!** Hljómsveitin Reykjavík! spilar á andspyrnutónleikum á föstudag.

Anarkistahópurinn Andspyrna og náttúruverndarhreyfingin Saving Iceland halda andspyrnuhátíð í Tónlistarþróunarmiðstöðinni á föstudag. Fram koma sjö hljómsveitir úr pönk- og rokkgeiranum, þar meðal Reykjavík!, Celestine, We Made God og Dys.

Skipuleggjandinn Siggi Pönk segir að hátíðin sé sú sjöunda í röðinni. „Markmiðið með þessari hátíð er að gefa út túristabækling á ensku og þýsku til að benda þeim á að það er verið að eyðileggja landið sem þau eru að skoða,“ segir Siggi. „Það verður að hafa öll járn úti til að verja landið fyrir gróðapungum. Það er engin hugsjón á bak við það að virkja enda er ekkert atvinnuleysi eða neitt.“

Á hátíðinni verða hljómsveitir færðar niður af sviðinu þannig að skilin milli hljómsveitar og tónleikagesta verða engin. Myndvarpi mun varpa kvikmyndum á veggi Hellisins auk þess sem geisladiskar, vinylplötur og kassettur verða seld. Hátíðin hefst klukkan 20 og ætti að vera lokið um klukkan 23. Aðgangseyrir er 500 krónur.



## > Ari Freyr færir sig um set



Ari Freyr Skúlason skrifaði í gær undir þriggja ára samning við sænska liðið GIF Sundsvall sem keypti hann frá BK Häcken. En liðin tvö háðu harða baráttu um sæti í efstu deild á síðustu leiktíð og GIF Sundsvall hafði betur. „Ari er náttúrlega himinlifandi að fá tækifæri til þess að sanna sig á næsta styrkleikastigi og ég er ánægður fyrir hans hönd,“ sagði Ólafur Garðarsson umboðsmaður í samtali við Fréttablaðið í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON:** SPILAÐI ÓVÆNT FYRIR GUMMERSBACH Á ÞRIÐJUDAG OG FÓR Á KOSTUM

# *Ég mun ekki taka þátt í næstu leikjum liðsins*




Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson kom mjög óvart inn af bekknum um miðjan síðari hálfleik hjá Gummersbach í bikarleik gegn Göppingen á þriðjudag. Leikurinn var þá í járnum en Gummersbach hafði sigur að lokum, 33-30, og það getur liðið þakkað Guðjóni sem skoraði fjögur mikilvæg mörk á lokakaflanum.

Guðjón fór sem kunnugt er úr axlarlið fyrir nokkrum vikum og var talið að hann gæti ekki byrjað að spila fyrr en eftir áramót hið fyrsta og þátttaka hans á EM þar með í óvissu. Sjálfur átti Guðjón aldrei von á því að spila en hann var óvænt settur á skýrslu fyrir leikinn sökum veikinda hornamannsins sem leysir Guðjón af í meiðslunum.

„Það stóð aldrei til að ég myndi spila þennan leik og ég var enn í gallabuxunum hálftíma fyrir leik. Ég sagði við Alfreð að hann gæti þá sett mig á skýrslu og hann gerði það þó svo hann hafi ekki verið hrifinn af hugmyndinni. Í kjölfarið hringdi ég í konuna mína og bað hana um að setja í tösku fyrir mig því ég var ekki með neitt æfingadót með mér,“ sagði Guðjón Valur léttur á því en hann kenndi sér einskis mein eftir leikinn enda hlífði hann öxlinni vel en það var ekki skothöndin hans sem fór úr lið.

„Alfreð ætlaði ekkert að láta mig spila nema nauðsyn krefði. Ég stóð niður í horni í vörninni og forðaðist alla snertingu og það kom til að mynda ekki til greina að ég fórnaði mér á mann sem væri að sleppa í gegn. Frekar að leyfa manninum að skjóta. Þetta var auðvitað alger vitleysa en bikarinn skiptir okkur miklu máli og við erum núna aðeins einum leik frá því að komast til Hamborgar þar sem fjögur síðustu liðin mætast í úrslitahelgi,“ sagði Guðjón en hann mun ekki spila næstu leiki fyrir liðið enda ekki kominn í leikhæft ástand.

„Ég á enn nokkuð í land með að ná fullri heilsu og er ekki farinn að skjóta af öllu afli. Það er þó jákvætt að sjá að ég sé á réttri leið. Ég sagði reyndar við sjónvarpsmenn fyrir leikinn að ég myndi kannski spila 19. desember og þeir voru því eflaust hissa þegar ég kom inn í síðari hálfleik,“ sagði Guðjón Valur.

Iceland Express-deild kvenna:

## Framlenging

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka þurftu framlengingu til þess að landa 73-71 sigri gegn nýliðum Fjölni í Iceland Express-deild kvenna í gær en hann kom liðinu upp í 2. sæti deildarinnar.

Fjölnir var yfir nánast allan leikinn en Haukar skoruðu fjögur síðustu stigin í leiknum og jöfnuðu í 63-63 og nýttu sér síðan vel að tveir bestu leikmenn liðsins Slavica Dimovska (30 stig) og Gréta María Grétarsdóttir (19 fráköst, 8 stoðsendingar, 6 stig) voru komnar með fimm villur. Kiera Hardy skoraði 28 stig fyrir Hauka en þurfti til þess 32 skot. Efemía Sigurbjörnsdóttir (12 stig) og Eva María Emilsdóttir (13 fráköst) áttu góðan leik.

KR-konur eru í þriðja sæti deildarinnar eftir 72-64 sigur á Hamar í Hveragerði. Þetta var sjötti sigur KR í sjö leikjum. - óój




# Liverpool lifir í voninni

**Átta leikir fóru fram í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld. Ensku liðin Chelsea og Liverpool voru í eldlínunni, ásamt stórliðunum AC Milan og Real Madrid. Chelsea og AC Milan komust áfram en sex sæti eru enn laus.**

**FÓTBOLTI** Næstsíðustu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í fótbolta lauk í gærkvöldi með átta leikjum í riðlum A-D.

Liverpool var með bakið upp við vegg í A-riðli þegar liðið tók á móti Porto á heimavelli sínum, Anfield Road, og þurfti nauðsynlega á sigri að halda, en portúgalska liðinu dugði jafntefli í leiknum. Liverpool fékk óskabyrjun í leiknum þegar Fernando Torres skoraði gott skallamark eftir hornspyrnu Steven Gerrard á 19. mínútu. Liverpool hafði verið sterkari aðilinn í leiknum fram að markinu og virtist hápressa Liverpool-manna koma Portúgölunum í opna skjöldu. Eftir markið var hins vegar eins og allur vindur væri úr Liverpool og Porto komst almennilega inn í leikinn, jafnaði með marki Lisandro López. Stuttu síðar var López nálægt því að koma Porto yfir þegar hann slapp einn í gegnum vörn Liverpool, en hann skaut framhjá markinu úr upplögðu færi. Staðan var hins vegar enn 1-1 þegar fyrra hálfleik lauk.

Í seinni hálfleik dró svo til tíðinda á 78. mínútu þegar Torres kom Liverpool yfir með sínu öðru marki í leiknum. Torres náði að prjóna sig í gegnum vörn Porto og kláraði færi sitt mjög vel og skoraði afar mikilvægt mark fyrir Liverpool því eftir markið virtist björninn unninn. Steven Gerrard skoraði þriðja mark Liverpool úr víti áður en Peter Crouch innsiglaði 4-1 sigur Liverpool.

Á sama tíma vann Besiktas óvæntan sigur á Marseille og því ljóst að öll liðin í A-riðli eiga möguleika á að komast áfram þegar lokaumferðin fer fram.

Chelsea vann Rosenborg örugglega í toppslap B-riðils og er því komið áfram, en ekki er enn ljóst hvort að það verði Rosenborg eða Schalke sem fylgi liðinu upp úr riðlinum.

C-riðill er nú galopinn eftir leiki gærkvöldsins þar sem Werder Bremen vann Real Madrid óvænt og Olympiacos vann Lazio og öll liðin eiga möguleika á að komast áfram úr riðlinum fyrir lokaleikina.

AC Milan dugði jafntefli gegn Benfica í gær til að tryggja sig áfram úr D-riðli, vegna þess að Celtic vann Shaktar og skoska liðið því eina liðið sem getur náð AC Milan. Celtic þarf hins vegar jafntefli í lokaumferðinni til að tryggja sig áfram.

omar@frettabladid.is




**SKALLAMARK** Fernando Torres kom Liverpool yfir 1-0 gegn Porto í Meistaradeildinni í gærkvöldi með laglegu skallamarki. Torres kom svo Liverpool yfir á ný, 2-1, með marki þegar 12 mínútur voru til leiksloka. NORDICPHOTOS/GETTY



**MARKAVEISLA** Chelsea átti ekki í erfiðleikum gegn norska liðinu Rosenborg í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Meistaradeild Evrópu:*

A-riðill:

| | |
|---|---|
| Besiktas-Marseille | 2-1 |

1-0 Rodrigo Tello (26.), 1-1 Taye Ismaila Taiwo (65.), 2-1 Bobo (88.).

| | |
|---|---|
| Liverpool-Porto | 4-1 |

1-0 Fernando Torres (19.), 1-1 Lisandro López (33.), 2-1 Fernando Torres (78.), 3-1 Steven Gerrard (84.), 4-1 Peter Crouch (87.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Porto** | **5** | **2** | **2** | **1** | **6-7** | **8** |
| Marseille | 5 | 2 | 1 | 2 | 6-5 | 7 |
| **Liverpool** | **5** | **2** | **1** | **2** | **14-5** | **7** |
| Besiktas | 5 | 2 | 0 | 3 | 4-13 | 6 |

B-riðill:

| | |
|---|---|
| Rosenborg-Chelsea | 0-4 |

0-1 Didier Drogba (7.), 0-2 Didier Drogba (20.), 0-3 Alex (40.), 0-4 Joe Cole (73.).

| | |
|---|---|
| Valencia-Schalke | 0-0 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **5** | **3** | **2** | **0** | **9-2** | **11** |
| Rosenborg | 5 | 2 | 1 | 2 | 5-7 | 7 |
| **Schalke** | **5** | **1** | **2** | **2** | **2-3** | **5** |
| Valencia | 5 | 1 | 1 | 3 | 2-6 | 4 |

C-riðill:

| | |
|---|---|
| W. Bremen-Real Madrid | 3-2 |

1-0 Markus Rosenberg (4.), 1-1 Robinho (14.), 2-1 Boubacar Sanogo (40.), 3-1 Aaron Hunt (58.), 3-2 Ruud Van Nistelrooy (71.).

| | |
|---|---|
| Lazio-Olympiacos | 1-2 |

1-0 Goran Pandev (30.), 1-1 Luciano Galletti (35.), 1-2 Darko Kovacevic (64.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | **5** | **2** | **2** | **1** | **10-8** | **8** |
| Olympiakos | 5 | 2 | 2 | 1 | 8-7 | 8 |
| **W. Bremen** | **5** | **2** | **0** | **3** | **8-10** | **6** |
| Lazio | 5 | 1 | 2 | 2 | 7-8 | 5 |

D-riðill:

| | |
|---|---|
| Benfica-AC Milan | 1-1 |

0-1 Andrea Pirlo (15.), 1-1 Maxi Pereira (20.).

| | |
|---|---|
| Celtic-Shakhtar | 2-1 |

0-1 Brandao (5.), 1-1 Jirí Jarosík (45.), 2-1 Massimo Donati (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC Milan** | **5** | **3** | **1** | **1** | **11-5** | **10** |
| Celtic | 5 | 3 | 0 | 2 | 5-5 | 9 |
| **Shakhtar** | **5** | **2** | **0** | **3** | **5-9** | **6** |
| Benfica | 5 | 1 | 1 | 3 | 3-5 | 4 |

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Blackburn-Aston Villa | 0-4 |

0-1 John Carew (29.), 0-2 Gareth Barry (53.), 0-3 Ashley Young (81.), 0-4 Marlon Harewood (89.).



vodafone Iceland Express 1911 vörður

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

ENSKI BOLTINN

# EKKERT JÓLAFRÍ

## YFIR 60 BEINAR ÚTSENDINGAR

**STÓRU LIÐIN MÆTAST Í DESEMBER**

LIVERPOOL – MAN. UTD.
ARSENAL – CHELSEA

**LAUGARDAGUR 1. DESEMBER**
- Chelsea – West Ham
- Blackburn – Newcastle
- Aston Villa – Arsenal
- Portsmouth – Everton
- Reading – Middlesbrough
- Wigan – Man. City
- Sunderland – Derby

**SUNNUDAGUR 2. DESEMBER**
- Liverpool – Bolton
- Tottenham – Birmingham

**MÁNUDAGUR 3. DESEMBER**
- Man. Utd. – Fulham

**MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER**
- Newcastle – Arsenal

**LAUGARDAGUR 8. DESEMBER**
- Aston Villa – Portsmouth
- Man. Utd. – Derby
- Reading - Liverpool
- Chelsea – Sunderland
- Newcastle – Birmingham
- Everton – Fulham

**SUNNUDAGUR 9. DESEMBER**
- Middlesbrough – Arsenal
- Blackburn – West Ham
- Tottenham – Man. City
- Bolton – Wigan

**LAUGARDAGUR 15. DESEMBER**
- West Ham – Everton
- Fulham – Newcastle
- Man. City – Bolton
- Portsmouth – Tottenham
- Birmingham – Reading
- Sunderland – Aston Villa

**SUNNUDAGUR 16. DESEMBER**
- Liverpool – Man. Utd.
- Arsenal – Chelsea

**LAUGARDAGUR 22. DESEMBER**
- Arsenal – Tottenham
- Liverpool – Portsmouth
- Aston Villa – Man. City
- Middlesbrough – West Ham
- Reading – Sunderland
- Bolton – Birmingham

**SUNNUDAGUR 23. DESEMBER**
- Man. Utd. – Everton
- Newcastle – Derby
- Blackburn – Chelsea

**MIÐVIKUDAGUR 26. DESEMBER**
- West Ham – Reading
- Sunderland – Man. Utd.
- Portsmouth – Arsenal
- Derby – Liverpool
- Chelsea – Aston Villa
- Tottenham – Fulham
- Everton – Bolton

**FIMMTUDAGUR 27. DESEMBER**
- Man. City – Blackburn

**LAUGARDAGUR 29. DESEMBER**
- West Ham – Man. Utd.
- Everton – Arsenal
- Chelsea – Newcastle
- Tottenham – Reading
- Sunderland – Bolton
- Portsmouth – Middlesbrough

**SUNNUDAGUR 30. DESEMBER**
- Derby – Blackburn
- Man. City - Liverpool

**ÞRIÐJUDAGUR 1. JANÚAR**
- Fulham – Chelsea
- Arsenal – West Ham
- Man. Utd. – Birmingham
- Middlesbrough – Everton
- Reading – Portsmouth
- Aston Villa – Tottenham

**MIÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR**
- Newcastle – Man. City
- Blackburn – Sunderland
- Bolton – Derby
- Liverpool – Wigan

## 4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS

Guðni Bergsson og Heimir Karlsson standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR
AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS
6.790 KR. Á MÁNUÐI
Í DESEMBER OG JANÚAR.
2 sýn sýn2 Fjölvarp
MasterCard

sýn2 enski boltinn



**TEKINN** Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, var í gær færður til yfirheyrslu vegna meintrar spillingar hjá Portsmouth árið 2003. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Redknapp í spillingunni?

**FÓTBOLTI** Talsmaður enska úrvalsdeildarfélagsins Portsmouth staðfesti í gærkvöldi að knattspyrnustjórinn Harry Redknapp og stjórnarmaðurinn Peter Storrie hefðu verið færðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar lögreglu um spillingu innan enska fótboltans.

Snemma í gær var talað um handtökur á 4-5 mönnum í tengslum við fjármálamisferli og spillingu. Seinna kom svo í ljós að Redknapp og Storrie voru tveir þeirra og samkvæmt heimasíðu Evening Standard munu Milan Mandaric, stjórnarformaður Leicester og áður stjórnarformaður hjá Portsmouth, og Amdy Faye, leikmaður Rangers og fyrrum leikmaður Portsmouth, og umboðsmaðurinn Willie McKay einnig hafa verið handteknir og færðir til yfirheyrslu vegna málsins.

Út frá þessum heimildum má ætla að meint spilling hafi tengst félagsskiptum Amdy Faye til Portsmouth frá Auxerre á 1,5 milljónir punda í ágúst 2003. - óþ

Ísland burstaði Ísrael 34-17 í öðrum leik liðsins í undankeppni EM í gærdag:

# Landsliðið fékk uppreisn æru

**HANDBOLTI** Kvennalandslið Íslands í handbolta sigraði Ísrael örugglega, 34-17, í öðrum leik sínum í undankeppni Evrópumótsins í gær, en keppnin fer fram í Litháen þessa dagana.

Yfirburðir Íslands voru talsverðir í leiknum og fjórtán marka munur var á liðunum í hálfleik, 21-7 og íslenska liðið jók svo muninn jafnt og þétt í seinni hálfleik og sautján marka munur varð niðurstaðan. Júlíus Jónasson, þjálfari liðsins, var því hæst ánægður með hvernig stelpurnar hans komu til baka eftir slæmt tap í fyrsta leik undankeppninnar gegn Litháen í fyrradag.

„Þetta var góð upphefð eftir útreiðina gegn Litháen og stelpurnar komu sterkar til baka. Við fórum vel yfir málin fyrir leikinn gegn Ísrael og ætluðum að fá meira upp úr hraðaupphlaupum í leiknum og það gekk eftir. Við skoruðum örugglega á bilinu 12-15 mörk úr hraðaupphlaupum og vörnin var fín og markvarslan fylgdi með í kjölfarið. Vissulega vorum við að spila gegn lakara liði en í fyrradag, en ég er samt virkilega sáttur með hvað stelpurnar héldu dampi í leiknum og hættu aldrei að spila sinn leik," sagði Júlíus í viðtali við Fréttablaðið í leikslok.

Hildigunnur Einarsdóttir var atkvæðamest fyrir Ísland í leiknum og skoraði 9 mörk, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir kom næst með sex mörk en hún gat ekki leikið fyrsta leikinn gegn Litháen sökum veikinda, Þórey Rósa Stefánsdóttir skoraði fimm mörk og þær Guðbjörg Guðmannsdóttir og Dagný Skúladóttir skoruðu þrjú mörk hvor. Berglind Íris Hansdóttir og Íris Björk Símonardóttir skiptu hálfleikjunum á milli sín og vörðu báðar 13 skot, samtals 26 skot, en Berglind varði þar af eitt víti. Íslenska liðið hvílir í dag en mætir Grikklandi á morgun.

„Ég náði að rúlla öllum mannskapnum í leiknum gegn Ísrael og allar stelpurnar komust frá leiknum án meiðsla og án mikils álags sem er kostur fyrir okkur upp á framhaldið að gera. Leikurinn gegn Grikklandi verður eflaust mjög erfiður en ég tel okkur eiga ágæta möguleika og við ætlum að byggja á þessum sigri gegn Ísrael og reyna að gera okkar allra besta það sem eftir er af undankeppninni," sagði Júlíus. - óþ



**ENDURKOMA** Íslenska kvennalandsliðið kom sterkt til baka eftir tapið gegn Litháen í fyrsta leik undankeppni Evrópumótsins og pakkaði saman liði Ísraels, 34-17. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir átti fínan leik og skoraði sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SPENNTUR** Alex McLeish getur ekki beðið eftir því að fá að stýra Birmingham-liðinu í ensku úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## McLeish og Jewell ráðnir

**FÓTBOLTI** Alex McLeish var í gær ráðinn sem nýr knattspyrnustjóri Birmingham og Paul Jewell var á sama tíma tilkynntur sem nýr stjóri hjá Derby í ensku úrvalsdeildinni.

McLeish, sem á dögunum sagði af sér sem þjálfari skoska landsliðsins eftir stutta en farsæla viðdvöl, skrifaði undir þriggja og hálfs árs samning. McLeish kvað möguleikann á því að stýra liði í ensku úrvalsdeildinni hafa verið of freistandi til að hafna.

„Mér líkaði mjög vel að þjálfa skoska landsliðið, en það er skemmtilegra að fá tækifæri til þess að vinna með leikmönnum dag eftir dag í liðsþjálfun. Ég verð að játa það að það hefur alltaf heillað mig að stýra liði í ensku úrvalsdeildinni," sagði McLeish.

Jewell tekur við Derby eftir frí frá þjálfun síðan hann hætti hjá Wigan eftir síðasta tímabil.

„Ég er sannfærður um að ég nái að bjarga Derby, það verður erfitt samt," sagði Jewell. - óþ




Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
ÞRIÐJUDAGUR
…alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
2.790000 kr.
Fiton/SÍA

# Landsliðsþjálfari en ekki fóstra

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að sögusagnir um meint agaleysi í íslenska landsliðinu valdi honum ekki hugarangri. Hann segist treysta leikmönnum liðsins og þeirra skynsemi en tekur þó fram að hart verði tekið á þeim sem verða uppvísir að agabrotum innan landsliðshópsins.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson stýrði sínum fyrsta landsleik í síðustu viku er Ísland tapaði fyrir Dönum 3-0 á Parken. Ólafur hefur verið spar á allar yfirlýsingar hingað til og lítið viljað tjá sig um málefni landsliðsins. Fréttablaðið settist niður með Ólafi á Hiltonhótelinu í gær og rak úr honum garnirnar með ætlanir sínar, hið meinta agaleysi landsliðsins, Eið Smára og margt fleira.

„Ég var mjög sáttur með þessa fyrstu ferð mína. Ég var ánægður með leikmennina sem mér fannst gefa mikið af sér. Læknalið landsliðsins er frábært og það kom mér þægilega á óvart slíkir fagmenn þeir eru. Það var flest jákvætt en við sem erum í þjálfarateyminu ætlum að búa til okkar umgjörð í kringum liðið þannig að það verða einhverjar breytingar hvað það snertir. Ég hef ákveðnar hugmyndir og væntingar um hvað ég vil gera og það byrja allir með hreint borð hjá mér," sagði Ólafur um sína fyrstu reynslu með landsliðinu en á hvað leggur hann mesta áherslu?



**ÞAÐ LÚTA ALLIR SÖMU REGLUM** Ólafur Jóhannesson segir að hvorki Eiður Smári né nokkur annar leikmaður landsliðsins muni fá sérmeðferð hjá sér. Það sé ein regla fyrir alla. Ólafur segir að ekkert sé hæft í þeim orðrómi að Eiður Smári ætli að hætta með landsliðinu. Hann hafi ekki nefnt neitt slíkt við sig. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

### Munum alltaf spila 4-5-1 hjá mér

„Að sjálfsögðu varnarleikinn enda hefur hann ekki verið nógu góður. Við munum spila 4-5-1 alltaf undir minni stjórn en þó með einhverjum áherslubreytingum hverju sinni. Við munum oftar en ekki vera með tvo djúpa miðjumenn sem verjast. Það hefur í gegnum tíðina verið vandamál hjá landsliðinu hvað við eigum að gera þegar við erum með boltann. Við ætlum að reyna að finna lausn á því og hún felst líklega í því að stilla upp mönnum sem eru flinkir og geta haldið boltanum. Fjórir fremstu menn eru okkar sóknarmenn en þeir hafa að sjálfsögðu varnarhlutverk líka. Grétar verður til að mynda bara bakvörður hjá mér eins og AZ Alkmaar."

Næsta verkefni landsliðsins er á Möltu í febrúar þar sem Ísland tekur þátt í fjögurra þjóða móti. Á hvað mun Ólafur leggja áherslu þar?

„Það liggur ljóst fyrir að við getum ekki farið með alla atvinnumennina okkar þangað. Einn af dögunum er alþjóðlegur leikjadagur og þá fæ ég alla sem ég vil. Uppistaðan verður annars leikmenn frá Íslandi og ég mun reyna að fá leikmennina á Norðurlöndunum til að vera allan tímann en það verður erfitt enda hugsa félagsliðin fyrst og fremst um sjálft sig.

Ég mun svo líka kíkja á yngri strákana sem eru að spila í Evrópu og ég hef áhuga á að skoða," sagði Ólafur sem ætlar að vera mjög duglegur að fara út og skoða íslensku strákana sem spila víðs vegar um Evrópu.

### Hef ekki trú á að agaleysi verði vandamál

Það hefur mikið verið rætt um meint agaleysi í landsliðshópnum síðustu vikur. Hvernig hyggst Ólafur tækla það málefni?

„Allir íþróttamenn vilja hafa aga og það gengur ekki upp að vera með agalausan íþróttamann. Þessir strákar lúta allir aga hjá sínum félagsliðum og hið sama verður upp á teningnum með landsliðinu. Ég hef ekki trú á að eitthvað agaleysi verði vandamál.



**GOTT SAMSTARF** Ólafur er ánægður með samstarfið við Pétur Pétursson. Þeir félagar sjást hér kátir á Parken á dögunum. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

Ég mun ekki rígbinda menn í einhverju og ég treysti á almenna skynsemi leikmanna. Ég ætla ekki að vera einhver fóstra fyrir leikmennina. Ég verð að treysta leikmönnunum og þeir verða að treysta mér. Annars næst ekki árangur. Mönnum verður líka að líða vel og leikmenn eiga að hlakka til að koma í landsliðsverkefni," sagði Ólafur en þó svo hann muni treysta leikmönnum þá muni hann ekki taka neinum vettlingatökum þá leikmenn sem brjóta agareglur.

„Í fyrsta lagi þá vona ég að ekki muni koma til þess að einhver brjóti reglurnar alvarlega og ég trúi ekki að það muni gerast. Ef einhver vitleysa er í gangi þá verður að sjálfsögðu tekið fast á slíkum málum og ég tel ekki miklar líkur á því að ég myndi velja viðkomandi leikmann aftur í hópinn," sagði Ólafur.

Gagnrýni vegna landsliðsvals hverju sinni fer ekki í taugarnar á Ólafi. Ólafur gerði litlar breytingar á landsliðshópnum fyrir Danaleikinn en hann segir að breytingarnar verði meiri í næstu verkefnum.

„Ég geri ráð fyrir því. Ég vildi litlu breyta fyrir Danaleikinn en það verða klárlega meiri breytingar næst."

### Vil spila á öllum alþjóðlegum leikdögum

KSÍ hefur fengið harða gagnrýni fyrir hve illa sambandið hefur hlúð að landsliðinu enda hafi til að mynda vináttulandsleikir verið mjög fáir. Horfir nú til betri vegar í þeim málum og Ólafur segir að stefnan sé að spila eins mikið og hægt er.

„Það er okkar markmið að fá leik á öllum alþjóðlegum landsleikjadögum. Möltumótið er frábært framlag og ég vil að við tökum þátt í slíku á hverju ári ef við mögulega getum. Ég mun fara fram á það. Því fleiri leikir því betra," sagði Ólafur en mun hann verða frekur við Geir Þorsteinsson, formann KSÍ, fái hann sínu ekki framgengt?

„Ég hef alltaf sagt að ég sé fínn í umgengni svo framarlega sem menn fara eftir mér. Annars get ég orðið hundfúll. Ég hef alltaf verið óhræddur við að segja mína skoðun og það breytist ekkert sama hvort mönnum líkar það betur eða verr. Við Geir ætlum samt að vinna þetta saman og erum sammála um þá leið sem nú á að fara. Mér líst bara vel á þetta."

### Eiður Smári er ekki að hætta

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði spilaði ekki gegn Dönum en Ólafur segir að ekkert sé hæft í orðrómi um að hann ætli að hætta með landsliðinu.

„Eiður Smári er besti fótboltamaður Íslands og ég vil að hann spili fyrir liðið. Ég talaði oft og mikið við Eið um daginn þar sem við ræddum ítarlega um landsliðið.

Hann gat því miður ekki komið til Danmerkur en ég var fullkomlega sáttur við ástæðurnar sem hann gaf fyrir fjarverunni. Það er engin fýla í gangi og hann hefur ekki sagt við mig að hann ætli sér að hætta með landsliðinu," sagði Ólafur en hann segir að Eiður muni ekki fá neina sérmeðferð hjá sér.

„Eiður er settur undir nákvæmlega sama hatt og aðrir leikmenn landsliðsins. Hjá mér lúta allir sömu reglum og það er ein regla fyrir alla," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari.

henry@frettabladid.is



**KÁTUR** Sir Alex Ferguson var ánægður með úrslitin á móti Sporting. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Hvílir menn í lokaleiknum

**FÓTBOLTI** Manchester United tryggði sér efsta sætið í sínum riðli með 2-1 sigri á Sporting og leikmenn liðsins geta því farið afslappaðir í lokaleikinn á móti Roma á Ítalíu.

Það kemur sér vel fyrir stjórann Sir Alex Ferguson því liðið mætir Liverpool á Anfield í ensku deildinni aðeins nokkrum dögum síðar. Ferguson gaf það til kynna að hann myndi hvíla lykilmenn í leiknum á móti Roma.

„Þetta var mjög mikilvægur sigur því nú get ég notað allt mitt lið í síðasta leiknum. Það gæti jafnvel farið svo að einn til tveir leikmenn kæmu ekki með því okkar bíður mikilvægur leikur á móti Liverpool," sagði Ferguson. - óój



**VILJANDI SPJALD?** Zlatan var bara sáttur með að vera kominn í leikbann. NORDICPHOTOS/AFP

Zlatan Ibrahimovic:

## Reyndi hann að fá spjaldið?

**FÓTBOLTI** Zlatan Ibrahimovic skoraði frábært mark í 3-0 sigri Inter á Fenerbahce en þetta var fimmta mark hans í keppninni.

„Það var mjög mikilvægt að vinna leikinn og tryggja okkur sæti í 16 liða úrslitunum. Ég er mjög ánægður með markið sem og frammistöðu liðsins," sagði Zlatan. Mörgum þótt sem hann nældi sér viljandi í gult spjald korteri fyrir leikslok. Hann fékk það fyrir að tefja leikinn en hætti þá tvisvar sinnum við að taka aukaspyrnu.

„Ég er ekkert leiður yfir gula spjaldinu eða leikbanninu. Það að ég skuli missa af lokaleiknum skiptir engu máli," sagði Zlatan í viðtali á heimasíðu Inter-liðsins eftir leikinn. - óój

**N1 DEILD KARLA**

Fimmtudagur 29. nóv.

Digranes kl. 20:00
**HK - ÍBV**

KA heimilið kl. 20:00
**Akureyri - Valur**

Mýrin kl. 20:00
**Stjarnan - Haukar**

Varmá kl 20:00
**Afturelding - Fram**

# JÓLATÓNLISTIN ER Í SKÍFUNNI









**Björgvin Halldórsson og gestir**
- Jólagestir 4

**Björgvin Halldórsson og gestir**
- Jólagestir 1-3










**Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar**
- Ég skemmti mér um jólin

**Laddi**
- Jóla hvað?

**Josh Groban**
- Noel

## EINNIG FÁANLEGAR












**Boney M**
- Christmas with Boney M

**100 íslensk jólalög**

**Páll Óskar og Monika**
- Ljósin heima

**Ellen**
- Sálmar







**Elly og Vilhjálmur**
- Syngja jólalög

**Þrjú á palli**
- Hátíð fer að höndum ein

*Jólin byrja í Skífunni*

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## > Jeremy Irons

Jeremy er fæddur á litlili eyju rétt sunnan við England og heimsótti meginlandið aðeins einu sinni á ári. Hann eyddi öllum stundum á hestbaki og lengi vel stefndi hann að því að verða dýraskurðlæknir. Jeremy fór í leiklistarskóla en flutti til London þegar hann var 23 ára. Fljótlega bauðst honum hlutverk Jóhannesar skírara í söngleiknum Godspell sem varð mjög vinsæll og tryggði honum ýmis verkefni á West End þrátt fyrir ungan aldur. Jeremy hefur verið farsæll leikari allar götur síðan en hægt er að sjá hann í myndinni Casanova á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON LÆTUR FJÖLSKYLDUNA EKKI SITJA Á HAKANUM

# *Hvað kemur á eftir veðurfréttunum?*

Fyrir tæpum tveimur áratugum byrjaði RÚV að sýna þætti sem vinur minn hafði heyrt að væru fyndnir. Hann tók upp fyrsta þáttinn, og svo næsta, og svo næsta. Innan tíðar var hann kominn með glæsilegan stafla af VHS-spólum, enda missti hann nær aldrei af þætti. Það varð síðan helgisiður hjá okkur félögunum að horfa á þessa þætti og gat það tekið bestan part úr degi því þeir voru hlaðnir óteljandi mörgum skemmtilegum smáatriðum sem þurfti gjarnan að spóla aftur til að skoða betur.

Í upphafi var Bart, og orðið var hjá Bart, og orðið var Bart. Simpson. Bart Simpson. Gulur strákur í fjórða bekk með fjóra putta á hvorri hendi, haldinn óseðjandi skemmdarfýsn sem hann sagði sjálfur að hefði alltaf inntak félagslegrar gagnrýni. Snemma færðist hins vegar fókusinn yfir á fjölskylduföðurinn Hómer, sem snerti hjörtu heimsbyggðarinnar með heimsku sinni, leti og takmarkalausu ofáti. Svo rammt kvað að vinsældum Hómers að íslenska þjóðin heiðraði hann með samnefndri sjoppu á Hverfisgötu sem fór leiftursnöggt á hausinn. Glæstir tímar.



Í þáttunum um Simpson-fjölskylduna er fjöldi lúmskra tilvísana sem fæstir skilja sem ekki eru komnir á miðjan aldur eða eru vel grúskaðir í sögu Bandaríkjanna. Persónugalleríið er afar víðtækt og mikil fræðiverk hafa verið rituð um vægi þáttanna sem ádeilu á flatneskju og bresti hinnar bandarísku þjóðarsálar. Samt smellvirka þeir sem teiknimyndir fyrir börn. Tæplega tveggja ára gömul dóttir mín er nú þegar orðin háð þáttunum, sem eru henni svo mikilvægir að þegar hún sér að veðurfréttirnar á Stöð 2 eru að verða búnar klappar hún saman lófunum í æsingi og kallar: „SIPPOOOOSS!“ Ég sé fram á að endurnýja gömlu kynnin við Hómer, Marge, Bart, Lísu og Möggu með því að kaupa fullkomið safn þáttanna á DVD. Best væri auðvitað að fá spólusafnið góða lánað, en gamla VHS-tækið mitt er því miður löngu komið á haugana.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.30** Trúður Sjónvarpið



▶ **21.10** Til Death Stöð 2



▶ **20.00** Casanova Stöð 2 bíó



▶ **22.00** Grey's Anatomy Sirkus



▶ **21.00** House SkjárEinn

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bella, Boris og Berta** (1:3)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (5:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
**20.45 Bræður og systur** (17:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**21.30 Trúður** (5:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (19:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (68:70) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. e.
**00.05 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Hair**
**08.05 Breakin' All the Rules**
**10.00 Kinky Boots**
**12.00 Casanova**
**14.00 Hair**
**16.05 Breakin' All the Rules**
**18.00 Kinky Boots**
▶**20.00 Casanova** Casanova er kvennagull sem nælir sér í fallegustu stúlkuna í borginni. Aðalhlutverk: Jeremy Irons, Heath Ledger, Sienna Miller.
**22.00 Mr. and Mrs. Smith**
**00.00 Monsieur N**
**02.05 Human Timebomb**
**04.00 Mr. and Mrs. Smith**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Magic Schoolbus, Kalli kanína og félagar
**08.15 Beauty and the Geek** (8.9)
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 The Bold and the Beautiful**
**09.40 Wings of Love** (74.120)
**10.25 Commander In Chief** (1.18)
**11.15 Veggfóður** (2.20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (111.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (112.114)
**14.40 Pirate Master** (6.14)
**15.25 Osbournes 3** (7.10)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (22.22) (Marge And Homer Turn A Couple Play)
**19.50 Friends 4** (8.24)
**20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel** (6.10) Í Modena heimsótti Jói Giacabazzi balsamik verksmiðjuna. Þar sá hann hvernig besta og dýrasta balsamic í heiminum er búið til og geymt. 2007.
**20.45 Two and a Half Men** (15.24)
▶**21.10 Til Death** (15.22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher.
**21.35 Numbers** (7.24) 2006.
**22.20 Silent Witness** (4.10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinna sakamála. Bönnuð börnum.
**23.15 Tekinn 2** (11.14)
**23.45 Næturvaktin** (11.13) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. 2007.
**00.15 Damages** (8.13) Bönnuð börnum.
**01.00 Around the Fire**
**02.45 Cold Case** (13.23)
**03.30 Silent Witness** (4.10)
**04.25 Numbers** (7.24)
**05.10 The Simpsons** (22.22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin**
**07.40 Meistaradeildin**
**08.20 Meistaradeildin**
**09.00 Meistaradeildin**
**17.20 Meistaradeild Evrópu - endursýning** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**19.00 Meistaradeildin**
**19.40 UEFA Cup** (Tottenham - Aalborg) Bein útsending frá leik Tottenham og Álaborgar í riðlakeppni UEFA Cup.
**21.45 Mayweather vs. Hatton 24/7** Hitað upp fyrir stærsta bardaga ársins þar sem Floyd Mayweather og Ricky Hatton mætast.
**22.15 NFL - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**22.45 Heimsmótaröðin í póker**
**23.35 UEFA Cup** (Tottenham - Aalborg) Útsending frá leik Tottenham og Álaborgar sem fór fram fimmtudagskvöldið 29. nóvember.
**01.15 NFL-deildin**

## SÝN 2

**07.00 Blackburn - Aston Villa**
**14.00 Blackburn - Aston Villa**
**15.40 West Ham - Tottenham**
**17.20 Arsenal - Wigan**
**19.00 English Premier League 2007/08**
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun. Frábærir leikmenn í liðunum á borð við Gianfranco Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.
**21.00 PL Classic Matches** Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.
**21.30 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
**22.30 4 4 2**
**23.55 Coca Cola**
**00.25 Fulham - Blackburn**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**14.25 Vörutorg**
**15.25 Skrekkur** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Dýravinir** (e)
**19.30 Game tíví** (9.12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Rules of Engagement** (5.7) Bráðfyndin gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum. Russell rekst á eldri konu sem hann svaf hjá þegar hann var 18 ára og ætlar að sanna að hann sé orðinn betri í bólinu.
**20.30 30 Rock** (11.21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Liz og Jenna reyna að blása lífi í ástarlífið með tveimur ólíkum gaurum sem vinna hjá MSNBC. Jack og Kenny skipta um hlutverk í einn dag.
▶**21.00 House** (13.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.00 C.S.I. Miami** (5.24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**23.00 Krókaleiðir í Kína** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Daníel kemst að því að munkalífið er ekkert grín, vondur matur, strangar æfingar og snarbrjálaður Kung Fu munkur gerir honum lífið leitt.
**23.50 America's Next Top Model** (e)
**00.50 Backpackers** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.15**

### Ítalíuævintýri Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn heldur för sinni áfram um Ítalíu. Að þessu sinni heimsækir Jói Fel Giacabazzi-balsamedikverksmiðjuna en þar er besta og dýrasta balsamedikið búið til og geymt. Í Modena eru framleidd um 80 prósent af öllu balsamediki í heiminum og er farið með það eins og gull. Jói Fel heimsækir einnig einn flottasta veitingastaðinn í Modena, Antica Moka. Anna María ræður ríkjum á staðnum en hún sýnir Jóa hvernig á að elda nokkra frábæra rétti með balsamediki. Kjúklingasalat með rauðvíns- og balsamedikssósu, fyllt tortellini með parmesan í skál með balsamedikgljáa og appelsínuönd með perum og balsamediki.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**C.S.I: Miami**

**Skjár einn kl. 22.00**

Íslendingurinn Egill „Eagle" Egilsson leikstýrir þættinum í kvöld en þetta er fyrsti þátturinn af þremur sem hann mun leikstýra í vetur. Egill er jafnan yfir kvikmyndatökuliði þáttanna. Í kvöld er borgarráðsmaður myrtur og í ljós kemur að hann átti marga fjandmenn. Hann réði úrslitum í umdeildri aðgerð borgaryfirvalda gegn íbúum hverfisins þar sem hann var myrtur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Milli skinns og hörunds - þríleikur
**23.10** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (68.260)
**16.30 Hollyoaks** (69.260)
**17.25 Talk Show With Spike Feresten** (13.22)
**17.50 Arrested Development 3**
**18.15 Tru Calling** (4.6)
**19.00 Hollyoaks** (68.260)
**19.30 Hollyoaks** (69.260)
**20.25 Talk Show With Spike Feresten** (13.22) (e)

**20.50 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna.

**21.15 Tru Calling** (4.6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga.

▶**22.00 Grey´s Anatomy** (5.22) Komið er að fjórðu seríu Grey´s Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun. Bönnuð börnum.

**22.45 The Closer NÝTT** (2.15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilegu vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum í hlutverki yfirlögreglukonunnar Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Bönnuð börnum.

**23.30 Windfall** (11.13) (e)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveri ÍNN.

**20.30 Óhreinu börnin hennar Evu** Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki". Fólkinu, sem við viljum helst ekkert vita af.

**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen fær til sín gesti sem hafa reynt sitt lítið af hverju og sumir hreinlega breytt um líf.

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens detektiver **12.50** Hvad er det værd **13.20** Lær - på livet løs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Liga **15.00** Boogie Update **15.30** Verdens bedste hund **15.35** Frikvarter **16.00** Tintin **16.30** Solens børn i Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** VQ - Videnskabsquiz **19.30** Tvunget af tanker **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** En særlig sag **22.30** Liga **23.15** Boogie Update

## NRK 1

**11.15** Spekter: Terrorisme **12.15** Creature Comforts: Hvordan har vi det? **12.25** V-cup skiskyting: 20 km menn **14.15** Fabrikken **14.40** Gatefotball **15.05** Absalons hemmelighet **15.35** Ninjaskolen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Pipalina **17.05** Uhu **17.35** Magga og Lille-Bobs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Riksarkivet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Hjemme hos Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Columbo **0.00** Moderne avhengighet **0.30** Kulturnytt **0.40** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport jukeboks

## SVT 1

**11.05** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **11.35** Mamma sticker inte **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Cirkuskiosken **17.25** Pingu **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Solens mat **19.30** Vrakletarna **20.00** Örnen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag granskning **23.20** Toppform **23.50** Out of Practice **0.15** Sändningar från SVT24





+ OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.




+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.




+ VECTAVIR FRUNSUKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.




+ VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo**® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.**

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér skyrdrykk og kaffibolla á morgnana.“*

Guðjón Sigmarsson (Gaui litli).

# Borgarstjóri í fimm tíma óperuveislu

„Mér líst bara vel á þetta. Þetta var persónulegt boð frá Letiziu Moratti, borgarstjóra í Mílanó,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sem verður viðstaddur árlega opnun Scala-óperunnar í Mílanó hinn 7. desember næstkomandi. Dagur heldur í byrjun næsta mánaðar til Ítalíu. Þar verður hann viðstaddur ráðstefnu á vegum Youth in Europe, sameiginlegs forvarnaverkefnis evrópskra borga. Dagur hefur lagt sitt af mörkum fyrir Youth in Europe en markmið verkefnisins er að berjast gegn misnotkun ungmenna á vímuefnum og áfengi.

Nýtt leikár Scala-óperunnar hefst jafnan hinn 7. desember og er opnunin mikill viðburður. Þangað er boðið ítölsku mektarfólki og ráðamönnum víðs vegar að úr Evrópu. Í fyrra var Angela Merkel, kanslari Þýskalands, á meðal kunnra gesta sem og fatahönnuðurinn Donatella Versace.

Dagur B. Eggertsson segir að hann geti seint talist mikill óperuunnandi en hann hlakkar þó til. „Ég viðurkenni það fúslega að ég hef ekki farið oft í óperuna. Þetta verður þó áreiðanlega mjög skemmtileg upplifun enda er Scala óperuhús á heimsmælikvarða.“

Heimsókn Dags í Scala-óperuna verður þó enginn skottúr. Frumsýningarverkið er Tristan og Ísold eftir sjálfan Wagner. Hermt er að frumsýningardagskráin standi í næstum fimm klukkustundir. „Já, þetta er Wagner. Þetta er nú ekki beint af léttustu gerð,“ segir Dagur. **- hdm**



**DAGUR Í SCALA** Borgarstjóri verður viðstaddur árlega opnun Scala-óperunnar. Arna Dögg Einarsdóttir, kona hans, verður með í för. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** strit **6.** sjúkdómur **8.** segi upp **9.** nagdýr **11.** komast **12.** stó **14.** faðma **16.** tímaeining **17.** einkar **18.** tal **20.** tveir eins **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** formóðir **3.** rykkorn **4.** fræðslu **5.** hallandi **7.** súrsað grænmeti **10.** taug **13.** nudda **15.** bor **16.** tunna **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** baks, **6.** ms, **8.** rek, **9.** mús, **11.** ná, **12.** arinn, **14.** knúsa, **16.** ár, **17.** all, **18.** mál, **20.** uu, **21.** asmi.
**LÓÐRÉTT: 1.** amma, **3.** ar, **4.** kennslu, **5.** ská, **7.** súrkrás, **10.** sin, **13.** núa, **15.** alur, **16.** áma, **19.** lm.






JÓN ÓLAFSSON: GAGNRÝNIR MARKAÐSSETNINGU ÍSLANDS

# Jón Ólafsson ætlar að verða stærri en Icelandair

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson stefnir á að gera íslenska vatnið Icelandic Glacial að stærsta vörumerki Íslendinga. Í ítarlegu viðtali við Financial Times segir hann að stefnan sé að slá út Icelandair. Íslenska vatnið eigi að sigra heiminn.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hyggst Jón byggja verksmiðju í Ölfusi sem á að geta framleitt þrjátíu þúsund flöskur á klukkustund og hefur þegar gert dreifingarsamning við stærsta dreifingarfyrirtæki Bandaríkjanna, Anheuser-Busch.

Jón hefur fulla trú á vörunni sinni þótt hann viðurkenni að þetta hafi reynst vera meiri vinna en hann bjóst við og þá ekki síst við að koma vatninu á framfæri í Bandaríkjunum. „Þetta var virkilega erfitt, mun erfiðara heldur en ég hélt,“ segir Jón við Financial Times. En athafnamaðurinn dó ekki ráðalaus og hafði samband við stærsta dreifingaraðila drykkjavara í Bandaríkjunum sem reyndist vera Anheuser-Busch en fyrirtækið hafði ekkert vatn á sinni könnu. Og þar með fór boltinn að rúlla. „Fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur reynt þetta en þau hafa öll gert sömu mistökin, með því að vera með einhverja fjöldaframleiðslu. Við erum með lúxusvöru í höndunum og ætlum því að höfða til þess markaðar,“ segir Jón. Hann óttast jafnframt ekki keppinautana á þessu sviði og þótt hann geri ekki mikið af því að gagnrýna andstæðinga sína segist Jón ekki fá mikla ferskleikatilfinningu þegar hann heyrir til að mynda Fiji. „Slíkt minnir mann bara á pálmatré og hita.“

Blaðamaður Financial Times rifjar upp skrautlega fortíð Jóns hér á landi og þar kemur fram að hann hafi hætt í skóla aðeins sextán ára gamall til að snúa sér að tónlist. Hann hafi síðan hrist ræki-



**MÆTTUR AFTUR** Jón Ólafsson segir það hafa verið meiri vinnu en hann bjóst við að koma Icelandic Glacial á framfæri í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lega upp í ljósvakahefð landsins með stofnun Stöðvar 2 en hrökklaðist að eigin sögn úr landi sökum pólitískra ofsókna. En nú er hann sem sagt kominn aftur.

Og athafnamaðurinn hefur svo sannarlega munninn fyrir neðan nefið og gagnrýnir markaðssetningu Íslendinga á eigin landi. Þannig hafi Egils til að mynda reynt að nota nekt og kynþokka í ímyndarauglýsingu fyrir vatnið sitt en Jón segir það einfaldlega hafa verið mistök. „Það er ekkert kynferðislegt við vatn heldur snýst það eingöngu um heilsu,“ segir Jón. „Ísland hefur verið selt eins og það sé Bangkok með tilheyrandi tilvísunum í kynlíf en það er algjörlega röng aðferðafræði,“ segir Jón og rifjar upp víðfræga auglýsingu með þremur stúlkum sem voru klæddar í einni lopapeysu. Og bætir síðan við: „Stærsta vörumerkið á Íslandi er Icelandair. Við ætlum okkur að verða stærri en það,“ segir hann.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Margir af helstu tónleikahöldurum landsins fengu nýverið bréf frá umboðsmanni rokkhljómsveitarinnar **Rage Against the Machine** sem tryllti lýðinn í Kaplakrika á Listahátíð í Hafnarfirði á síðustu öld. Umboðsmaðurinn ku víst vera sá sami og er með Chris Cornell á sínum snærum og voru meðlimir sveitarinnar ansi áhugasamir um að endurtaka tónleika hér á landi. Hins vegar verður lítið af því tónleikahaldi því marxistarnir í Rage eru víst nokkuð dýrir og enginn tónleikahaldari treysti sér til að flytja þá inn.



**Pétur Þór Gunnarsson** opnaði loks sitt nýja gallerí sem ber nafnið Gallerí Borg. Töluverður fjöldi lagði leið sína í Skipholtið á laugardag til að heilsa upp á Pétur og meðal þeirra voru nokkrir gamlir viðskiptavinir og vandamenn Péturs. Fyrsta sýningin í galleríinu voru myndir eftir Pétur Þór sjálfan og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa yfir tuttugu verk verið seld á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan galleríið var opnað.



Sjónvarpsþátturinn **Mangó** fer í loftið í kvöld á Stöð 2 Sirkus. Stjórnendur þáttarins eru sigurvegararnir úr Leit Strákanna sem fram fór fyrr á þessu ári en þetta eru þau Hallur, Eiríkur og Sara. Samkvæmt lýsingu á þættinum verður hann með svipuðu sniði og Strákarnir.



Knattspyrnumaðurinn **Grétar Rafn Steinsson** og fegurðardrottningin **Manúela Ósk Harðardóttir** gengu í hjónaband í Hollandi í fyrradag. Brúðkaupið var lítið og látlaust enda fór það fram hjá borgardómara og aðeins allra nánustu ættingjar voru viðstaddir. Brúðhjónin voru þó klædd í sitt fínasta púss, Manúela í hvítum, hlýralausum kjól og Grétar í svörtum jakkafötum. Sonur Manúelu, Jóhann Grétar, var hringaberi. **- fgg/sók**





Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

**STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.**




# Gísla langar í fleiri húðflúr

„Það er nefnilega styttra í töffaraskapinn hjá manni en fólk heldur,“ segir Gísli Einarsson, annar umsjónarmanna Laugardagslaganna í Ríkissjónvarpinu. En í síðasta þætti ráku margir áhorfenda upp stór augu þegar Gísli beraði myndarlegt húðflúr á upphandleggnum.

„Húðflúrið er ekki glænýtt, ég fékk það í Kaupmannahöfn fyrir þremur eða fjórum árum. Lét þá gamlan draum rætast,“ segir Gísli. „Maður er bara alltaf svo vel klæddur að þetta sést ekkert.“ Gísli var einmitt staddur í Kaupmannahöfn um síðustu helgi. „Ég gekk framhjá húðflúrstofunni á Nýhöfn og dauðlangaði í annað en tími gafst því miður ekki til. Dríf bara í því næst þegar ég fer út!“ segir Gísli.

Húðflúrið sem Gísli skartar er mynd af sverði og skildi. „Ég las allar Íslendingasögurnar sem krakki og hef alltaf haft mikið dálæti á öllu sem tengist víkingum,“ segir Gísli. Næsta húðflúr segist hann helst vilja að verði mynd af þórshamri, og kallar þrumuguðinn Þór fyrsta alvöru töffarann. „Þá ætla ég líka að setja það á meira áberandi stað, til dæmis framhandlegginn. Svo ég þurfi ekki að vera nakinn til að það sjáist,“ segir Gísli hlæjandi. „Svo vildi ég alveg bæta enn fleiri húðflúrum við seinna. Þetta er töff, ef það er í hófi.“ **-eá**



**LEYNITÖFFARI** Sjónvarpsmaðurinn Gísli Einarsson skartar þessu forláta húðflúri á upphandleggnum. Hann stefnir að því að fá sér fleiri húðflúr í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## Jóladressið hefur aldrei kostað jafn lítið

**Jakkaföt**
- 8 mismunandi litir
- stærðir 42 til 64

**Skyrtur**

**Bindi**

**Belti**

**Skór**

**3 pör af sokkum**

# 14.990,-

**Nýjar vörur komnar í hús**
**- Nýtt kortatímabil frá 6. des**

**Smart að spara – Outlet10**

**Faxafeni 10**

Opið alla virka daga
og á laugardögum frá 11 til 18

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Best

Niðurstaðan liggur fyrir: Ísland er besta land í heimi. Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna lýsti þessu yfir í brakandi nýrri skýrslu á þriðjudaginn. Við höfum þar með tekið við góðæriskyndlinum af Norðmönnum, sem höfðu verið bestir í heimi í sex ár þar á undan. Mikið held ég að þessi niðurstaða hafi góð áhrif á jólaverslunina.

**ÉG** veit samt ekki hvaða snillingar vinna við þessa stofnun en þeir versla örugglega í öðrum matvörubúðum en við og borga húsnæðislánin sín á hagstæðari kjörum. Spurning hvort þeir þurfi líka að vinna sextíu tíma á viku til að ná endum saman? Svo efast ég stórlega um að veðurfarið hérna hafi verið tekið með í reikninginn.

**ÞAÐ** eru ægilega misvísandi upplýsingarnar sem maður fær úr fjölmiðlum. Einn daginn er maður í hamingjulandinu, allt í uppsveiflu og framtíðin björt. Daginn eftir er allt á leið til andskotans og hagkerfið rauðþrútið eins og pípandi ketill. Gott ef ekki allar bílasölur orðnar yfirfullar af svörtum Range Rover og þeir ríkustu farnir að íhuga að selja einkaþoturnar sínar. Einn daginn blasir það við af forsíðunum að hér sé offita lýðheilsulegt stórvandamál, en svo hókus pókus næsta dag: Við bara allt í einu búandi í besta landi í heimi og ekkert nema stormandi sæla fram undan.

**MAÐUR** er eins og í rússibana þar sem góðæris- og hamfarafréttum er skellt á mann með jöfnu millibili. Hverju á maður að trúa í þessari skæðadrífu misvísandi upplýsinga? Einkabankanum sínum? Verðmiðunum í búðunum? Leikskólakennurunum og karlinum í sjoppunni?

**Í** dýfunum á maður engan annan kost en að arka áfram, horfandi brostnum augum á eftirstöðvarnar á greiðsluseðlunum, sem hækka bara og hækka sama hvað maður rembist við að borga (ég verð reyndar bara 79 ára þegar síðasti greiðsluseðillinn kemur inn um lúguna), vinnandi mest í heimi til að til að geta borgað fyrir dýrasta mat í heimi með dýrasta yfirdrætti í heimi. Hér er allt mest og best, í báðar áttir.

**NÚ** veit ég hvað bjartsýnt og duglandi fólk hugsar. Það hugsar: Hættu nú þessu væli – þú býrð í besta landi í heimi! Og verður maður ekki að trúa því? Varla lýgur Samþjó.

**HVAÐ** ætli Bakþankinn í Fréttablaðinu í Síerra Leóne fjalli annars um í dag?

## GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 29. nóvember, 333. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.38 | 13.16 | 15.53 |
| Akureyri | 10.45 | 13.01 | 15.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


